# FRÉTTABLAÐIÐ

234. TÖLUBLAÐ 20. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 3. NÓVEMBER 2020


## Sögulegar kosningar í Bandaríkjunum



Póstatkvæði og kórónaveiran setja sterkan svip á kosningarnar í Bandaríkjunum í dag þar sem kosið er um næsta forseta, sem og Bandaríkjaþing. Óljóst er hvenær endanlegar niðurstöður koma til með að liggja fyrir en mögulega verður hægt að draga ályktanir út frá niðurstöðum í vissum ríkjum í nótt. Myndin er frá kosningafundi Donalds Trump í gær. Sjá síðu 8. MYND/AFP



Leikarinn Sean Connery.

## Ósnertanlegi Bondinn allur

**LÍFIÐ** Skoski leikarinn Sean Connery var 90 ára er hann lést á laugardag. Þótt Connery hafi lengi haft ímugust á James Bond mun túlkun hans á njósnara hennar hátignar líklega halda minningu hans lengst á lofti.

Connery reyndi að brjótast undan skugga Bonds með fjölbreyttu og stundum djörfu hlutverkavali og lengst komst hann líklega frá Bond með Óskarsverðlaunum fyrir aukahlutverk í The Untouchables 1988. – þþ / sjá síðu 26

# Lárusi vikið sem skiptastjóra

**Skiptastjóra þrotabúss er vikið úr starfi með dómsúrskurði fyrir brot á starfs- og trúnaðarskyldum. Seldi fasteign búsins með miklum afslætti. Greiddi eiginmanni sínum 2,5 prósenta sölulaun fyrir viðskiptin.**

**DÓMSMÁL** Lögmanninum Lárusi Sigurði Lárussyni hefur verið vikið úr starfi skiptastjóra þrotabús fasteignafélagsins Þórodds ehf., vegna brots á starfs- og trúnaðarskyldum sínum. Úrskurður þessa efnis var kveðinn upp í Héraðsdómi Reykjavíkur á föstudaginn.

Ástæða brottvikningarinnar er framferði Lárusar við sölu á Þóroddsstöðum í Reykjavík, verðmætustu skráðu eign búsins.

Í úrskurði héraðsdóms kemur fram að áður en til gjaldþrotaskipta kom hafi eignin verið til sölu hjá fasteignasölunni Mikluborg. Í fyrra hafi 200 milljóna króna tilboð í eignina verið samþykkt en salan ekki gengið eftir, því kaupandinn gat ekki fjármagnað kaupin. Eftir að félagið var tekið til gjaldþrotaskipta og Lárus skipaður skiptastjóri, hafi húsið hins vegar verið tekið úr sölu hjá Mikluborg en selt stuttu síðar með 70 milljóna króna afslætti til sama kaupanda, í gegnum fasteignasölu eiginmanns og samstarfsmanns Lárusar, Sævars Þórs Jónssonar.

Í úrskurði héraðsdóms segir að það hafi verið hagsmunir Lárusar sjálfs sem ráðið hafi framangreindri ákvörðun. Hún hafi tryggt að þóknun vegna sölu fasteignarinnar rynni til eiginmanns hans. Sölulaun eiginmannsins námu 2,5 prósentum af kaupverðinu, sem er töluvert hærra en gengur og gerist.

Fjallað er um fjölda annarra tilvika aðfinnsluverðrar háttsemi skiptastjórans í úrskurðinum, sem vikið er að í nánari umfjöllun um málið á frettabladid.is. Í niðurlagi úrskurðarins segir:

„Hefur varnaraðili brotið alvarlega gegn starfs- og trúnaðarskyldum sínum samkvæmt lögum og er ekki þykir réttmætt að gefa honum kost á að ráða bót á starfsháttum sínum.“

Skipaður hefur verið nýr skiptastjóri. Gera kröfuhafar ráð fyrir að boðað verði til fundar fljótlega.

Sigurgeir Valsson, lögmaður eins kröfuhafa, segir umbjóðanda sinn þegar hafa lýst skaðabótakröfu í búið vegna fjártjóns sem gerðir skiptastjórans hafi valdið honum og áskilji sér rétt til að höfða mál á hendur Lárusi persónulega. Aðrir kröfuhafar skoða einnig stöðu sína.

Lárus var í júlí skipaður formaður stjórnar Menntasjóðs námsmanna af Lilju Alfreðsdóttur menntamálaráðherra. – aá

FRÉTTABLAÐIÐ
Meira á frettabladid.is


Škoda Superb iV
Rafmagn & bensín
Verð frá 5.590.000 kr.
Dæmi um búnað: hiti í stýri, bakkmyndavél, nálgunarvarar, lyklalaust aðgengi, þráðlaus hleðsla, stillanleg fjöðrun.
Allt að 57 km drægni á rafmagni



hekla.is/skodasalur · Sími 590 5000 · Laugavegur 170 · HEKLA

**SÉRBLAÐ**

fylgir Fréttablaðinu í dag




# Símtalið áfall fyrir Mörkina

**COVID-19** Ragnhildur Hjartardóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar á hjúkrunarheimilinu Mörk, segir það mikið áfall að hafa fengið símtal þess efnis að heimilismaður á Mörk hefði smitast af kórónaveirunni.

Viðbragðsteymi sýkingavarna fyrir hjúkrunarheimili hafi verið virkjað þegar í stað og öll hæðin, þar sem sá smitaði bjó, hafi verið sett í sóttkví.

„Við höfum tvisvar þurft að grípa til svipaðra aðgerða þegar upp kom smit hjá starfsmanni og síðan aðstandanda fyrr á árinu. Við vorum því vel undirbúin til að takast á við þetta og vonandi verður hægt að komast í veg fyrir frekari smit,“ segir Ragnhildur.

> Maður finnur því vissulega fyrir því að fólk er orðið lúið en það kemur ekki til greina að gefast upp.



Ragnhildur Hjartardóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar á hjúkrunarheimilinu Mörk

Talin var þörf á því að sá smitaði yrði lagður inn á Landspítalann til eftirlits og var viðkomandi fluttur þangað í gærkvöldi. Strangar heimsóknartakmarkanir hafa verið í gildi frá 6. október og aðspurð segir Ragnhildur finna fyrir að heimilisfólk á Mörk sé orðið afar þreytt á ástandinu.

„Því er ekki að neita. Í fyrstu bylgjunni þá var um eins konar átak að ræða að sigrast á veirunni, sem við gerðum tímabundið. Núna eru liðnir átta mánuðir og ekki útséð með hvenær ástandið lagast. Maður finnur því vissulega fyrir því að fólk er orðið lúið en það kemur ekki til greina að gefast upp,“ segir Ragnhildur. – **bþ**

# Flugbíll við Tækniskólann



Eitthvað virtist hann máttlaus og hjálparvana fólksbíllinn sem hífður var upp á vörubílspall við Tækniskólann á Skólavörðuholti í Reykjavík í gær. Hann hefur sjálfsagt verið á leið í aðhlynningu á viðeigandi stað. Kannski er vetrarbyrjunin að fara illa í hann eins og oft gerist. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Skimun fyrir COVID-19.

# App sem greinir COVID-19

**COVID-19** Vísindamenn við MIT-háskólann í Bandaríkjunum hafa hannað sérstakt gervigreindarforrit sem getur greint einstaklinga með COVID-19 byggt á hvernig hósti þeirra hljómar.

Samkvæmt BBC greinir mannseyrað ekki hljóðið í hóstanum sem sker úr um hvort að um sýktan einstakling sé að ræða. Tilraunir leiddu í ljós rétta greiningu í 98,5 prósentum tilvika. Skipti engu þótt sjúklingar væru einkennalausir. „Sjúkdómurinn virðist hafa áhrif á hvernig við búum til hljóð,“ segir vísindamaðurinn Brian Subirana. – **bþ**

# Sýning á dýrgripum úr Lögregluminjasafninu

**Verið er að safna styrkjum til að Lögregluminjasafnið geti komið á fót sýningu á gömlum gripum lögreglunnar. Meðal annars byssum, hlerunarbúnaði, fíkniefnaprófunarbúnaði, byssum og kylfu sem jafnframt var táragasbyssa.**

**MENNING** Lögregluminjasafnið ætlar að koma á fót sýningu á næsta ári. Verður það í annað sinn sem almenningur fær að sjá gripi lögreglunnar frá fyrri tíð. Sýning var 2003 í tilefni af 200 ára afmæli íslensku lögreglunnar.

Árið 2016 stofnuðu núverandi og fyrrverandi lögreglumenn félag um starfsemina. Guðmundur Fylkisson, einn stjórnarmanna félagsins, vonast til að sýningin verði í Firðinum í Hafnarfirði. Verið sé að safna styrkjum. Til þess að af verði þurfi veirufaraldurinn að ganga niður.

Munirnir eru bæði frá embættunum og einkasöfnum og enn hafa ekki allir kassar verið opnaðir. Til er endurgerð af fyrsta lögreglubúningnum, frá 1803, en elsti munurinn er skjöldur frá árinu 1918 merktur Politi upp á danska vísu. Hann var í eigu lögreglumannsins Sigurðar Hólmsteins Jónssonar.

Meðal annara athyglisverðra hluta má nefna fjörutíu ára gamlan búnað til fíkniefnaprófunar frá Keflavíkurflugvelli, hlerunarbúnað, talstöðvar, handjárn og myndavél til að hengja undir flugvélar frá stríðsárunum. Einnig mikið af búningum, höttum, húfum, orðum og blístrum.

Margir af þessum gripum væru nú glataðir ef sjö lögreglumenn, þeir Karl Hjartarson, Friðrik G. Gunnarsson, Sævar Finnbogason, Sævar Þ. Jóhannesson, Guðmundur Guðjónsson, Þórður Jónsson og Svavar G. Jónsson, hefðu ekki varðveitt þá.

„Það leynist margt forvitnilegt, til dæmis lítil kylfa sem er jafnframt táragasbyssa. Hún er með einkaleyfi frá 1929 en enginn vissi neitt um hana,“ segir Guðmundur. „En síðan var ég á ferðinni á Siglufirði og þar leyndust tvær eins. Þessar kylfur voru þá notaðar til að fást við ólátaseggi á síldarárunum.“



Guðmundur Fylkisson með muni úr sögu lögreglunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> Þessar kylfur voru notaðar til að fást við ólátaseggi.

Guðmundur Fylkisson aðalvarðstjóri

Annað er borðfánastöng sem lögreglumenn fengu í gjöf fyrir að „gefa“ aukavinnu sína í tengslum við lýðveldishátíðina árið 1944. Lögreglumenn kunnu stjóra sínum Agnari Koefoed Hansen litlar þakkir fyrir þetta, enda kaupið lágt, vinnan ærin og hafði marga hlakkað til að fá aukapeninga í vasann.

„Við eigum tvær fánastangir, en sagan segir að margir hafi hent sínum af því þeir voru svo reiðir.“

Verið er að kanna möguleika á að sýna skotvopn, en þá eru gerðar meiri öryggiskröfur. Nefnir Guðmundur til dæmis númeraða Colt .38 skammbyssu, af þeirri gerð sem afhentar voru Hermanni Jónassyni, forsætisráðherra, og fleiri ráðamönnum í seinni heimsstyrjöld.

Áðurnefndur Sævar Þ. Jóhannesson hjá tæknideildinni, fékk Leirfinn til varðveislu, en hann var afhentur Þjóðminjasafninu án samráðs við Sævar. „Við erum þó fegin að hann sé til sýnis því þetta á ekki að vera ofan í kössum í geymslum,“ segir Guðmundur.

Félagið ræður yfir nokkrum bílum og vélhjólum sem hafa sum hver verið lánuð til safna víða um land. Þá á félagið ógrynni ljósmynda, myndbanda og filma sem verið er að færa á stafrænt form. Guðmundur hvetur fólk til að hafa samband ef lögreglutengdir munir leynast í kassa uppi á háalofti.

**kristinnhaukur@frettabladid.is**




★★★★★
STEINÞÓR GUÐBJARTSSON / MORGUNBLAÐIÐ
„Einn snjallasti glæpasagna-höfundur sinnar kynslóðar.“
THE LONDON SUNDAY TIMES
★★★★★
MORGUNBLAÐIÐ
„Einn snjallasti glæpasagna-höfundur sinnar kynslóðar.“
THE LONDON SUNDAY TIMES
Arnaldur
ÞAGNARMÚR
Indriðason
Margslungin og spennandi glæpasaga um ofbeldi og varnarleysi, stórar fórnir og afdrifaríkar misgjörðir.
Innbundin
Rafbók
Hljóðbók
LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA
Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla virka daga 10–18 | Laugardaga 11–16 | www.forlagid.is

# SÁÁ verður af tugmilljónum króna við að hætta í spilakössunum

**HEILBRIGÐISMÁL** Framkvæmdastjórn SÁÁ hefur ákveðið einróma að hætta þátttöku sinni í rekstri spilakassa og að slíta tengsl sín við Íslandsspil.

„Í ár er gert ráð fyrir um 40 milljónum króna og á næsta ári er gert ráð fyrir í kringum 34 milljónum sem við myndum fá út úr Íslandsspilum,“ sagði Einar Hermannsson, formaður SÁÁ, í viðtali í 21 á Hringbraut í gærkvöldi.

Að sögn Einars fara tekjurnar úr kössunum stöðugt minnkandi þar sem áhættuspil hefur færst í auknum mæli á internetið.

„Upphæðin skiptir kannski ekki öllu máli. Við teljum þetta bara prinsippmál, okkur er ekki stætt á því að taka við þessum peningum og margir hafa núna haft samband við okkur og lýst ánægju sinni með þetta skref,“ sagði Einar. Algjörlega óvíst sé hvernig bæta eigi tekjutapið.

SÁÁ rekur Íslandsspil ásamt Landsbjörgu og Rauða krossinum og eiga samtökin 9,5 prósenta eignarhlut.

Einar sagði í þættinum á Hringbraut að viðræður væru hafnar um að samtökin gengju út úr Íslandsspilum og þau mæti skilningi. Fjölmenn aðalstjórn SÁÁ eigi síðasta orðið, en þar séu skoðanir á sama veg og í framkvæmdastjórninni. **– lb**

**Okkur er ekki stætt á því að taka við þessum peningum.**

Einar Hermannsson, formaður SÁÁ





**Í ársbyrjun bjuggu alls 21.633 hér á landi í dreifbýli.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Yfir 130 þúsund búa í Reykjavík

**ÍSLAND** Íbúafjöldi á Íslandi var 364.134 þann 1. janúar og fjölgaði um tvö prósent samkvæmt tilkynningu Hagstofunnar. Árið 2019 fæddust 4.452 börn en 2.275 manns létust.

Alls fluttu um sjö þúsund manns frá landinu en tólf þúsund til landsins. Brottfluttir íslenskir ríkisborgarar umfram aðflutta, voru 175 árið 2019.

**43**

**voru skráðir um síðustu áramót í Árneshreppi, fámennasta sveitarfélagi landsins,**

Innflytjendur voru 55.354. Þann 1. janúar rufu Pólverjar 20 þúsund manna múrinn. Þeir telja nú 20.477, sem samsvarar 37 prósentum allra innflytjenda. Annarri kynslóð innflytjenda fjölgaði milli ára, voru 5.684 í ár, samanborið við 5.263 í fyrra.

Fjölmennasta sveitarfélagið var Reykjavík með 131.136 íbúa. Það fámennasta var Árneshreppur, þar sem bjuggu 43 íbúar. Árið 2019 fækkaði fólki í fjórtán sveitarfélögum en fjölgun átti sér stað á öllum landsvæðunum átta.

Fólki á höfuðborgarsvæðinu fjölgaði árið 2019, en 1. janúar 2020 bjuggu þar 4.803 fleiri en árið áður. **– bb**

# Börn eiga griðastað í skólum

**Kennari í Hagaskóla segir mikilvægt að halda skólum opnum með sem minnstum skerðingum og framkvæmdastjóri Barnaverndar Reykjavíkur tekur undir. Sálfræðingur segir röskun valda börnum óöryggi.**



**Grímuskylda er í skólum fyrir börn fædd 2010 og fyrr þar sem ekki er hægt að halda fjarlægð.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**COVID-19** Skólahald hefst að nýju í dag með breyttum áherslum vegna hertra takmarkana á samkomum vegna kórónaveirufaraldursins.

Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra staðfesti í gær breytingu á reglugerð um samkomutakmarkanir og þurfa börn í 1.-4. bekk, fædd 2011 eða síðar, ekki að bera grímu. Börn fædd fyrir árið 2011 þurfa að bera grímu sé ekki hægt að tryggja tveggja metra regluna, þetta á meðal annars við í skólum, almenningssamgöngum og í verslunum.

Síðustu daga hefur verið uppi umræða um óánægju kennara sem beinist að því að nemendur í 1.-4. bekk séu teknir út fyrir sviga þegar kemur að hertum reglum um samkomutakmarkanir. Ómar Örn Magnússon, kennari í Hagaskóla, telur afar mikilvægt að halda skólum opnum með sem minnstum skerðingum og segist hann telja að flestir sem starfi innan menntakerfisins séu tilbúnir að sinna störfum sínum með þeim takmörkunum sem í gildi séu.

„Hlutverk skólans er svo margþætt og snýr ekki bara að því að fræða nemendur. Það er mikilvægt að nemendur hafi rútínu,“ segir Ómar.

„Skólinn er samfélag fyrir nemendur og mikilvægur griðastaður fyrir marga. Það búa ekki allir við sömu heimilisaðstæður og ég held að það hafi aldrei verið mikilvægara en nú að líta á skólann sem jöfnunartækið sem hann er,“ bætir Ómar við.

Hákon Sigursteinsson, framkvæmdastjóri Barnaverndar Reykjavíkur, tekur undir orð Ómars og segir afstöðu Barnaverndar skýra. Afar mikilvægt sé að hafa bæði leik- og grunnskóla opna.

„Börn þarfnast rútínu og félagslegrar samveru með öðrum börnum. Sérstaklega á það við um börn sem búa við erfiðar félagslegar aðstæður og vanrækslu, svo sem ofbeldi eða neyslu foreldra. Þar er skólinn oft athvarf barnanna,“ segir Hákon.

Þá kveðst Hákon bera traust til sóttavarnalæknis og tillagna hans, en einnig til skólastjórnenda og kennara og hæfni þeirra til að skipuleggja umhverfi barnanna með tilliti til sóttvarna.

Segir Hákon greinilegt að þeir sem starfi í umhverfi barnanna séu vel vakandi á verðinum.

„Tilkynningar til Barnaverndar Reykjavíkur hafa aldrei verið fleiri en nú, fara líklega yfir 5.200 tilkynningar yfir árið og stefnir í um tíu prósenta aukningu frá fyrra ári,“ segir Hákon.

Álfheiður Guðmundsdóttir, formaður fagdeildar sálfræðinga við skóla, segir líkt og Hákon og Ómar að mikilvægt sé að halda uppi skólahaldi með sem minnstum skerðingum. Mikilvægt sé að raska lífi barnanna sem minnst.

Það er mikilvægt að börn hafi sem mestan stöðugleika, því það veitir þeim öryggi að vita hvað er að fara að gerast á morgun,“ segir Álfheiður.

Að sögn Álfheiðar spila heimilisaðstæður stóran þátt í lífi barna á tímum sem þessum og að ekki séu allir foreldrar jafn vel í stakk búnir til að hjálpa börnum sínum við heimanám og fjarkennslu.

Álfheiður segist hafa upplifað það að vanlíðan barna sem glími við einkenni kvíða eða hafi staðið á höllum fæti félagslega hafi í sumum tilfellum aukist en að flestum börnum vegni vel.

„Flest börn hafa sýnt mikla seiglu og góða aðlögunarfærni í þessum sérstöku aðstæðum,“ segir Álfheiður. **birnadrofn@frettabladid.is**

**Flest börn hafa sýnt mikla seiglu og góða aðlögunarfærni í þessum sérstöku aðstæðum.**

Álfheiður Guðmundsdóttir, formaður fagdeildar sálfræðinga við skóla






ISBAND
UMBOÐSAÐILI JEEP® OG RAM Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 590 2300 • WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16
Jeep®

# Við erum við símann til að leysa úr málum með þér

**Þó að útibúin okkar og Fyrirtækjamiðstöð séu lokuð tímabundið** getur þú alltaf haft samband við okkur á opnunartíma í síma eða á netinu. Einnig er hægt að panta tíma í ráðgjöf í síma og við hringjum í þig þegar þér hentar. Við hvetjum þig til að nota netbankann og appið þar sem hægt er að sinna allri helstu bankaþjónustu.

Þannig vinnum við saman að því að tryggja öryggi okkar allra.



## Úttekt á stöðu geðheilbrigðis

**COVID-19** Valgerður Sigurðardóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, vill að Reykjavíkurborg geri úttekt á stöðu geðheilbrigðismála hjá borg inni vegna kórónaveirunnar. Síðan verði unnin aðgerðaáætlun sem fylgt verði eftir.

Í greinargerð með tillögu frá Valgerði kemur fram að vísbendingar



Valgerður Sigurðardóttir, borgarfulltrúi

séu um að kórónaveirufaraldurinn bitni illa á viðkvæmum hópum. Bráðabirgðatölur frá Ríkislögreglustjóra vegna sjálfsvíga, bendi til þess að staða geðheilbrigðismála sé þung. **– bþ**



Vigdís Hauksdóttir borgarfulltrúi.

## Vilja skýrar sjóðsreglur

**REYKJAVÍK** Borgarfulltrúar minnihlutans vilja skýrari reglur um úthlutanir styrkja úr Miðborgarsjóði og jafnvel leggja fyrirkomulagið af.

Borgarráð úthlutaði á dögunum 20 milljónum króna úr Miðborgarsjóði til ýmissa verkefna. Alls bárust 106 umsóknir samtals, upp á 159 milljónir króna. Miðborgarsjóður hefur starfað frá árinu 2017.

Fulltrúar meirihlutans í borgarráði fögnuðu fjölda umsókna, sem séu til marks um mikla grósku í menningarlífi borgarinnar.

Fulltrúar minnihlutans voru ekki á sama máli. Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sögðu að leggja þyrfti áherslu á gagnsæi við útdeilinguna og tryggja að reglur um úthlutun væru skýrar. Undir þetta tók Vigdís Hauksdóttir, borgarfulltrúi Miðflokksins, sem sagði að leggja þyrfti kerfið sem fyrst af. **– bb**

## Tugir gáma útbyrðis í miklu aftakaveðri á leið frá Straumsvík

**NÁTTÚRUVÁ** Flutningaskipið Francisca missti 33 gáma útbyrðis á laugardag í miklu aftakaveðri við Skotland á leið sinni frá Straumsvíkurhöfn til Rotterdam. Skipið er í eigu hollenska skipafélagsins Longship B.V. í Groningen, en siglir fyrir ThorShip á Íslandi og álverið Rio Tinto.

Samkvæmt Bjarna Hjaltasyni, sem starfar í sölu og ráðgjöf hjá ThorShip, urðu blessunarlega engin slys á fólki. „Það skiptir mestu máli,“



**Francisca flytur ál frá Íslandi til Rotterdam.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

segir hann. Áhöfnin er erlend og er henni stýrt af hollenska félaginu.

Einnig að gámarnir sem fóru í sjóinn hafi verið tómir og álið sjálft sé geymt niðri í lestinni. Efstu gámarnir í skipunum eru tómir vegna þess að innflutningur er meiri til landsins en útflutningur.

„Það á eftir að koma í ljós. Við erum að vinna í þessu núna og skoða hvert tjónið er. Það er alltaf eitthvað tjón í þessu,“ segir Bjarni. Allur gangur sé á því hvort farmur sé tryggður í sjóferðum milli landa.

Í gær var skipið enn á ferð við norðausturströnd Skotlands, sigldi fram og til baka til að reyna að forðast storminn, sem eru leifar fellibylsins Zetu. Dráttarskip hefur siglt nálægt Franciscu til varúðar.

„Þetta er eitthvað sem getur gerst í siglingum,“ segir hann. „Blessunarlega höfum við verið laus við þetta hingað til. Það hefur augljóslega verið mjög slæmt veður þarna.“ **– khg**

# Tekjufall hjá höfnum vegna fjarveru skemmtiferðaskipa

**Hafnir Íslands fara ekki varhluta af COVID-faraldrinum. Samkvæmt skýrslu Siglingaöryggisstofnunar Evrópu hafa tekjur vegna skemmtiferðaskipa minnkað um 40 prósent. Um 150 skip höfðu boðað komu sína til Ísafjarðar í sumar en aðeins nokkrir tugir komu. Tíminn hefur verið nýttur til framkvæmda.**

**SKIPAUMFERÐ** Samkvæmt skýrslu Siglingaöryggisstofnunar Evrópu, European Maritime Safety Agency, hefur skipaumferð skemmtiferðaskipa og farþegaflutninga minnkað um íslenskar hafnir um 40 prósent frá því að COVID-faraldurinn kom upp.

Faraldurinn hefur haft mest áhrif á hafnir í Króatíu, þar sem hrunið telur um 70 prósent, á Íslandi, Slóveníu og Spáni.

Valur Rafn Halldórsson hjá Hafnasambandi Íslands segir að COVID hafi vissulega haft áhrif á hafnastarfsemi enda hafi fá skemmtiferðaskip lagst hér að höfn.

„Stóra höggið kom í sumar enda margar hafnir sem treysta á komu þeirra. Innflutningur hefur að mínu viti ekki minnkað þó hann hafi tafist. Sjávarútvegurinn hefur haldið sínu striki,“ segir Valur.

Að sögn Vals kemur innan tíðar skýrsla um fjárhagsstöðu íslenskra hafna sem byggir á ársreikningum 2019 með sérkafla um áhrif COVID.

Um 150 skemmtiferðaskip höfðu bókað sig til Ísafjarðar en aðeins nokkrir tugir skipa lögðust að bryggju. Tíminn sé nýttur til framkvæmda og þó tíðin sé slæm er ekki búið að segja neinum upp.

„Það koma um 50 prósent af okkar tekjum í gegnum skemmtiferðaskipin,“ segir Guðmundur M. Kristjánsson, hafnarstjóri á Ísafirði. Hann er ekki sérlega bjartsýnn á að skemmtiferðaskip leggist aftur að bryggju fyrr en bóluefni gegn veirunni verði komið.

„Við erum að þjónusta íslenskan sjávarútveg og flutningar og landanir eru í ágætu horfi. Við tökum þá



**Skemmtiferðaskip leggst að Ísafjarðarhöfn forðum daga. Stór skip hafa þurft að bíða með akkerin niðri en miklar framkvæmdir eru fyrirhugaðar þannig að öll skip geta lagst að bryggju innan tíðar.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

### COVID-áhrif á ýmsar hafnir í Evrópu

- Króatía -69 prósent
- Ísland -39 prósent
- Spánn -30 prósent
- Slóvenía -29 prósent

ákvörðun strax í upphafi að halda í allan mannskapinn og höfum ekki sagt neinum upp,“ segir Guðmundur. Stórframkvæmdir séu fram undan á Ísafirði.

**Við tökum þá ákvörðun strax í upphafi að halda í allan mannskapinn og höfum ekki sagt neinum upp.**

Guðmundur M. Kristjánsson, hafnarstjóri á Ísafirði



„Við erum að nýta tímann og byggja upp. Við erum að fara að lengja skemmtiferðaskipakantinn þannig að þá getum við tekið á móti öllum skipum. Stærstu skipin hafa þurft að liggja úti á akkeri hjá okkur,“ segir Guðmundur.

Framkvæmdin á að auka fjölbreytni og þjónustu við nýtingu hafnarinnar sem og auka tekjur hennar, segir í frummatsskýrslu Verkís. Lengja eigi kantinn um allt að 300 metra og auka dýpi við bakkann í allt að 11 metra.

**benediktboas@frettabladid.is**





KRÓNAN
VIÐ EIGUM AFMÆLI!
Við erum 20 ára og bjóðum upp á gómsæt afmælistilboð í öllum verslunum
2. – 15. nóvember 2020
-25%
Krónu samlokubrauð hálft
145 kr. pk.
Verð áður ~~195~~ kr. pk.
-50%
Fljótshóla gulrætur
279 kr. pk.
Verð áður ~~569~~ kr. pk.
-25%
Krónu appelsínusafi ferskur
149 kr. stk.
Verð áður ~~199~~ kr. stk.
-40%
Krónu ís, 2 lítrar
249 kr. pk.
Verð áður ~~419~~ kr. pk.
-45%
Lambi wc pappír
669 kr. pk.
Verð áður ~~1219~~ kr. pk.
-35%
Heill grillaður kjúklingur
999 kr. stk.
Verð áður ~~1599~~ kr. stk.
-30%
Krónu súpa, 1 lítri, kjúklinga/kjöt
1099 kr. stk.
Verð áður ~~1589~~ kr. stk.
Afgreiðslutímar á www.kronan.is
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Tilboðin gilda í öllum verslun Krónunnar dagana 2 - 15. nóv. 2020 eða á meðan birgðir endast.



**Edward Snowden.** MYND/GETTY

## Snowden vill verða Rússi

**RÚSSLAND** Bandaríski uppljóstrarinn Edward Snowden og eiginkona hans, Lindsay Mills, hyggjast sækja um ríkisborgararétt í Rússlandi, samhliða bandarískum ríkisborgararétti sínum.

Þetta kemur fram í færslu Snowdens á Twitter. Hann hefur verið búsettur í Rússlandi síðan árið 2013, þegar hann flúði Bandaríkin eftir að hann lak leynilegum gögnum í fjölmiðla sem sýndu fram á umfangsmikið eftirlit leyniþjónustu Bandaríkjanna, NSA, innanlands og utan. Síðan þá hefur hann verið eftirlýstur af bandarískum yfirvöldum.

Hjónin tilkynntu á dögunum að þau ættu von á sínu fyrsta barni. Segja þau að á tímum heimsfaraldurs og lokaðra landamæra þá ætli þau ekki að hætta á að vera aðskilin frá væntanlegum erfingja. **– bþ**



**Alexander Lúkasjenkó.** MYND/GETTY

## Lögregla beitti hörku í Minsk

**HVÍTA-RÚSSLAND** Yfir 200 manns voru handtekin af lögreglu eftir hörð mótmæli í Minsk, höfuðborg Hvíta-Rússlands, á sunnudag. Tugþúsundir Hvít-Rússa mættu í kröfugöngu frá miðju höfuðborgarinnar til svæðis í útjaðri borgarinnar sem notað var undir aftökur á tímum Stalíns.

Kröfðust mótmælendur meðal annars þess að Alexander Lúkasjenkó, forseti landsins, hyrfi frá völdum. Samkvæmt frétt CNN skarst lögreglan í leikinn og kvað mótmælin niður af hörku. Viðvörunarskotum var hleypt af auk þess sem rotsprengjum var beitt.

Mótmælaalda hefur geisað í Hvíta-Rússlandi í rúmar tólf vikur, frá því að Lúkasjenkó var endurkjörinn forseti í afar umdeildum kosningum. **– bþ**

# Úrslitastundin runnin upp og valið er milli Trump og Biden

**Kjördagur í Bandaríkjunum er í dag þar sem kosið er um næsta forseta Bandaríkjanna, sem og Bandaríkjaþing. Óljóst er hvenær endanlegar niðurstöður koma til með að liggja fyrir en mögulega verður hægt að draga ályktanir út frá niðurstöðum í ákveðnum ríkjum í nótt. Fjöldi póstatkvæða flækir málin.**

**BANDARÍKIN** Bandaríkjamenn ganga til kosninga í dag og munu þar greiða atkvæði um næsta forseta Bandaríkjanna, annað hvort Joe Biden eða Donald Trump. Þá er einnig kosið um öll sætin innan fulltrúadeildar Bandaríkjaþings og 35 sæti innan öldungadeildarinnar.

Samkvæmt könnunum er Biden líklegri til að vinna auk þess sem Demókratar geta mögulega náð stjórn í þinginu. Það er þó ekki þar með sagt að öll von sé úti fyrir Trump. Nýjustu kannanir benda til að í forsetakosningunum sé tiltölulega mjótt á munum í þrettán ríkjum og tveimur héruðum, einu í Maine og einu í Nebraska, en flest ríkin sem barist er um í ár eru ríki sem Trump vann árið 2016.

Helstu ríkin sem vert er að fylgjast með í ár eru Georgía, Norður-Karólína, Ohio, Flórída, Pennsylvanía, Arizona, Texas og Iowa, þar sem lítill munur er á milli Bidens og Trumps í könnunum. Þá er einnig vert að fylgjast með fimm ríkjum þar sem Biden er að mælast örlítið sterkari, en þau ríki eru New Hampshire, Michigan, Wisconsin, Minnesota og Nevada.

Kjörstaðir í Bandaríkjunum verða flestir opnaðir á milli klukkan 06.00 og 08.00 að staðartíma og lokað á milli 18.00 og 21.00. Þar sem Bandaríkin eru á nokkrum mismunandi tímabeltum er munur á því hvenær kjörstaðir loka að íslenskum tíma, en fyrstu kjörstöðum verður lokað klukkan 23.00 á þriðjudagskvöld að íslenskum tíma og þeim síðustu klukkan 06.00 á miðvikudagsmorgun.

Hvenær fyrstu niðurstöður berast er önnur spurning en mismunandi er eftir ríkjum hvaða atkvæði eru talin fyrst. Eins og staðan er í dag hafa rúmlega 95 milljón manns greitt atkvæði utan kjörfundar, tæplega 70 prósent af heildarkjörsókn árið 2016, og er búist við metkjörsókn í ár.

Mörg ríki byrja á að telja póst- og utankjörstaðaratkvæði, en í þeim ríkjum má búast við að fyrstu niðurstöður verði Demókrötum í hag. Þar sem kjörfundaratkvæði eru talin fyrst má gera ráð fyrir niðurstöðum sem verða Repúblikönum í hag.

Í nokkrum ríkjum mega utankjörfundaratkvæði berast eftir sjálfan kjördag og verða því ekki talin fyrr en seinna í vikunni. Þá er mikilvægt að hafa í huga að það er mismunandi hvenær ríkin fá að hefja talningu á þeim atkvæðum, sum fengu að byrja fyrr en önnur mega ekki hefja talningu fyrr en á sjálfan kjördag. Í sumum ríkjum er búist við margra daga töf.

Það er því óljóst hvenær endanlegar niðurstöður munu liggja fyrir, en mögulega verður hægt að draga einhverjar ályktanir út frá fyrstu niðurstöðum barátturíkjanna, þá einna helst Flórída, þar sem flest atkvæði munu liggja fyrir fljótlega eftir lokun. Ef Biden vinnur þar er nánast öruggt að hann vinni kosningarnar en ef hann tapar Flórída er líklegt að það þurfi að bíða töluvert lengur eftir niðurstöðum.

**fanndis@frettabladid.is**





**Síðustu kjörstaðir loka klukkan sex á miðvikudagsmorgun að íslenskum tíma en flestir þó fyrr.** FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

### Lokunartímar kjörstaða að íslenskum tíma

- **00.00** Kjörstöðum lokað í sex ríkjum. Aðallega verið að fylgjast með Georgíu.
- **00.30** Kjörstöðum lokað í þremur ríkjum. Aðallega verið að fylgjast með Norður-Karólínu og Ohio.
- **01.00** Kjörstöðum lokað í sextán ríkjum og Washington, D.C. Aðallega verið að fylgjast með Flórída, Pennsylvaníu og Maine en einnig New Hampshire.
- **01.30** Kjörstöðum lokað í einu ríki.
- **02.00** Kjörstöðum lokað í fjórtán ríkjum. Aðallega verið að fylgjast með Arizona, Texas og Nebraska en einnig Michigan, Minnesota og Wisconsin.
- **03.00** Kjörstöðum lokað í fjórum ríkjum. Aðallega verið að fylgjast með Iowa en einnig Nevada
- **04.00-06.00** Kjörstaðir loka í sex ríkjum.

**»** Kannanir sýna að mjótt er á munum í þrettán ríkjum og tveimur héruðum en flest ríkin sem barist er um í ár eru ríki sem Trump vann árið 2016.

*Ítarlegri umfjöllun um kosningarnar verður birt á frettabladid.is klukkan 15 í dag.*


FRÉTTABLAÐIÐ
Meira á frettabladid.is







## Bretar nefna herflugvél eftir anda Reykjavíkur

**HERMÁL** Fjórða Boeing Poseidon MRA1 herflugvél breska hersins hefur verið nefnd Spirit of Reykjavík eða Andi Reykjavíkur, en hún lendir í fyrsta sinn á flugvelli flughersins við Lossiemouth í dag.

Er nafnið til að heiðra Reykjavík og fólkið þar vegna hlutverks þeirra við að tryggja sigur bandamanna í baráttunni um Atlantshafið í síðari heimsstyrjöldinni.

Segir í frétt flughersins að strax eftir að Bretar fóru að fljúga frá Reykjavíkurflugvelli hafi gæfan snúist þeim í hag. Þjóðverjar hafi misst forskot sitt á hafinu og vistir komist til Bretlands. Georg konungur hafi staðfest mikilvægi Íslands með því að bæta íslenskum fálka við merki CXX flugsveitarinnar.

James Hanson, yfirmaður í flugsveitinni, segir í frétt flughersins að samband hersins við Ísland sé sveitinni ofarlega í huga. „Kafbátaleit sem við notumst við í dag má rekja aftur til þeirra sem byrjuðu á því í ferðunum frá Reykjavík. Við hlökkum til að endurvekja samband okkar við samfélagið á Íslandi,“ segir hann. Gert er ráð fyrir að breski flugherinn verði með einn tæknilegasta flota heims – ólíkt því sem var á Íslandi þegar aðstæður voru mun frumstæðari. **– bb**



**Poseidon MRA1 flugvél eins og sú sem mun bera nafn Reykjavíkur.** FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Viltu betri svefn?

## Kynnum með stolti, DÍS

**Ný heilsurúm hönnuð og framleidd á Íslandi**



**Gæði | Þægindi | Aðlögun**

**Sérframleiðsla fyrir þínar þarfir.**
Margar stærðir frá 70X200CM og upp í 220X220CM (eða samkvæmt máli).

**20% afsláttur**
*í tilefni frumsýningar*

Við kynnum með stolti ný heilsurúm, **„DÍS“** sem saman standa af mjög fjölbreyttu úrvali heilsurúma sem auðvelt er að laga að þínum þörfum.

Öll hráefni sem notuð eru við framleiðsluna eru vottuð með **OEKO-TEX 100 umhverfisvottunninni.**

Rúmin eru svæðaskipt, lagast einstaklega vel að líkamanum og veita einstaka þyngdardreyfingu. Margir möguleikar eru í boði allt frá rúmum með hágæða tunnulaga pokagormakerfi, 100% Latexi, þrýstijöfnunar- eðakaldsvampi, gerð úr hágæða **Mayan Green 100%** náttúrulatexi

Íslensk framleiðsla í 71 ár.
Lystadún Snæland - Síðan 1949
Framleitt af Vogue fyrir heimilið.



**Svífðu inn í draumalandið með DÍS þinna drauma.**

**Nánari upplýsingar er að finna á vogue.is**

LYSTADÚN SNÆLAND

Vogue FYRIR HEIMILIÐ

VOGUE FYRIR HEIMILIÐ | SÍÐUMÚLI 30 - REYKJAVÍK | HOFSBÓT 4 - AKUREYRI | 533 3500 | VOGUE.IS

# Vanhæfnin



Jón Þórisson
jon@frettabladid.is

Fjölmiðlar eru stundum nefndir fjórða valdið og er þá vísað til þess að þeir veiti stofnunum samfélagsins mikilvægt aðhald. Hér á landi hefur mikilvægi fjölmiðla meðal annars verið undirstrikað með því að starfsemi þeirra er háð eftirliti opinbers stjórnvalds og um starfsemi þeirra gilda lög. Í fyrstu grein fjölmiðlalaga segir að markmið laganna sé að stuðla að tjáningarfrelsi, rétti til upplýsinga, fjölmiðlalæsi, fjölbreytni og fjölræði í fjölmiðlun.

Margt af því sem færst hefur til bóta í íslensku samfélagi hefur orðið einmitt vegna þess að fjölmiðlar hafa fjallað um málefnið, spurt gagnrýnna spurninga og bent á þörfina fyrir úrbætur.

Upp til hópa rækja fjölmiðlar hérlendis skyldur sínar vel og íslenskt fjölmiðlafólk tekur hlutverk sitt alvarlega og umgengst það af ábyrgð. Í íslensku samfélagi er almennt borin virðing fyrir hlutverki fjölmiðla og skynbragð borið á mikilvægi þess aðhalds sem þeir veita. Meðal annars hafa stjórnvöld margítrekað mikilvægi fjölmiðla og í því skyni stutt þá fjárhagslega til að mæta tekjufalli sem varð í fyrstu bylgju faraldursins.

Í liðinni viku flutti Fréttablaðið litla frétt af smiti sem upp kom innan veggja sendiráðs Bandaríkjanna hér á landi. Fréttin var byggð á heimildum sem metnar voru traustar, annars hefði hún ekki verið flutt.

Þá brá svo við að aðfaranótt föstudags birtust á samfélagsmiðlum sendiráðsins fáséðar árásir á Fréttablaðið og vegið var að trúverðugleika þess og það vænt um að nýta sér faraldurinn í pólitískum tilgangi – aðferð sem beitt hefur verið linnulítið í forsetatíð Donalds Trump vestra. Ekki varð ráðið af færslunni hvernig það átti að koma heim og saman. En sendiherrann lét ekki þar við sitja heldur greiddi sendiráðið samfélagsmiðlum sérstaklega til að auka útbreiðslu færslunnar. Hún bar ekki með sér að lögð hefði verið sérstök rækt við gerð hennar þótt hún væri á móðurmáli sendimannsins. Þá hefur sendiráðinu oft tekist betur upp við íslenskun á texta í færslum sínum.

En sendimaðurinn lét ekki þar við sitja. Eftir hádegi föstudags barst símtal á ritstjórn blaðsins frá fulltrúa sendiráðsins þar sem tilkynnt var að boð til Fréttablaðsins frá því í byrjun vikunnar, um að sitja hringborðsfund með flotaforingja bandaríska sjóhersins í Evrópu, var afturkallað.

Þannig var Fréttablaðið á grímulausan hátt beitt einhvers konar refsingu með því að útiloka það frá fundinum. Í nefndri færslu staðfesti þó höfundur hennar alla meginþætti fréttarinnar. En það kom fleira fram í færslunni. Því var lýst að gistiríki sendimannsins, Ísland, væri eins konar pestarbæli með einna hæstan smitstuðul ríkja í Evrópu og eini öruggi staðurinn á landinu í því tilliti væri sendiráð Bandaríkjanna hér.

Það fylgir því ábyrgð að gera menn út frá heimalandi sínu til að sitja í sendiráðum í löndum heims. Það fylgir því ábyrgð að vera sendimaður erlends ríkis í gistiríki.

Háttalag sendimanns Bandaríkjanna í liðinni viku bendir hvorki til að honum né stjórnvöldum í heimalandi hans sé þessi ábyrgð ljós. Vanhæfnin getur varla orðið meira áberandi.

> **Það fylgir því ábyrgð að gera menn út frá heimalandi sínu til að sitja í sendiráðum í löndum heims.**

## Halldór




LÆGSTA VERÐIÐ Í ÖLLUM LANDSHLUTUM OG ÓDÝRASTA ELDSNEYTI LANDSINS Á DALVEGI, REYKJAVÍKURVEGI OG Á MÝRARVEGI, AKUREYRI
SKILYRÐISLAUST
Orkan - Ódýrt fyrir alla
ORKAN

## Frá degi til dags

**Há-karl**

**Bandaríkjamenn varpa öndinni léttar því að í ljós hefur komið að í 245 ára gömlum hákarli sem veiddur var árið 2017 hér við land voru engin merki um öldrun í heila né taugakerfi skepnunnar. Eins og kunnugt er eru frambjóðendur Demókrata og Repúblikana til forseta nokkuð komnir til ára sinna. Virkjað hefur verið vísindateymi helstu sérfræðinga í Bandaríkjunum til að yfirfæra aðstæður hákarla á þann frambjóðendanna sem kjörinn verður forseti í nótt. Vesenið er að snar þáttur í þessum árangri hákarla er að þeir lifa við lægra hitastig en menn, eða fjórar gráður. Meðallofthiti í Bandaríkjunum er hins vegar nokkru hærri.**

**Er áfengi matur?**

**Það urðu fleiri hlessa en Víðir þegar upp kom að áfengi væri skilgreint sem matvæli. Þess vegna mættu fimmtíu vera inni í lítilli áfengisverslun í einu en bara tíu í mörgþúsund fermetra byggingarvöruverslun. Reyndar líta margir svo á að áfengi sé matur. Alkunna er að Dönum er hlýtt til ölsins. Fyrir nokkrum áratugum felldu bjórframleiðendur í Danmörku út nokkur bætiefni í áfengum framleiðsluvörum sínum. Frá því var horfið þegar í ljós kom að fjöldi Dana fékk skyrbjúg af C-vítamínskorti.**

# Húsnæði geðsviðs barn síns tíma



Helga Vala Helgadóttir
þingmaður Samfylkingarinnar

Það er mikið fagnaðarefni að fylgjast með kröftugri uppbyggingu nýs Landspítala við Hringbraut. Hönnun og útlit miðar að nútímakröfum í lækna- og heilbrigðisvísindum hvort tveggja varðandi aðbúnað sjúklinga sem og heilbrigðisstarfsfólks. Það skiptir miklu máli að þar fari saman gott aðgengi, aðbúnaður og ekki síður nærandi umhverfi fyrir þá sem þurfa að sækja þarna þjónustu, en Landspítalinn þjónustar alla landsmenn auk þess að vera héraðssjúkrahús og háskólasjúkrahús.

Það urðu mér því nokkur vonbrigði að sjá að eitt svið spítalans er skilið eftir í uppbyggingunni, þrátt fyrir úr sér genginn húsakost. Geðsvið Landspítala skal áfram staðsett í gömlu og óhentugu húsnæði við Hringbraut og Klepp. Þessi hús eru óhentug á margan hátt. Húsnæðið við Hringbraut gerir ekki ráð fyrir að þeir sem eru þar í vistun á lokuðum deildum komist út undir bert loft. Engin útisvæði eru fyrir þá sem þurfa, veikinda sinna vegna, að vera í stöðugri gæslu. Húsnæðið sjálft er svo ósköp lítið nærandi, gráir hrjúfir veggir mæta sjúklingum og fjölskyldum þeirra við komuna og aðbúnaður innan húss á köflum þannig að ekki er hægt að opna glugga eða búa til lágmarks þægindi. Kleppur er svo að hluta til 100 ára gömul bygging byggð á jafn gamalli hugmynd um aðstæður geðsjúkra. Nútímaþekking kallar á að við gerum betur.

Í Ábyrgu leiðinni, frá atvinnukreppu til grænnar uppbyggingar, sem inniheldur tillögur okkar í Samfylkingunni um uppbyggingarstarf í kjölfar veirufaraldurs eru tillögur að uppbyggingu mannúðlegra umhverfis fyrir geðheilbrigðisþjónustu Landspítala. Víða um Norðurlönd hafa verið tekin stór skref í átt að mannúðlegra og meira nærandi umhverfi sjúklinga sem glíma við geðrænar áskoranir. Þetta er sjúklingahópur sem þarf að geta notið útiveru í öruggu umhverfi, sótt hreyfingu og fundið næringu í því umhverfi sem dvalið er í til lengri eða skemmri tíma. Aðstaðan sem þessum hópi er boðið upp á er ófullnægjandi og við eigum ekki að skilja þau og starfsfólk geðsviðs eftir þegar kemur að nútímalegri uppbyggingu þjóðarsjúkrahússins.

> **Víða um Norðurlönd hafa verið tekin stór skref í átt að mannúðlegra og meira nærandi umhverfi sjúklinga sem glíma við geðrænar áskoranir.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR**: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Björn Víglundsson **RITSTJÓRI:** Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Glæsilegt Náttúruhús á Nesinu



Ester Rut Unnsteinsdóttir
formaður HÍN

**Hið íslenska náttúrufræðifélag hvetur ráðherra mennta- og menningarmála, ríkisstjórnina og Alþingi allt til dáða, enda um brýnt þjóðhagsmál að ræða sem jafnt núlifandi einstaklingar og komandi kynslóðir munu njóta góðs af. Af öllum gögnum málsins að að dæma mun þjóðin loks eignast glæsilegt höfuðsafn í náttúrufræðum.**

Stjórn Hins íslenska náttúrufræðifélags fagnar löngu tímabærum áformum um uppbyggingu Náttúruminjasafns Íslands á Seltjarnarnesi. Áformin voru kynnt í greinargerð starfshóps á vegum Lilju Alfreðsdóttur mennta- og menningarmálaráðherra og má finna í fjárlagafrumvarpi næsta árs, með 300 milljóna króna framlagi til undirbúningsvinnu á verkefninu.

Náttúruminjasafn Íslands er skilgetið afkvæmi Hins íslenska náttúrufræðifélags, eins elsta starfandi félags landsins. Í stofnlögum þess frá 1889 segir: „Aðaltilgangur félagsins er sá, að koma upp sem fullkomnustu náttúrugripasafni á Íslandi, sem sé eign landsins og geymt í Reykjavík.

Saga Náttúrugripasafnsins var rakin á sýningu Þjóðmenningarhússins, á aldarafmæli þess í mars 2009, en rétt er að hnykkja á henni á þessum tímamótum.

Hið íslenska náttúrufræðifélag átti og rak náttúrugripasafn í Reykjavík frá 1889-1947, lengst af með stuðningi ríkisins og sýningaraðstöðu í Safnahúsinu við Hverfisgötu, eða fram til 1960. Árið 1947 afhenti félagið ríkinu safnkost sinn til eignar ásamt myndarlegum byggingarsjóði fyrir nýju safnahúsi. Íslenska ríkið rak Náttúrugripasafnið upp frá þessu og sett voru lög um það árið 1951. Var þarna lagður grunnur að Náttúrufræðistofnun Íslands sem var formlega stofnuð með endurskoðun laganna árið 1965 og safnið sett undir hana. Sýningin var starfrækt í húsakynnum Náttúrufræðistofnunar við Hlemm frá 1967 til 2008 er sýningunni var lokað.

Lok sýningarinnar á Hlemmi hélst í hendur við flutning Náttúrufræðistofnunar til Garðabæjar og þeirrar ákvörðunar stjórnvalda að setja á stofn Náttúruminjasafn Íslands með sérlögum árið 2007. Þó þrettán ár séu liðin frá stofnun Náttúruminjasafnsins er það fyrst nú, með áformum um uppbyggingu Náttúruhúss á Seltjarnarnesi, að það sér fyrir endann á langvarandi húsnæðisvanda Náttúruminjasafnsins, sem hefur ekki enn eignast aðstöðu undir starfsemi sína.

Á 100 ára afmæli lýðveldisins, þann 1. desember 2018 urðu ákveðin tímamót þegar Náttúruminjasafnið opnaði sína fyrstu sýningu, „Vatnið í náttúru Íslands“, í 350 m2 leigurými á 2. hæð í Perlunni. Sýningunni hefur verið tekið afar vel og hún hlotið alþjóðleg hönnunarverðlaun. Var aðsókn umfram væntingar fyrsta sýningarárið þegar um 200 þúsund gestir heimsóttu sýninguna. Áhugi á þjónustu Náttúruminjasafnsins er augljóslega mikill og endurspeglar vel þann fróðleiksþorsta og hug sem Íslendingar og gestir landsins hafa til náttúru Íslands.

Lagt hefur verið til að Náttúruminjasafn Íslands taki við húsnæði sem upphaflega var reist undir Lækningaminjasafn við Safnatröð 5 á Seltjarnarnesi. Ráðgert er að ljúka við lagfæringar á húsnæðinu á næstu tveimur árum og gera það samtímis tilbúið undir starfsemi og sýningarhald Náttúruminjasafnsins. Staðsetning Náttúruhúss á Seltjarnarnesi er einkar hentug: í faðmi náttúrunnar, í mikilu nábýli við sjávarsíðuna og hið margbreytilega lífríki sem þar er að finna, auk þess sem útsýni frá safninu er stórbrotið bæði til suðurs og norðurs.

Samkvæmt greinargerð mennta- og menningarmálaráðuneytisins er áætlaður kostnaður við að ljúka byggingu húsnæðisins á Seltjarnarnesi undir starfsemi Náttúruminjasafnsins um 650 milljónir króna auk 100 milljóna króna sem þarf í viðbætur á kjallara hússins. Ef allt gengur eftir verður hægt að hefjast handa með því fjármagni sem áætlað er til verksins á næsta ári og vonir eru bundnar við áframhaldandi fjármögnun til næstu ára svo hægt sé að ljúka verkinu á tilsettum tíma. Komið hefur fram að þó húsnæðið sé afar hentugt þá er það ekki nægilega stórt fyrir hina umfangsmiklu starfsemi Náttúruminjasafnsins. Smekkleg og hógvær útfærsla á stækkun húsnæðisins, sem yrði að mestu leyti neðanjarðar og því lítt sýnileg, hefur þegar verið teiknuð upp og væri án efa hagkvæmt að ráðast þegar í hana samhliða undirbúningi fyrir flutning safnsins í hið nýja húsnæði.

Að þessu sögðu fögnum við þessum mikla áfanga og þökkum ríkisstjórninni en þá einkum Lilju Alfreðsdóttur menntamálaráðherra, og ekki síður Seltjarnarnesbæ og íbúum þar, fyrir að standa með þessum framförum. Verkefnin á sviði Náttúruminjasafnsins eru ærin. Safnið er eitt af höfuðsöfnum íslenska ríkisins og ber samkvæmt lögum að miðla fróðleik og þekkingu um náttúruna, nýtingu náttúruauðlinda og náttúruvernd til skóla og almennings með sýningahaldi og öðrum hætti. Umræðan um slakan árangur íslenskra barna í náttúrufræðum er hávær og á tímum loftslagsbreytinga hefur skilningur og þekking almennings á gangverki náttúrunnar aldrei verið brýnni. Náttúruminjasafnið telst til grunnstoða íslenska menntakerfisins og skal vera leiðandi í fræðslu um náttúru og umhverfismál. Í því skyni starfa safnakennarar á vegum safnsins sem sinna einkum skólahópum. Brýnt er fyrir safnið að komast sem fyrst í nýtt, viðunandi húsnæði þar sem hægt verður að bjóða upp á fjölbreyttara sýningahald en nú er og veita skólabörnum fjölþættari fræðslu í málefnum náttúrunnar.

Hið íslenska náttúrufræðifélag hvetur ráðherra mennta- og menningarmála, ríkisstjórnina og Alþingi allt til dáða, enda um brýnt þjóðhagsmál að ræða sem jafnt núlifandi einstaklingar og komandi kynslóðir munu njóta góðs af. Af öllum gögnum málsins að að dæma mun þjóðin loks eignast glæsilegt höfuðsafn í náttúrufræðum. Það væri í anda þess sem stórhuga náttúrufræðingar stefndu að fyrir rúmum 130 árum síðan. Látum þennan draum verða að veruleika í þetta sinn, við eigum það öll skilið.

# Hver á að borga?



Þuríður Harpa Sigurðardóttir
formaður ÖBÍ



Fyrir ekki svo löngu sté í ræðustól Alþingis í umræðum um fjármálaáætlun næstu fimm ára Oddný Harðardóttir, þingmaður Samfylkingar, og spurði Bjarna Benediktsson, formann Sjálfstæðisflokksins og fjármálaráðherra, út í hinn mikla mun sem nú er orðinn á örorkugreiðslum og lægstu launum.

Eins og margoft hefur komið fram, verður þessu munur orðinn 86 þúsund krónur um næstu áramót, þegar 3,6% hækkun örorkugreiðslna hefur komið til framkvæmda, sem og hækkun lægstu launa samkvæmt lífskjarasamningnum. Örorkugreiðslur ná því ekki nema um þremur fjórðu af lágmarkslaunum í þjóðfélaginu.

Svar Bjarna mátti skilja á þann hátt að það væri bagalegt að samið hefði verið um svo ríflegar hækkanir lægstu launa. En spurningin sem æpti á okkur væri náttúrulega hver ætti að borga þetta. Hver ætti að borga hækkanir almannatrygginga, svo þær hækkuðu í takt við hækkanir lægstu launa.

Svarið er kannski nær ráðherranum en hann hafði gert sér grein fyrir.

Í því fjárlagafrumvarpi sem nú liggur fyrir Alþingi er gert ráð fyrir að til málefna fatlaðs fólks, örorkugreiðslur þar meðtaldar, verði varið 79,5 milljörðum. Til málefna aldraðra 91 milljarði.

Til að hækka greiðslur almannatrygginga til móts við lægstu laun þyrftu þær að hækka um ríflega 30%. Þá verða þessir tveir liðir á fjárlögum samtals um 225 milljarðar króna, en eru um 170 í dag.

Og hver á að borga?, spyr fjármálaráðherra.

Þann 17. febrúar árið 2017, skipaði þáverandi fjármálaráðherra starfshóp, sem skilaði ráðherra skýrslu 20. júní sama ár.

**Til að setja þá tölu í samhengi er í fjárlagafrumvarpi ársins 2021 áætlaðir til samgöngumála 56 milljarðar. Og ráðherra spyr hver á að borga?**

Hlutverk starfshópsins var að meta umfang og áhrif skattundanskota og skattsvika á íslenskan þjóðarbúskap. Í niðurstöðum starfshópsins kemur fram að ekki liggi fyrir tölur um umfang skattsvika hér á landi, en undanfarna þrjá áratugi hafi þau verið metin þrjú til sjö prósent af landsframleiðslu árlega. Starfshópurinn segir í skýrslu sinni, að ef skattsvik eru metin sem fjögur prósent af landsframleiðslu, megi áætla að þau hafi numið 100 milljörðum árið 2016.

Sama prósentutala fyrir árið 2019 gefur okkur 118 milljarða. Þar að auki kemur fram í skýrslu starfshópsins, að ætla megi að íslenska ríkið verði af um sex milljörðum árlega vegna undanskota í tengslum við aflandsfélög. Árið 2019 urðum við því sem þjóð af eitt hundrað tuttugu og fjórum milljörðum vegna skattsvika. Í fjárlögum fyrir árið 2019 var heildar upphæð til almannatrygginga rétt um 150 milljarðar. Því sem skotið var undan skatti það árið hefði fjármagnað nær 80% af útgjöldum okkar til almannatrygginga. Starfshópurinn valdi að skoða neðri mörkin. Munum að í skýrslunni segir að talið sé að undanskot nemi þremur til sjö prósentum. Og hvað gerist ef við reiknum nú sjö prósent? Jú, þá greiða skattundanskot öll útgjöld til almannatrygginga samkvæmt frumvarpi til fjárlaga 2019, og rétt um 63 milljarðar eru eftir í eitthvað annað. Til að setja þá tölu í samhengi er í fjárlagafrumvarpi ársins 2021 áætlaðir til samgöngumála 56 milljarðar.

Og ráðherra spyr hver á að borga?

UMHVERFIS STOFNUN

# Áform um friðlýsingu

Umhverfisstofnun, ásamt samstarfshóp sem vinnur að undirbúningi friðlýsingar, kynnir hér með áform um stofnun þjóðgarðs á sunnanverðum Vestfjörðum, skv. 47. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

Svæðið nær meðal annars til Dynjanda, Geirþjófsfjarðar, Vatnsfjarðar og Hrafnseyrar.

Meginmarkmið friðlýsingarinnar er að vernda og varðveita einstakt svæði fyrir komandi kynslóðir. Með friðlýsingunni verður til heilstætt svæði sem hefur að geyma ómetanlegar náttúru- og menningarminjar og sögu.

Áform um friðlýsingar eru kynnt í samræmi við 2. mgr. 38. gr. náttúruverndarlaga en gert er ráð fyrir að svæði sem ekki er á framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár skuli kynnt sérstaklega.

Frestur til að skila athugasemdum við áformin er til og með 2. janúar 2021. Athugasemdum við áformin má skila á vef Umhverfisstofnunar, með tölvupósti á ust@ust.is eða með pósti til Umhverfisstofnunar, Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík.

Samhliða auglýsingu um áform um friðlýsingu er óskað eftir tillögum að nafni fyrir fyrirhugaðan þjóðgarð.

**Frekari upplýsingar um ýmis mál tengd friðlýsingunni, t.d. náttúru- og menningarminjar, samgöngu- og innviðamál, umsjón, stjórnun, samfélagsleg áhrif o.fl. má finna á vefsíðu hennar, umhverfisstofnun.is/tjodgardurvestfirdir**



# Íslenskt skiptir máli




*Þegar þú kaupir íslenskt stuðlar þú að fjölbreyttu vöruúrvali, styrkir íslenskt hugvit og skapar samfélaginu störf. Það skiptir máli.*

*islensktskiptirmali.is*

# Íslenskt skiptir máli




*Þegar þú kaupir íslenskt stuðlar þú að fjölbreyttu vöruúrvali, styrkir íslenskt hugvit og skapar samfélaginu störf. Það skiptir máli.*

*islensktskiptirmali.is*

# Pressan á Ole eykst með hverjum degi

**Norðmaðurinn Ole Gunnar Solskjaer stýrði Manchester United í 100. sinn um helgina og nálgast þrjú ár í starfi. Félaginu mistókst að vinna sjötta heimaleikinn í röð í deildinni um helgina. Tölfræðin er sambærileg og hjá Mourinho og van Gaal sem voru reknir.**

**ENSKI BOLTINN** Tapleikur Manchester United gegn Arsenal um síðustu helgi var sá hundraðasti undir stjórn Ole Gunnar Solskjær sem ráðinn var til að klára keppnistímabilið sem knattspyrnustjóri liðsins í kjölfar þess að José Mourinho var sagt upp störfum hjá félaginu í desember árið 2018. Ole Gunnar fór vel af stað í stjóratíð sinni og sannfærði eigendur félagsins um að gera langtímasamning við sig. Í næsta mánuði eru þrjú ár liðin síðan Solskjaer stýrði liðinu í fyrsta sinn og skiptast stuðningsmenn í fylkingar þegar kemur að stjóranum.

Tapið gegn Arsenal var það 24 í stjóratíð Solskjær en hann hefur haft betur í 55 leikjum og gert 21 jafntefli. Það gerir 55 prósent sigurhlutfall. Solskjær nældi sér í örlítið andrými með 5-0 sigri Manchester United gegn RB Leipzig í riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu í miðri síðustu viku. Solskjaer virðist kunna vel við sig í Meistaradeildinni en frækinn sigur United á PSG fór langt með að innsigla framtíðarsamning Solskjaer í ársbyrjun 2018.

Uppskeran í deildinni er hins vegar ansi rýr þar sem liðið hefur halað inn einungis sjö stigum í fyrstu sex leikjum sínum. Þannig er liðið strax komið níu stigum á eftir Liverpool sem trónir á toppi deildarinnar en á þó leik til góða. Ryan Giggs, fyrrverandi leikmaður og aðstoðarknattspyrnustjóri hjá Manchester United, lét hafa eftir sér í fjölmiðlum í síðustu viku að félagið gæti þurft að bíða í 20 ár eftir næstu blómatíð sinni og sparkspekingar fóru ófögrum orðum um leikmenn liðsins eftir ósigurinn gegn Skyttunum. Roy Keane, álitsgjafi Skysports, hlífði reyndar fyrrverandi liðsfélaga sínum og beindi spjótum sínum að leikmönnum sem hann taldi að þyrftu að axla ábyrgð og sýna það í verki að þeir vilji halda Solskjær áfram á hliðarlínunni. Fyrrum liðsfélagar Solskjaer hafa yfirleitt beint sjónarmiðum sínum að félaginu og eigendum þess en reynt að taka upp hanskann fyrir Norðmanninum.

Ekki er langt síðan Manchester United var kjöldregið af Tottenham Hotspur, 6-1, í deildinni þannig að þráðurinn er skiljanlega stuttur hjá stuðningsmönnum Manchester United og lítil innistæða fyrir óhagstæðum úrslitum. Félagið hefur aðeins tvisvar áður tapað fjórum leikjum eða meira á heimavelli á einu tímabili, nú hefur félagið tapað þremur af fjórum heimaleikjum sínum.



Solskjaer getur andað léttar yfir því að þurfa ekki að hlusta á baul stuðningsmanna. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

**55%**

**Manchester United er með 55% sigurhlutfall undir stjórn Ole Gunnar Solskjaer.**

**Manchester United hefur leikið sex heimaleiki í röð án sigurs í ensku úrvalsdeildinni. Uppskeran úr þessum leikjum er þrjú stig.**

Solskjaer hefur sjálfur lýst því yfir að áhorfendaleysið á Old Trafford sé að kosta lið sitt í jöfnum leikjum en líklegt er að það sé að minnka pressuna á þeim norska. Áhorfendur á knattspyrnuleikjum eru óhræddir við að baula þegar illa gengur sem setur meiri pressu á liðið en það heyrist ekki af sófanum til leikmannanna. Norðmaðurinn er í goðsagnartölu hjá stuðningsmönnum félagsins eftir ellefu farsæl ár sem leikmaður en frammistaða hans sem þjálfari félagsins gæti breytt álitinu á Solskjaer í stuðningsmannakjarna félagsins.

Þrátt fyrir að fátt bendi til þess að eigendur Manchester United ætli að skipta um mann í brúnni þá er vert að benda á að eftir 100 leiki við stjórnvölinn var Mourinho með 62 prósenta sigurhlutfall eftir 52 sigurleiki, 23 jafntefli og 15 töp. Þá hafði Mourinho bæði skilað bikarmeistaratitli í hús sem og sigri í Evrópudeildinni þegar hann fékk sparkið. Reyndar var starfsumhverfið töluvert verra á Old Trafford undir lok Portúgalans sem virtist hafa allt á hornum sér og var í stöðugum illdeilum við stjórn félagsins mánuðina áður en hann hvarf á braut.

Mourinho tók við starfinu af Louis Van Gaal vorið 2016 en Hollendingurinn var með 52 prósenta sigurhlutfall í fyrstu 100 leikjum sínum eða 52 sigra, 25 jafntefli og 23 töp. Van Gaal hafði nýverið fagnað bikarmeistaratitli með lærisveinum sínum þegar hann fékk uppsagnarbréfið.

Solskjær taldi sig hafa fundið jafnvægi í leik liðsins með tígulmiðjunni sem hann stillti upp í leiknum gegn RB Leipzig. Liðið hefur innan sinna raða sex miðvallarleikmenn en breiddin er minni í kantstöðunum. Solskjær hefur mögulega fundist þetta leikkerfi henta vel út frá þeim leikmönnum sem hann hefur innan sinna raða og þá bjóða upp á bestan möguleika til þess að rótera og halda leikmönnum ferskum. Svo virtist sem Jadon Sancho væri aðalskotmark Manchester United í sumar til þess að auka breiddina á vængnum ef spila ætti leikkerfið 4-3-3. Þau kaup gengu ekki eftir og frammistaða Daniel James, sem hefur ekki náð að fljúga með himinskautum hjá Manchester United, virðist verða til þess að hann telur heillavænlegast að spila með fjóra leikmenn inni á miðsvæðinu.

Bakverðir Manchester United, Luke Shaw og Aaron Wan-Bissaka eru hins vegar ekki þeir öflugustu fram á við og Scott McTominlay, sem alla jafna hefur leikið sem annar af tveimur sitjandi miðjumönnum, virtist ekki líða vel í því hlutverki að sækja sem eins konar hægri kantmaður þegar liðið sótti gegn Arsenal. Fred fann sig illa í þessu leikkerfi í leiknum gegn Arsenal og Paul Pogba og Bruno Fernandes náðu ekki að tengja saman.

Tígulmiðjan gerir það líka að verkum að Pogba þarf að verjast inn í vítateig Manchester United sem virðist ekki kunna góðri lukku að stýra en hann hefur verið brotlegur í þremur af síðustu fimm vítaspyrnum sem liðið hefur fengið á sig.

Þá viðurkenndi Pogba það í viðtali eftir leikinn um síðustu helgi að hann væri kannski ekki sá besti í að verjast og hann ætti það til að vera of hvatvís í tæklingum sínum. Hann yrði að vinna í því á næstunni. Kannski er best að hafa slíkan mann eins langt í burtu frá varnarleik í vítateignum sínum og mögulegt er. Þá eru regluleg ummæli hans um þrá hans að spila með Real Madrid og spilamennska hans ekki beint að setja hann efstan í vinsældalista stuðningsmanna United.

hjorvaro@frettabladid.is



Libero

# Bleyjur fyrir barnið þitt



## Libero fyrir framtíð barnanna

Allar Libero vörur eru Svansmerktar og við leggjum mikla áherslu á umhverfismál í öllu ferli bleyjunnar, allt frá vali á birgjum, efnum og framleiðsluaðferðum yfir í förgun og kolefnisfótsporið í heild. Sama hvaða Libero bleyju þú kaupir, þá getur þú verið viss um að valið verður gott út frá umhverfissjónarmiðum.

ÞESSI VARA ER SVANSMERKT fyrir umhverfið og heilsuna

ASTHMA ALLERGY NORDIC SELECTED WITH CARE

## Merkisatburðir

**1660** Kötlugos hefst og fylgja því miklir jarðskjálftar og jökulhlaup.

**1796** John Adams sigrar Thomas Jefferson í forsetakosningum í Bandaríkjunum.

**1868** Ulysses S. Grant er kjörinn forseti Bandaríkjanna.

**1906** Reglulegar kvikmyndasýningar hefjast í Reykjavík í Reykjavíkur Biograftheater (Fjalakettinum).

**1961** Skemmtistaðurinn Glaumbær er opnaður í Reykjavík.



✝

Elsku hjartans móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Anna H. Sigurjónsdóttir**

Sóleyjarima 21,

lést á Hrafnistu Laugarási fimmtudaginn 29. október 2020.

**Hrönn Scheving — Björn Björnsson**
**Kristín V. Samúelsdóttir — Kjartan Viðarsson**
**Bára Scheving — Kjartan Guðjónsson**
**barnabörn og langömmubörn.**



✝

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Jóhann Óskar Hólmgrímsson**

fv. bóndi í Vogi,
Hvassaleiti 56,

lést á Landspítalanum 31.10.2020.

**Sigríður Jóhannsdóttir — Jón Skúli Indriðason**
**Hólmgrímur Jóhannsson**
**Svanhvít Jóhannsdóttir**
**Ragnar Axel Jóhannsson — Olga Friðriksdóttir**
**Ingvaldur Jóhannsson — Ásdís Hallgrímsdóttir**
**tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Eiginkona mín, móðir okkar og tengdamóðir,

**Guðbjörg Tómasdóttir**

menntaskólakennari,

lést á Landspítala Landakoti föstudaginn 30. október.
Útförin auglýst síðar.

**Fyrir hönd**
**barnabarna, barnabarnabarna og annarra aðstandenda,**
**Guðbjartur Kristófersson**
**Tómas Guðbjartsson — Dagný Heiðdal**
**Hákon Guðbjartsson — Magnea Árnadóttir**
**Ingibjörg Guðbjartsdóttir — Brynjólfur Þór Gylfason**



✝

Elskuleg móðir, tengdamóðir, amma og systir,

**Ólöf Oddsdóttir**

lífeindafræðingur,
Kríuhólum 2,

lést 28. október síðastliðinn.
Útförin fer fram í Lindakirkju 6. nóvember kl. 15.00. Aðeins nánustu aðstandendur verða viðstaddir, en útförinni verður streymt (https://www.lindakirkja.is/utfarir/).
Aðstandendur þakka starfsfólki Landspítala, Landakots og Sléttuvegs umönnun og stuðning. Þeim sem vilja minnast Ólafar er bent á mæðrastyrksnefnd.

**Arnar Pálsson — Sólveig Sif Halldórsdóttir**
**Þorgeir Arnarsson — Lilja Oddsdóttir**
**Áshildur Arnarsdóttir — Kristján Oddsson**
**Teitur Arnarsson — Ólafur Oddsson**
**Ágústa Oddsdóttir**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Guðmundína Ingadóttir**

Día,

lést þriðjudaginn 27. október á líknardeild Landspítalans.
Útför hennar fer fram frá Árbæjarkirkju, föstudaginn 6. nóvember, klukkan 13.
Streymt verður frá athöfninni:
https://www.facebook.com/groups/407301463769796

**Ingimar Skúli Sævarsson**
**Sigurlaug Kristín Sævarsdóttir — Valgerður Þ. E. Guðjónsdóttir**
**Ólafur Reynir Ólafsson — Jóhanna Laufdal Friðriksdóttir**
**Aníta Sædís, Friðrik Ýmir, Embla Ósk og Skúli**

HjartaHeill
Minningarkort á **hjartaheill.is**
eða í síma 552 5744



✝

Ástkær eiginmaður minn, sonur, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Magnús H. Magnússon**

rafvirkjameistari frá Hólmavík,

varð bráðkvaddur á heimili sínu mánudaginn 19. október.
Útförin fer fram frá Lindakirkju fimmtudaginn 5. nóvember kl. 13.
Í ljósi aðstæðna verða aðeins fjölskylda og nánustu vinir viðstödd en streymt verður frá athöfninni á Facebook;
www.facebook.com/groups/magnus.h.magnusson

**Þorbjörg Magnúsdóttir**
**Sigrún Hulda Magnúsdóttir**
**Sigrún Harpa Magnúsdóttir — Jónas Þórðarson**
**Marín Magnúsdóttir — Andri Þór Guðmundsson**
**Sigurbjörg Magnúsdóttir — Mohammed Omar**
**Eyjólfur Magnússon — Auður Agla Óladóttir**
**og barnabörn.**



✝

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, stjúpfaðir og afi,

**Þorsteinn G. Sigurðsson**

Þorláksgeisla 1,

lést á Landspítalanum í Fossvogi 28. október. Útförin fer fram í Árbæjarkirkju föstudaginn 6. nóvember kl. 14.30. Í ljósi aðstæðna verða einungis nánustu aðstandendur viðstaddir.

**Sigurður Þórir Þorsteinsson — Hildur Hrönn Oddsdóttir**
**Halldór Örn Þorsteinsson — Lilja Björg Sigurjónsdóttir**
**Kristján Helgason**
**Erna Þórey, Eiður Þorsteinn, Alexandra Mist,**
**Helga Karen, Emma Sóley og Ísak Logi**

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi — SÍÐAN 1996
ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Kristín Ingólfsdóttir

Sverrir Einarsson

Margrét Ásta Guðjónsdóttir
Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.
ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



✝

Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Örlygur Hálfdanarson**

bókaútgefandi,

lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni föstudaginn 30. október.
Útförin verður auglýst síðar.

**Þóra Þorgeirsdóttir**
**Þorgeir Örlygsson — Iðunn Reykdal**
**Hálfdan Örlygsson — Guðbjörg Geirsdóttir**
**Arnþór Örlygsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,

**Ingveldur Hilmarsdóttir**

Gautavík 30, Reykjavík,

lést á Hrafnistu við Sléttuveg laugardaginn 24. október.
Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Erlendur Jónsson — Kristín Einarsdóttir**
**Einar Erlendsson**
**Atli Már Erlendsson — Yasmin Bastos**
**Hlynur Hrafn Erlendsson**
**Erla Björk Kjartansdóttir — Tim Schnell**
**Ottó Erling Kjartansson**
**Eyjólfur Guðsteinsson**
**Inga Birna Guðsteinsdóttir — Kolbeinn Kristinsson**
**langömmubörn.**


ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA
*Útfararþjónusta í yfir 70 ár*
Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | **utfor.is**
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN



✝

Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Hermann Albert Jónsson**

húsasmíðameistari,
Álfkonuhvarfi 39, Kópavogi,

lést á Landspítala, laugardaginn 24. október.
Útför hefur farið fram í kyrrþey.

**Svana Ólafsdóttir**
**Jón Emil Hermannsson — Kristín Breiðfjörð**
**Höskuldur Hermannsson — Vangie Hermannson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkæri faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**séra Árni Sigurðsson**

lést á Litlu - Grund þann 26. október síðastliðinn.
Útförin fer fram frá Bústaðakirkju, fimmtudaginn 5. nóvember kl. 13.00.
Í ljósi aðstæðna verða aðeins nánustu ættingjar og vinir viðstaddir. Útförinni verður streymt á www.sonik.is/arni

**Arnór Árnason — Ásta Rögnvaldsdóttir**
**Hildur Árnadóttir — Pétur Böðvarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á **timamot@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5055 .

# Fólk

Heimili

ÞRIÐJUDAGUR 3. NÓVEMBER 2020



Steffi Gregersen setti upp Facebook-viðburðinn „Settu jólaljósin upp snemma á þessu ári!“. Hún segir að hún vilji endilega hvetja sem flesta til að taka þátt í viðburðinum og lýsa upp þennan skrítna og erfiða tíma með fallegum ljósum og öðru skemmtilegu skrauti. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Lýsir upp skrítna tíma

**Steffi Gregersen vildi setja jólaljósin upp óvenjulega snemma í ár til að lýsa upp þennan skrítna og erfiða tíma. Hún setti upp Facebook-viðburð til að pressa á eiginmanninn og nú vilja yfir sex þúsund manns taka þátt.** →2




Framhald af forsíðu ➪

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is



Steffi Gregersen stofnaði Facebook-viðburð sem heitir „Settu jólaljósin upp snemma á þessu ári!“. Hugmyndin gengur út á að fá smá auka birtu og gleði inn í lífið á þessum erfiðu tímum og það er greinilegt að mörgum þykir ekki veita af, því þúsundir vilja taka þátt og átakið hefur meira að segja teygt sig út fyrir landsteinana. Viðtökurnar hafa komið Steffi skemmtilega á óvart, ekki síst þar sem hugmyndin fæddist hálfpartinn í gríni.

Steffi er þýsk og kemur upprunalega frá borginni Siegen, en hún hefur búið á Íslandi í 24 ár, lengur en hún bjó í Þýskalandi. Steffi er gift Torben, sem er danskur, og þau búa ásamt þremur dætrum sínum í fallegu húsi í Hafnarfirði.

Steffi segir að hugmyndin að þessum viðburði hafi fæðst hratt.

„Þetta kom upp á svona fimm sekúndna spjalli í bílnum. Ég sagðist vilja setja ljósin upp extra snemma í ár, strax 1. nóvember, en Torben tók það ekki í mál og sagðist ekki nenna að standa í því,“ segir hún. „En þetta er svo leiðinlegur tími útaf COVID og myrkrið er að koma, þannig að ég ákvað að setja smá pressu á hann með því að búa til viðburð á Facebook og senda hann bara til vina minna, bæði hér á landi og erlendis, en hafa hann samt öllum opinn.“

Steffi hafði lýsinguna á viðburðinum á íslensku, ensku og þýsku og innan skamms höfðu yfir fimm þúsund manns lýst yfir áhuga eða sagst ætla að taka þátt og nú er sú tala komin vel yfir sex þúsund.

### *Jólaskraut strax eftir hrekkjavökuna*

Steffi segist alltaf hafa verið mikið jólabarn. Það var mikið lagt upp úr jólunum í æsku hennar og þá var alltaf mest gaman.

„Eftir að maður eignast börn verður þetta líka svo spennandi og skemmtilegur tími. Svo hjálpa jólin líka á þessu dimma tímabili á Íslandi,“ segir Steffi. „Ég tók svo líka eftir því að útvarpsstöðin Jólaretró fór í gang 15. október. Mér finnst það gott þó að það sé pínu snemmt. Venjulega hlusta ég ekki á jólatónlist fyrr en 1. nóvember en ég hef aðeins stolist til að hlusta fyrst þetta er komið í gang.

Mér finnst jólaljósin mjög falleg og fólk leyfir þeim oft að hanga inn í nýja árið, en af hverju ekki bara að setja þau upp fyrr líka?,“ spyr Steffi. „Við erum líka mikil hrekkjavökufjölskylda og skreytum mikið vegna hennar, en daginn eftir hrekkjavöku vil ég helst losna við það og setja upp jólaljósin. Núna er komin pressa á hann Torben að framfylgja þessu.“

Hafnarfjarðarbær hefur staðið fyrir átaki þar sem fólk er hvatt til að setja jólaljósin upp snemma til að lýsa upp skammdegið á þessum erfiða tíma og þar hefur verið kveikt á jólaljósum á fjölförnum stöðum, en Steffi segir að það séu engin tengsl á milli viðburðarins hennar og þessara áforma sveitarfélagsins, svo hún viti.

„Þetta var tilkynnt viku eftir að ég setti upp viðburðinn minn. Ég veit ekki hvort það var tilviljun eða ég hafi veitt þeim einhvern innblástur,“ segir Steffi. „Reykjavíkurborg hefur líka staðið fyrir svipuðu átaki.“

## Veitir ekki af smá gleði

„Við erum bara að hvetja fólk til að setja jólaljósin upp 1. nóvember, en ég skrifaði 1.-15. nóvember á viðburðinn til að gefa fólki smá svigrúm,“ útskýrir Steffi. „Núna er COVID að versna alls staðar og það er ekki margt sem má gera, en það má samt fara út að labba og þá er gaman að sjá öll fallegu ljósin. Við getum gert þetta út um allt land og glatt fólk sem er á ferðinni.

Það veitir ekkert af því að gleðja fólk á þessu tímabili sem við erum að ganga í gegnum. COVID var nógu slæmt í vor og sumar en núna er að koma tími sem er erfiður fyrir margra, burtséð frá COVID. Þannig að það er ekki mjög skemmtilegur tími fram undan hjá flestum og þá er gott að gera það sem hægt er til að gleðja hvert annað,“ segir Steffi. „Það er líka hægt að taka þetta alla leið og skreyta bara extra mikið í ár í staðinn fyrir að eyða í ferðalög og dýrar jólagjafir.“

Steffi býst við miklum viðbrögðum og nú þegar hafa fjölmargir birt myndir af jólaskrautinu sínu í umræðunni um viðburðinn hennar og greinilegt er að það er meira að segja fólk utan landsteinanna að taka þátt.

„Það eru rúmlega tvö þúsund sem hafa sagt ætla að taka þátt og yfir fjögur þúsund búin að lýsa yfir áhuga. Því meira sem þessu er dreift, því fleiri taka vonandi þátt,“ segir hún.

## Við komumst í gegnum þetta tímabil saman

Steffi starfar sem flugmaður hjá flugfélaginu Bláfugl en segir að COVID hafi ekki haft sérlega mikil áhrif í líf hennar.

„Ekki meira en hjá öðrum. Ég er bara fegin að hafa vinnu og að allir séu heilbrigðir í kringum mig,“ segir Steffi. „Auðvitað hefur þetta áhrif á mitt líf eins og allra annarra. Við höfum til dæmis ekki getað farið eins mikið til útlanda til að hitta fjölskylduna eins og venjulega og það er erfitt að geta hvorki farið að hitta fólk né fá heimsókn. En ég get ekki kvartað.

Ég vil bara endilega hvetja sem flesta til að taka þátt og lýsa upp þessa skrítnu tíma með fallegum ljósum og kannski einhverju öðru skemmtilegu skrauti,“ segir hún. „Við þurfum að finna leiðir til að komast í gegnum þetta erfiða tímabil saman og það er fullt sem er hægt að gera og full ástæða til að gleðja aðra.“

Nánari upplýsingar um viðburðinn er að finna á Facebook. Það er auðvelt að finna hann með því að slá inn „Settu jólaljósin upp snemma á þessu ári!“ í leitargluggann.




**Steffi er gift Torben og þau búa ásamt þremur dætrum sínum í Hafnarfirði. Steffi segir að hún hafi stofnað viðburðinn í hálfgerðu gríni til að setja pressu á Torben og fá hann til að samþykkja að setja jólaljósin upp snemma, en viðtökurnar voru miklu betri en hún bjóst við.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



**Fjölskyldan hjálpaðist að við að setja upp jólaljósin á sunnudaginn í fallegu veðri.** MYND/AÐSEND



**Steffi segir að það veiti ekkert af öllu sem getur glatt fólk á þessu erfiða tímabili.** MYND/AÐSEND



**Facebook-viðburðurinn „Settu jólaljósin upp snemma á þessu ári!“ gengur út á að fá auka birtu og gleði inn í lífið á þessum erfiðu tímum.** MYND/AÐSEND




**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis: Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Hjördís Erna Þorgeirsdóttir** | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

**Útgefandi:** Torg ehf | **Ábyrgðarmaður:** Björn Víglundsson | **Sölumenn: Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage,** johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

# Bílar

ÞRIÐJUDAGUR 3. NÓVEMBER 2020



VW ID.3 gerir flesta hluti vel 6



Myndin í kýrauganu 8

# Lengi getur gott batnað




Kia Sorento er nú kominn í sinni fjórðu kynslóð síðan að bíllinn kom fyrst á markað árið 2002. Bílablaðamaður Fréttablaðsins hefur fylgst með þróun hans frá upphafi og óhætt er að segja að bíllinn er sportlegur útlits og ólíkur fyrirrennurum sínum. **4**

ÖRUGGT START

MEÐ **EXIDE** RAFGEYMUM

Endingargóðir og sterkbyggðir rafgeymar fyrir flestar gerðir bifreiða. Veldu þaulreynda vöru frá gæðaframleiðanda.




MAX1 BÍLAVAKTIN

EXIDE TECHNOLOGIES

Hafið samband við sérfræðinga Olís í síma **515 1100** eða **pontun@olis.is** og fáið nánari upplýsingar.

olís


Toyota er mest selda rafvædda bílamerkið vegna hybrid-væðingar sinnar og Corolla er mest seldi tvinnbíllinn.

# Rafvæddir bílar seljast í fyrsta skipti betur en dísilbílar í Evrópu

**COVID-19 faraldurinn hefur haft mikil áhrif á bílasölu í Evrópu. Þegar bílasala er farin að taka við sér á ný má sjá mikla aukningu í sölu rafvæddra bíla og velta má því fyrir sér hvort faraldurinn hafi áhrif á val almennings á bílum.**

Samkvæmt tölum JATO Dynamics sem greinir sölu nýrra bíla í Evrópu, var septembermánuður sá fyrsti þar sem skráningar rafvæddra bíla tóku fram úr skráningum nýrra dísilbíla. Með rafvæddum bíl er átt við rafbíla, tengiltvinnbíla og tvinnbíla. Dísilbílar eru nú komnir niður fyrir 25% markaðshlutdeild og bensínbílar eru með 47% en þeir voru með 59% markaðshlutdeild á sama tíma í fyrra.

Hlutdeild rafvæddra bíla jókst um 25% í septembermánuði en þá voru 327.800 slík ökutæki skráð í Evrópu. Sala nýrra bíla er á uppleið aftur og eru það rafvæddir bílar sem leiða þá þróun. Alls voru 1,3 milljónir bílar skráðar í Evrópu í septembermánuði sem er 1% aukning frá sama mánuði í fyrra. Heildartölur fyrir 2020 sýna hins vegar að sala nýrra bíla er 29% minni en á fyrstu níu mánuðum síðasta árs. Það er Toyota-merkið sem leiðir í skráningum rafvæddra ökutækja en mikil aukning er hjá Volkswagen Group. Þýski risinn skráði 40.300 rafvædd ökutæki í september sem setur hann í annað sæti á eftir Toyota. Það kemur ekki á óvart að Tesla Model 3 var mest seldi rafbíllinn með 15.702 skráða en Renault Zoe var í öðru sæti. Nýliðinn Volkswagen ID.3 var svo í þriðja sæti. Mest seldi tengiltvinnbíllinn í Evrópu er Mercedes-Benz A-lína en í flokki tvinnbíla er það Toyota Corolla sem leiðir. Báðir seldust þó í færri eintökum en Tesla Model 3. Ísland er í öðru sæti í heiminum þegar kemur að hlutdeild tengiltvinnbíla en hlutdeild þeirra á fyrstu níu mánuðum ársins er 43% af sölu.


Tesla Model 3 er mest seldi rafbíllinn í Evrópu með rúmlega 15.700 eintök sem af er árinu en stór hluti þeirrar tölu er vegna sölu í Noregi og Íslandi.

» Mest seldi tengiltvinnbíllinn í Evrópu er Mercedes-Benz A-lína en í flokki tvinnbíla er það Toyota Corolla sem leiðir.

## Ford skiptir um rafhlöður í Kuga PHEV

Ford hefur tilkynnt að skipt verði um allar rafhlöður í Ford Kuga tengiltvinnbílnum eftir að tilkynnt var um innköllun á þeim vegna hættu á bruna í rafhlöðu. Innköllunin kom til vegna bruna í fjórum slíkum bílum í sumar sem rakinn var til framleiðslugalla í rafhlöðu. BMW notar sömu gerð rafhlöðu í sína tengiltvinnbíla og setti nýlega af stað sams konar innköllun. Ford ætlar sér að innkalla alla Ford Kuga PHEV bíla sem framleiddir hafa verið og skipta algerlega um rafhlöðuna og rafbúnað tengdan henni. Mun innköllunin hefjast í desember á þessu ári og ljúka í lok mars á næsta ári.

Ford segir að enn sé óhætt að nota bílana ef þeir eru ekki hlaðnir og eigendur keyri aðeins í EV Auto- eða Normal-stillingu, en þá notar bíllinn vélina ef ekkert er á rafhlöðunni. Í samtali við Fréttablaðið staðfesti Gísli Jón Bjarnason, sölustjóri Ford á Íslandi, þessa niðurstöðu Ford og að skipt yrði um rafhlöðu í öllum bílunum. „Til að koma til móts við viðskiptavini munu þeir fá bensínkort að verðmæti 80.000 kr. Við hringdum strax á föstudaginn í þá 26 viðskiptavini sem eru búnir að fá þessa bíla afhenta hjá Brimborg og upplýstum þá um stöðuna,“ sagði Gísli Jón um innköllunina hérlendis.


Ford Kuga PHEV eigendur á Íslandi fá nýja rafhlöðu og 80.000 króna bensínkort vegna innköllunarinnar.


Við ofurhleðslu Tesla í Hrútafirði geta átta bílar hlaðið í einu og fengið um 300 km af hleðslu á einu korteri sem dugir bílnum til Akureyrar.

## Tesla opnar ofurhleðslustöð í Staðarskála

Tesla-bílaframleiðandinn opnar í vikunni nýja ofurhleðslustöð fyrir Tesla-rafbíla í Staðarskála í Hrútafirði. Stöðin er með átta 250 kW hlöðum sem eru 70% aflmeiri en það sem algengast er hérlendis í svokölluðum hraðhleðslustöðvum. Vert er að taka fram í því sambandi að önnur fyrirtæki eru að setja upp stöðvar með stuðningi Orkusjóðs sem Tesla fær ekki.

Eins og fram kom í Viðskiptablaði Morgunblaðsins í síðustu viku stefnir Tesla á að byggja upp net ofurhleðslustöðva á Íslandi og verða byggðar stöðvar sem þessar á Akureyri, Egilsstöðum, Höfn í Hornafirði, Kirkjubæjarklaustri og nágrenni Selfoss. Að sögn Even Sandvold Roland, samskiptastjóra Tesla fyrir Noreg og Ísland, er stefnan að setja upp net stöðva í náinni framtíð en COVID-19 faraldurinn hefur haft áhrif á þau áform eins og annað.

„Við munum setja upp fjölda nýrra stöðva á Íslandi í náinni framtíð og höfum ekki rekið okkur á nein vandræði hér,“ sagði Roland í samtali við Fréttablaðið. „Ofurhleðslustöðvar eru lykilatriði þegar kemur að vali viðskiptavina á rafbíl. Ofurhleðslunet okkar er notendavænt, hraðvirkt og öruggt og gerir okkar notendum kleift að geta farið þangað sem þeir vilja. Við hlökkum til að tengja fleiri stöðvar á Íslandi í náinni framtíð,“ sagði Roland einnig.

### Með öflugustu stöðvarnar

Tesla mun hafa mikla sérstöðu þegar kemur að ferðum rafbíla landshluta á milli þegar net Tesla verður komið upp. Tesla-eigendur munu geta skipulagt ferðir út frá öflugri og hraðvirkari hleðslu á stöðvum Tesla. Mun það eflaust hafa áhrif á marga þegar kemur að val á rafmagnsbíl.

Bílablað Fréttablaðsins spurði Jón Trausta Ólafsson, formann Bílgreinasambandsins og forstjóra Öskju, hvort til stæði að bílaumboð á Íslandi svöruðu þessu útspili Tesla. Að sögn Jóns Trausta eru umboðin ekki að byggja upp sameiginlegt net hleðslustöðva.

Mörg fyrirtæki eru um hituna þegar kemur að hleðslustöðvum og eru ON, Ísorka og Hlaða þegar farin að byggja upp net víða um landið. Þar er þó ekki að finna eins öflugar stöðvar. ON býður upp á næstöflugustu stöðvarnar en þær eru 150 kW og hafa tvær verið settar upp. Til stendur að setja átta upp í viðbót. Aðrar hleðslustöðvar eru 22 eða 50 kW og því ljóst að samkeppnin á langt í land til að mæta hraðhleðslu Tesla á Íslandi.

MICKEY THOMPSON
M/T
JEPPADEKK



DEEGAN 38 A/T
BAJA MTZp3
BAJA ATZp3
DEEGAN 38
BAJA CLAW
BAJA CLAW TTC

Icetrack ehf 773-4334 mtdekk@mtdekk.is www.mtdekk.is

www.frettabladid.is
FRÉTTABLAÐIÐ Bílar
Umsjón blaðsins NjallGunnlaugsson njall@frettabladid.is



Auglýsingar: Atli Bergmann atli@frettabladid.is | Sími 550 5657
Útgáfufélag: Torg ehf. | Kalkofnsvegur 2 | 101 Reykjavík | Sími 550 5000


Nýr ID.3 er mættur!
Eigðu rafmagnaðan vetur
Verð frá
5.190.000 kr.
550 km drægni
#NúGeturÞú
Forbókaðu reynsluakstur á www.hekla.is/reynsluakstur
ID.3 á Akureyri.
Alltaf heitur á morgnana - ef þú vilt!
Nú er komið að ID.3 að hefja nýjan kafla – tímabil vistvænna ferðamáta. Rafmögnuð akstursafköst, tímamótahönnun og hagnýt drægni. Nýr ID.3 endurspeglar óskir viðskiptavina í gæðum, þægindum og tækni. Hann fer allt að 550 kílómetra á einni hleðslu, er á einstöku kynningarverði og getur verið laus til afhendingar á nokkrum dögum. Framtíðin er reiðubúin og hún bíður þín.
Við biðjum gesti að aðstoða okkur í að gæta sóttvarnareglna og virða 2 metra bilið á milli gesta.
5
FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU
Veldu þinn uppáhalds ID.3 á www.hekla.is/volkswagensalur
www.volkswagen.is
HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · Bílakjarninn Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum

KOSTIR OG GALLAR

## Kia Sorento

**Grunnverð:** 8.540.777 kr.
**Tog:** 441 newtonmetrar
**Hröðun 0-100 km:** 6 sek.
**Eyðsla bl. ak.:** 6,2 l/100 km
**Hröðun 0-100 km:** 9,4 sek.
**CO2 g/100 km:** 164

**Eigin þyngd:** 1.842 kg
**Dráttargeta:** 2.000 kg
**L/B/H:** 4.800/1.890/1.690 mm

**KOSTIR**
- Fjöðrun
- Rými
- Hljóðlátur

**GALLAR**
- Stressuð akreinavörn
- Hægvirkur upplýsingaskjár



Kia Sorento er tæpir fimm metrar á lengd og hjólhafið 2.780 mm svo að hurðir verða bæði stórar og mjög aðgengilegar. MYNDIR/TRYGGVI ÞORMÓÐSSON

# Fjórða kynslóð Kia Sorento – lengi getur gott batnað

Reynsluakstur
Njáll Gunnlaugsson
njall@frettabladid.is



Bílaprófari Fréttablaðsins er nógu gamall í hettunni til að muna eftir því hvernig var að prófa fyrsta Kia Sorento jeppann sem kom á markað árið 2002. Þá var Kia umboðið til húsa í Flatahrauni og það er enn mjög skýrt í minningunni hvað þessi bíll vakti undrun og athygli undirritaðs. Það var greinilegt að litli kóreski framleiðandinn væri kominn með eitthvað nýtt og betra sem myndi setja mark sitt á framtíðina. Kia Sorento er nú kominn á sína fjórðu kynslóð og þótt sá fyrsti hafi verið góður er sá nýi ljósárum á undan í hönnun og akstri.

### Endurhönnuð dísilvél

Bíllinn er með nýju 2,2 lítra dísilvélina sem hefur verið endurhönnuð. Í stað blokkar úr járni er nú komin blokk úr áli og vélin er tæpum 20 kílóum léttari. Aflið hefur líka aukist í 200 hestöfl og togið í 441 newtonmetra. Til að setja rúsínuna í pylsuendann er komin ný átta þrepa sjálfskipting með tvöfaldri kúplingu sem Kia segir að spari allt að 15% í eyðslu.

Óhætt er að hrósa nýjum Sorento fyrir þýðan gang og skiptingar. Hann er frískur af stað án þess að vera með einhvern hávaða og skiptingin er fljót að virka. Sorento er með sérlega þægileg fjöðrun sem ræður vel við flest. Að framan er hann á McPherson en fjölliða fjöðrun er að aftan. Fyrir vikið finnur maður ekki mikið fyrir hraðahindrunum þótt ekið sé yfir þær án þess að hægja á sér. Einnig virkar hann stöðugur í akstri á möl og grófum vegi. Þegar reynt er á hann á malbiki leggst aðeins í beygjurnar og losar stundum afturhjól, enda ekki við öðru að búast í bíl sem vegur tvö tonn.

### Akreinavari með myndavél

Það er gott að setjast inn í Sorento og þrátt fyrir að vera stór bíll þarf ekki að stíga upp í hann. Það vekur athygli að maður situr frekar lágt í bílnum en hönnun hans að innan er líka þannig að hún gerir ráð fyrir því. Mælaborð er ekki með háum brúnum og maður sér vel út auk þess að njóta góðs rýmis til hliða og upp. Auðvelt er að stilla sæti sem eru stór og þægileg.

Mælaborðið er fallega hannað innrammað díóðuljósum með fiskabeinamunstri og stórum upplýsingaskjáum. Skjárinn hægra megin er átta tommur og er frekar lágur og breiður svo að það þarf aðeins að teygja sig til að nota hann. Eins mætti notkun hans vera hraðvirkari en það var alltaf eins og maður þurfti að bíða smástund eftir því að hann framkvæmdi það sem maður vildi.

Vert er að minnast á einn fídus í bílnum sem að eykur öryggi til muna. Þegar kveikt er á stefnuljósi kviknar á myndavél sem tekur yfir viðkomandi hlið mælaborðsins og sýnir inn á blinda svæðið. Auk þess varar bíllinn við með pípi og með því að taka aðeins í stýrið ef einhver er á svæðinu sem færa á bílinn í. Mér fannst þessi fídus mjög góður en stundum of næmur og í eitt skipti varaði hann mig við bíl í þarnæstu akrein.



Fjöðrun bílsins ræður vel við akstur á möl og grófari vegum.

### Gott fótarými

En aftur að rýminu í bílnum. Ekki þarf að hafa áhyggjur af því að koma fyrir lausum hlutum því nóg er af hólfum og hirslum í Sorento. Auk þess er nóg pláss í hurðum og miðjustokki. Plássið verður þó fyrst gott þegar komið er í miðjusætaröðina. Hurðirnar eru stórar sem auðveldar aðgengi og fótapláss er svo gott að enginn ætti að vera í vandræðum með að nota aftursætin. Auk þess er sætaröðin á sleða svo hægt er að auka eða minnka pláss eftir því hvernig raðast í bílinn. Einmitt þess vegna getur jafnvel fullorðinn komið sér þægilega fyrir í þriðju sætaröðinni.

Það er auðvelt að komast út þar sem takkar til að fella niður miðjusætin eru ofan á sætisbakinu og það fellur vel niður, auk þess sem sætið rennur fram á sleðanum. Það er einfalt að setja upp eða leggja niður öftustu sætaröð með því einu að toga í belti aftan á sætisbakinu. Með öftustu sætin niðri er plássið mjög gott eða 660 lítrar og þrátt fyrir að búið sé að koma henni fyrir eru samt eftir 142 lítrar fyrir farangur.



Vélin er með forþjöppu og skilar nú 200 hestöflum.



Mælaborðið er vel hannað með tveimur upplýsingaskjáum og snúningstakka fyrir skiptingu.



Miðjusætaröð fellur aðeins niður 60/40 en auðvelt er að komast út úr aftari sætaröðinni.



Þótt búið sé að stilla framsæti frekar aftarlega er enn nóg pláss fyrir fætur í miðjusætaröðinni.



Þegar kveikt er á stefnuljósi kviknar á myndavél sem sýnir inn í blinda svæðið við hliðina á bílnum.

### Enginn verðsamanburður

Grunnverð Kia Sorento er 8.540.777 krónur en í Luxury-útfærslu 8.990.777 krónur. Hægt verður að panta hann sérstaklega með Arctic Edition breytingu fyrir 470.000 krónur aukalega.

Helstu keppinautar hans hérlendis eru Ford Explorer og væntanlegur Toyota Highlander en verð er ekki komið á þann bíl ennþá. Ford Explorer er nú aðeins boðinn í tengiltvinnútgáfu og kostar þannig frá 11.990.000 krónum og þá mjög vel búinn. Ekki er komið verð á tvengiltvinnútgáfu Kia Sorento þegar þetta er skrifað en búast má við að hún verði samkeppnishæfur í verði.

SUZUKI

Way of Life!

AFHENDING SAMDÆGURS!*

*ÞÚ EKUR HEIM Á NÝJUM SUZUKI Á MEÐAN AÐ BIRGÐIR ENDAST

# ÞÚ FÆRÐ EINA MILLJÓN FYRIR GAMLA BÍLINN, UPP Í NÝJAN SUZUKI S-CROSS 4X4

ÁSTAND OG TEGUND SKIPTIR EKKI MÁLI OG ÞÚ EKUR HEIM Á NÝJUM SJÁLFSKIPTUM 4X4 SUZUKI S-CROSS




4X4

SUZUKI S-CROSS FJÓRHJÓLADRIFINN

VERÐ FRÁ KR.

**5.490.000**

Við aðstoðum þig við fjármögnun. Tilboðið gildir á meðan birgðir endast.

Suzuki S-Cross er fjórhjóladrifinn sportjeppi með aflmiklum og sparneytnum vélum og aksturseiginleika í sérflokki.

Aktu heim á nýjum Suzuki S-Cross og gerðu lífið og veturinn skemmtilegri.

FLUTT MEÐ EIMSKIP

**Söluumboð Suzuki á landsbyggðinni:**

**Akureyri:** Bílaríki, Lónsbakka.

**Egilsstaðir:** Bílaverkstæði Austurlands ehf, Miðási 2.

**Hvolsvellir:** Viðskiptaþjónusta Suðurlands, Ormsvellir 7.

**Ísafjörður:** Bílatangi ehf., Suðurgötu 9.

**Reykjanesbær:** K. Steinarsson, Holtsgötu 52.

SUZUKI

Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is

Suzuki á Íslandi

Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100

**KOSTIR OG GALLAR**

## VW ID.3

**Grunnverð:** 5.190.000 kr.
**Hestöfl:** 204
**Tog/Nm:** 310 newtonmetrar
**Hámarkshraði/km:** 160 km/klst.
**Hröðun 0-100 km:** 7,3 sek.

**Notkun:** 15,5 kWst
**Hleðslugeta AC/DC:** 11 kW/100 kW
**Hleðslutími DC 80%:** 30 mín
**Hleðslutími. AC:** 6 klst. 15 mín
**Farangursrými:** 385 lítrar

**L/B/H:** 4.261/1.809/1.568 mm
**Hjólhaf:** 2.771 mm
**Eigin þyngd:** 1.794 kg

**KOSTIR**
- Aðgengi
- Hljóðlátur
- Drægi

**GALLAR**
- Staðsetning vinstri rofa
- Engin opnun á hurðalæsingu



**Volkswagen ID.3 tekur sig vel út á 19 tommu felgunum sem eru staðalbúnaður frá VW en einnig er hægt að fá hann á 18 tommu álfelgum.**

# Bíll sem gerir flesta hluti vel

Reynsluakstur
Njáll Gunnlaugsson
njall@frettabladid.is



Óhætt er að segja að biðin eftir ID.3 rafbílnum hafi verið löng en sala á honum hefur tafist fyrir margra hluta sakir. Hugbúnaður bílsins glímdi við vandamál í fyrstu útfærslum hans sem seinkar tilkomu mikilvægra þátta eins og Apple Carplay og Android Auto og COVID-19 faraldurinn hefur seinkað afhendingu bílsins og þá sér í lagi til jaðarsvæða eins og Íslands. Þess vegna voru það gleðifréttir þegar fyrsta stóra sendingin barst hingað til lands í septembermánuði.

### Leysir af e-Golf

Volkswagen ID.3 ber þess greinilega merki að hafa verið langan tíma í hönnunarferli því VW vonar að hér sé kominn bíllinn sem leysir Nissan Leaf af hólmi sem mest seldi rafbíllinn á heimsmarkaði. ID.3 kemur inn á markað rafbíla þar sem þegar er mjög mikil samkeppni hérlendis.

Nissan Leaf er augljós samkeppnisaðili enda svipaður að stærð en hann mun einnig keppa við bíla eins og Tesla Model 3 og Kia Niro svo eitthvað sé nefnt. Það sem ID.3 hefur fram yfir marga er að hann hefur verið hannaður til að mæta þörfum margra þegar kemur að rafbíl og hefur því möguleika á að verða sterkur í sölu. Hann leysir VW e-Golf af og er með 129 mm lengra hjólhafi sem gerir hann mun rúmbetri. Hann er 23 mm styttri en e-Golf en það sem skiptir meira máli er að hann er 20 mm breiðari og 96 mm hærri. Fyrir vikið er hann bíll sem gott er að umgangast, hvort sem er fyrir farþega fram í eða aftur í.



**Mælaborðið er vel staðsett og þótt það sé ekki stórt er það nóg til að sjá það helsta. Takkaborð vinstra megin er þó frekar langt frá ökumanni.**



**Farangursrými tekur 385 lítra og hægt er að hækka gólfið sem gerir það þægilegra við hleðslu. Fella má sæti 60/40 og skíðaluga er fyrir lengri hluti.**

> **»** Áður en sest er í bílinn er hann búinn að setja í gang og farinn að hita bílinn.

### Hugsar fyrir farþegana

Innrétting bílsins er kafli út af fyrir sig en hann er með nýja stafræna mælaborðið og innréttinguna sem við sáum fyrst í áttundu kynslóð VW Golf fyrir skömmu. Það má deila um hvort að sniðugt sé að setja stjórnbúnað margra þátta í snertiskjá líkt og vinsælt er hjá mörgum framleiðendum í dag. Á Íslandi eru meira að segja lög sem banna notkun snjalltækja eða raftækja án handfrjáls búnaðar. Að því sögðu er þó þægilegt að nota búnaðinn í ID.3 því hann er fljótvirkur í notkun en stærri skjár hefði samt komið sér vel.

Bíllinn er gáfaður og hugsar fyrir mann. Áður en maður er sestur inn í bílinn er hann búinn að setja sig sjálfur í gang og farinn að hita bílinn. Ef aðeins bílstjóri er sestur inn hitar bílinn sig aðeins þeim megin til að spara rafmagnið. Bíllinn les umferðarmerki og helstu akreinar og gatnamót



**Gott höfuðpláss er aftur í og fótapláss þokkalegt en best er þó aðgengið um stórar dyrnar.**

# Fasteignablaðið

44. TBL. ÞRIÐJUDAGUR 3. NÓVEMBER 2020

FASTEIGNIR.FRETTABLADID.IS



heimili fasteignasala
á traustum grunni
Finnbogi Hilmarsson löggiltur fasteignasali.



Grensásvegur 3 • 2 hæð • 108 Reykjavík • Sími 530 6500 • heimili@heimili.is • heimili.is

FÉLAG FASTEIGNASALA





Ingólfur Geir Gissurarson
Framkvæmdastjóri, lögg. fasteignasali og leigumiðlari
896 5222

Heiðar Friðjónsson
Sölustjóri. Löggiltur fasteignasali B.Sc
693 3356

Snorri Snorrason
Löggiltur fasteignasali
895 2115



Hildur Harðardóttir
Lögfræðingur. Löggiltur fasteignasali. Skjalagerð.
897 1339

Margrét Sigurgeirsdóttir
Skrifstofustjóri
margret@valholl.is
588 4477

Pétur Steinar Jóhannsson
Aðstoðarm. fasteingasala Snæfellsnesi
893 4718



Anna F. Gunnarsdóttir
Löggiltur fasteignasali
Lista og innanhús Stílisti
892 8778

Sturla Pétursson
Löggiltur fasteignasali.
899 9083

Rakel Arnadóttir
Lögg. fasteignasali. Mannfræðingur/alþjóðatengill.
895 8497

VALHÖLL FASTEIGNASALA STOFNUÐ 1995

588 4477
Síðumúla 27
www.valholl.is

Reykjavík
Snæfellsbæ
Höfn Hornafirði

Framúrskarandi fyrirtæki

Fagleg þjónusta
Vönduð vinnubrögð

Nútímaleg, kraftmikil og framsækin fasteignasala sem byggir á áratuga reynslu starfsmanna!



Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

TILKYNNA OVIÐEIGANDI EÐA OLÖGLEGT EFNI Á NETINU

SAFT





Húsið stendur við Hólaberg í Breiðholti.

# Einbýli í Breiðholti

**Fold fasteignasala, s. 5521400 kynnir: Fallegt vel viðhaldið einbýlishús ásamt góðu iðnaðarhúsnæði með innkeyrsludyrum á rólegum stað í Breiðholti.**

Húsið er á tveimur hæðum ásamt kjallara og er skráð samtals 293,1 fm, atvinnuhúsnæðið er hæð og kjallari, það er skráð 177,5 fm.

1. hæð: Anddyri er flísalagt með fatahengi, gestasnyrting er flísalögð. Eldhús með fallegri, hvítri beykiinnréttingu, nýlegur Siemens bakaraofn í vinnuhæð og spanhelluborð. Rúmgóð borðaðstaða er við eldhúsið. Gengt er frá eldhúsi í þvottaherbergi.

Stofa og borðstofa eru með fallegu eikarparketi en arinstofan er flísalögð með fallega hlöðnum arni. Gengt er frá arinstofu út á stétt og þaðan í garðinn.

2. hæð: Breiður stigi er upp á aðra hæð: Þar er í dag rúmgott hjónaherbergi og fataherbergi inn af því, parket er á gólfum, útgengi er út á svalir frá hjónaherberginu. Annað rúmgott svefnherbergi með skápum er á hæðinni.

Baðherbergi er flísalagt með sturtuklefa. Hol með parketi. Gott sjónvarpshol/vinnurými er einnig á hæðinni. Auðvelt væri að breyta skipulagi og fjölga svefnherbergjum.

Eignin er dánarbú og seljendur hafa ekki búið í henni og geta þeir því ekki veitt nákvæmar upplýsingar um ástand eignarinnar.

Allar frekari upplýsingar hjá Fold fasteignasölu, Sóltúni 20, 105 Reykjavík. fold@fold.is Sími 552 1400 / utan skrifstofutíma: Viðar 694-1401, Einar 893-9132, Gústaf 895-7205, fold.is





Vinnvinn | Kringlan 7 | 103 Reykjavík
Sími 552 1212 | vinnvinn@vinnvinn.is | www.vinnvinn.is

RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF

# Vantar allar gerðir eigna á söluskrá. Mikil sala.
# Skoðum og verðmetum samdægurs. Hafðu samband.

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**


Óðinsgötu 4, 101 Reykjavík

Sími 570 4500 • fastmark@fastmark.is • www.fastmark.is
Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali
Guðmundur Th. Jónsson lögg. fasteignasali


*Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI*

Framúrskarandi fyrirtæki 2014 2018









Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is

Guðmundur Th. Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is

Elín D. Wyszomirski
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is

Úlfar Freyr Jóhannsson
hdl og lögg. fasteignasali
ulfar@fastmark.is

Gísli Rafn Guðfinnsson
Aðstoðarmaður fasteignasala
gisli@fastmark.is

Hallveig Guðnadóttir
Skrifstofustjóri
hallveig@fastmark.is


## Strikið – Sjálandi Garðabæ. 60 ára og eldri.
## Ein 2ja herbergja íbúð eftir! Leitið upplýsinga á skrifstofu.

### *Sóleyjargata. Heil húseign í hjarta miðborgarinnar.*



- Glæsileg rúmlega 300,0 fm. heil húseign. Eignin stendur á 666,2 fm. eignarlóð. Eignin er að brúttóflatarmáli 302,8 fm. og er innréttuð sem þrjár íbúðir auk skrifstofuhæðar.
- Í dag er eignin innréttuð þannig að í kjallara er 3ja - 4ra herbergja íbúð með sérinngangi. Á 1. hæð er 3ja herbergja íbúð með sérinngangi, en einnig er innangengt í hana úr stigahúsi. Á 2. hæð eru innréttaðar skrifstofur og á rishæð er íbúðarrými, en gengið er upp á rishæð úr skrifstofurými á 2. hæð hússins.
- Lóðin er með stórri tryfðri flöt til vesturs, fallegum trjágróðri og er afgirt að hluta. Ekki er útilokað að leyfi fengist fyrir byggingu bílskúrs þar sem bílskúr er við flest önnur hús í götunni.

**Verð 155,0 millj.**

### *Erluás – Hafnarfjörður. Parhús á útsýnisstað.*



- Vandað og mjög vel staðsett 181,9 fm. parhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr á fallegum útsýnisstað innst í botngötu við Erluás í Hafnarfirði. Húsið að utan er klætt með marmarasalla.
- Aukin lofthæð er í húsinu að hluta og innfelld lýsing er í loftum í stórum hluta hússins.
- Samliggjandi stofur. Sjónvarpsstofa með útgengi á svalir. Þrjú herbergi. Fataherbergi innaf hjónaherbergi.
- Glæsileg 408,0 fm. lóð með harðviðarveröndum og steyptri bomanite verönd auk harðviðarskjólveggja.

**Verð 91,9 millj.**

### *Hverafold. Vel staðsett og glæsilegt einbýlishús.*



- Vandað 260,0 fm. einbýlishús á tveimur hæðum á virkilega glæsilegri 808,0 fm. lóð neðst við sjóinn í Hverafold í Grafarvogi. Einstakt útsýni yfir sjóinn.
- Mjög mikil lofthæð í stórum hluta eignarinnar. Gólfhiti er í stórum hluta hússins. Eyja í eldhúsi var sett upp árið 2013 og sama ár var skipt um tæki í eldhúsi.
- Fjögur mjög rúmgóð svefnherbergi og möguleiki á að hafa þau fimm. Arinn á milli setustofu og sjónvarpsstofu á neðri hæð og annar arinn á efri hæð hússins. Stórt og bjart eldhús og 2 baðherbergi.
- Baklóð hússins er með mjög skjólsælli viðarverönd til suðurs, heitum potti, steyptum veggjum.

**Verð 124,9 millj.**

### *Lautarvegur - Fossvogur. Einbýlishús með tveimur aukaíbúðum.*



- Nýtt og stórglæsilegt um 400,0 fm. einbýlishús/keðjuhús með tveimur aukaíbúðum í kjallara á fullfrágenginni og glæsilegri lóð við opið svæði við Lautarveg neðst í Fossvogi.
- Húsið er byggt á afar vandaðan máta og úr vönduðum byggingarefnum. Skipulag er virkilega gott. Lofthæð á aðalhæð er 3,5 metrar, lofthæð á efri hæð er 2,7 metrar og lofthæð í kjallara er 2,5 metrar. 45,8 fm. innbyggður flísalagður bílskúr.
- Tvær aukaíbúðir eru í kjallara, hvor um sig með sérinngangi og aðkomu frá göngustíg sunnan við húsið. Mögulegt er að stækka aðalíbúð hússins með því að opna inn í aðra þessara íbúða.

**Eign sem vert er að skoða.**

**Verð 179,5 millj.**

### *Klettagarðar 4*



- Klettagarðar 4 er byggt verkstæðishús, söluskrifstofa og starfsmannaaðstaða fyrir ferðaþjónustufyrirtækið Allrahanda.
- Verkstæðishúsnæðið er á einni hæð en starfsmannaaðstaða og skrifstofur eru á tveimur hæðum í suðvestur enda byggingarinnar.
- Eignin er samtals 2.048,2 m² að gólffleti og er byggt úr forsteyptum einingum og með límtrésþaki. Öll milligólf hússins eru steinsteypt og milliveggir eru ýmist steyptir og eða léttir gifsklæddir grindarveggir.

**Eignin stendur á afgirtri, fullfrágenginni og malbikaðri 8.604,0 fermetra leigulóð þar sem er mjög gott athafnasvæði og mögulegur viðbótarbyggingarréttur.**

### *Vesturgata 3. 2ja – 3ja herbergja íbúð/skrifstofuhæð.*



- Virkilega glæsileg 2ja - 3ja herbergja íbúð / skrifstofuhæð með sérinngangi í mjög fallegu og sögufrægu húsi við Vesturgötu 3 í Reykjavík.
- Eignin hefur verið nýtt undir skrifstofur undanfarin ár, en er í grunninn skráð sem íbúðarhúsnæði.
- Eignin hefur verið mjög mikið endurnýjuð á sl. árum. Raflagnir og tafla eru nýleg sem og ofnalagnir auk þess sem pottofnar hafa verið sandblásnir og yfirfarnir. Eldhúsinnrétting er ný. Gólfefni eru nýr linoleumdúkur og yfirfarin og uppgerð mjög falleg furugólfborð.
- Húsið að utan er klætt með viði.

**Verð 48,9 millj.**

### *Framnesvegur 62 – 5 herbergja íbúð*



- Vel skipulögð 5 herbergja 116,6 fm. íbúð á 3. og 4. hæð í steinsteyptu fjölbýlishúsi við Framnesveg. Íbúðinni fylgir sér bílastæði í bílageymslu sem er með gluggum og þvottaaðstöðu.
- Fjögur rúmgóð svefnherbergi og tvö baðherbergi. Aðeins gengið upp tvær hæðir frá aðalinngangi hússins. Þakgluggar og veltigluggar á efri hæð íbúðarinnar hafa verið endurnýjaðir.
- Rúmgóð og björt stofa með útgengi á rúmgóðar svalir til suðurs og með útsýni út á sjóinn til suðurs.
- Virkilega góð íbúð með 4 svefnherbergjum og tveimur baðherbergjum í góðu fjölbýli á eftirsóttum stað.

**Verð 54,9 millj.**

### *Naustavör 11 – Kópavogi. Nýjar 2ja og 4ra herbergja íbúðir.*




- Nýjar og glæsilegar 2ja og 4ra herbergja íbúðir í 3ja hæða glæsilegri nýbyggingu við Naustavör 11 í Bryggjuhverfinu í vesturbæ Kópavogs.
- Íbúðirnar eru frá 86 -131 fm og eru með innréttingum frá Brúnás og AEG eldhústækjum.
- Íbúðirnar eru ýmist með góðum svölum eða timburveröndum. Stæði í bílageymslu fylgja sumum stærri íbúðum.
- Allar íbúðir hafa ágætlega stórar svalir eða góðar timburverandir.
- Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf., **www.bygg.is**
- Íbúðir verða afhentar á tímabilinu nóv - des 2020.

### *Stuðlaborg – Kirkjusandur - Glæsilegar útsýnisíbúðir í grónu hverfi.*




- Stuðlaborg er vandað fjölbýli með 77 íbúðum í fimm lyftuhúsum.
- Á Kirkjusandi er örstutt í alla þjónustu, veitingastaði og útivist. Stórbrotið útsýni yfir sundin blá, miðbæinn og borgina.
- Áhersla á fjölbreytileika og gæði í hönnun, efnisvali og frágangi. Þýskar gylltar álklæðningar ásamt stórum swiss pearl steinplötum. Sérstök hljóðgólf í öllum íbúðum, þykkir veggir og full loftræsting skapa góða hljóðvist. Gólfsíðir gluggar í stofum skapa einstakt og óhindrað sjávarútsýni.
- Hin margverðlaunaða og heimsþekkta danska arkitektastofa Schmidt Hammer Lassen (SHL) hannar Stuðlaborg ásamt VA arkitektum.
- Nánari upplýsingar um bygginguna á **www.105midborg.is**

### *Sólborg – Kirkjusandur - Glæsilegar útsýnisíbúðir í grónu hverfi.*




- Sólborg er vandað fjölbýli með afar vönduðum 2ja – 5 herbergja lúxusíbúðum.
- Á Kirkjusandi er örstutt í alla þjónustu, veitingastaði og útivist.
- Eignin er byggð úr afar vönduðum byggingarefnum og eru m.a. allir gluggar úr áli og klæðning hússins úr anodiseraði álklæðningu. Klæðningin er sérhönnuð og meðhöndluð með sérstakri aðferð. Hljóðvist er verulega aukin í eigninni og er gengið mun lengra í þeim efnum en alla jafna tíðkast í íslenskum byggingum.
- Hönnuðir byggingarinnar eru THG Arkitektar og Studio Arnhildur Palmadottir.
- Nánari upplýsingar um bygginguna á **www.105midborg.is**

# MIKLABORG



**Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson**
hdl. og löggiltir fasteignasalar

**Jón Rafn Valdimars** lögg. fasteignasali Sími: 695 5520
**Gunnar S. Jónsson** lögg. fasteignasali Sími: 899 5856
**Ólafur Finnbogason** lögg. fasteignasali Sími: 822 2307
**Atli S. Sigvarðsson** lögg. fasteignasali Sími: 899 1178
**Elín Alfreðsdóttir** lögg. fasteignasali Sími: 899 3090
**Gunnar H. Einarsson** lögg. fasteignasali Sími: 615 6181
**Barbara R. Bergþórsd.** lögg. fasteignasali Sími: 823 0339
**Svan G. Guðlaugsson** lögg. fasteignasali Sími: 697 9300
**Þórunn Pálsdóttir** lögg. fasteignasali Sími: 773 6000
**Ásgrímur Ásmundsson** hdl. og lögg. fasteignas Sími: 865 4120
**Þröstur Þórhallsson** lögg. fasteignasali Sími: 897 0634
**Jórunn Skúladóttir** lögg. fasteignasali Sími: 845 8958

2015
2019
Framúrskarandi fyrirtæki



**Þóroddur S. Skaptas** lögg. fasteignasali Sími: 868 4508
**Jason Kr. Ólafsson** lögg. fasteignasali Sími: 775 1515
**Axel Axelsson** lögg. fasteignasali Sími: 778 7272
**Óskar H. Bjarnasen** lögg. fasteignasali Sími: 691 1931
**Kjartan Í. Guðmunds** aðst. fasteignasala Sími: 663 4392
**Þórhallur Biering** lögg. fasteignasali Sími: 896 8232
**Friðrik Þ. Stefánsson** hdl. og aðst. fasteignas Sími: 616 1313
**Friðjón Ö. Magnúss.** lögg. fasteignasali Sími: 692 2704
**Guðrún D. Valdimars** aðst. fasteignasala Sími: 899 6551
**Anton Karlsson** lögg. fasteignasali Sími: 771 8601
**Páll Þórólfsson** lögg. fasteignasali Sími: 893 9929
**Ragnheiður Pétursd.** hdl. og löggiltur fasteignasali

## Funafold 59
### 112 Reykjavík

NÝTT
Í SÖLU

**Glæsilegt 189,3 fm einbýli á einni hæð á þessum vinsæla stað**

- 4 svefnherbergi
- Samliggjandi stofur
- Bílskúr 38,5 fm
- Mikil veðursæld og stór afgirt sólrík verönd mót suðri
- Fallegur ræktaður garður

Verð: **93,9 millj.**







**PANTIÐ SKOÐUN**
hjá Friðrik í síma **616 1313**







**Friðrik Þ. Stefánsson**
hdl. og aðst. fasteignas.
**Sími: 616 1313**
fridrik@miklaborg.is

**Ólafur Finnbogason**
lögg. fasteignasali
**Sími: 822 2307**
olafur@miklaborg.is

## Dimmuhvarf 27
### 203 Kópavogur

NÝTT
Í SÖLU



**PANTIÐ SKOÐUN**
hjá Jason í síma **775 1515**



**Glæsilegt 356 fm einbýlishús með 3 aukaíbúðum**

- Eignin skiptist í aðalhús (4ra herbergja og bílskúr) - 3ja herbergja íbúð á neðri hæð með sérinngangi
- Bakhús sem er útfært sem 2 íbúðir
- Önnur er stærri og er 3ja herbergja
- Minni íbúðin er stúdíóíbúð
- Stór geymsla í gestahúsinu og önnur minni við hliðina á studio íbúðinni
- Hellulagt bílaplan



Nánari upplýsingar veitir:
**Jason Kr. Ólafsson**
lögg. fasteignasali
**sími: 775 1515**
jko@miklaborg.is

Verð: **Tilboð**

## Naustavör 26
### 200 Kópavogur

NÝTT
Í SÖLU



**PANTIÐ SKOÐUN**
hjá Jason í síma **775 1515**







**Falleg og rúmgóð 230 fm íbúð við Naustavör**

- Forstofu, baðherbergi, þvottahús, stofu, eldhús, borðstofu, hjónasvítu með fataherbergi og auka baðherbergi, tvö önnur stór herbergi og sjónvarpshol.
- Íbúðin er með miklu útsýni og tveimur stæðum í bílakjallara.



Nánari upplýsingar veitir:
**Jason Kr. Ólafsson**
lögg. fasteignasali
**sími: 775 1515**
jko@miklaborg.is

Verð: **141,9 millj.**

Fasteignasalan

Miklaborg

Lágmúla 4

108 Reykjavík

**sími**

# 569 7000

**www.miklaborg.is**

**Með þér alla leið**






Ólafur Finnbogason
lögg. fasteignasali
Sími: 822 2307
olafur@miklaborg.is





## Vesturgata 71

101 Reykjavík

**Falleg og mikið endurnýjuð 116 fm 4ra herbergja íbúð á 2.hæð**

- Nýlegt eldhús, gólfefni og baðherbergi
- Þrjú góð svefnherbergi
- Tvennar svalir og fallegt útsýni

Verð: **59,4 millj.**






Anton Karlsson
lögg. fasteignasali
Sími: 771 8601
anton@miklaborg.is





## Laufásvegur 19

101 Reykjavík

**Björt og vel skipulögð 4ra herbergja 94 fm íbúð á frábærum stað í miðbænum**

- Í virðilegu húsi á frábærum stað í miðbæ Reykjavíkur
- Þrjú svefnherbergi, stofa, eldhús og baðherbergi.
- Íbúðin er á efstu hæð með glugga á þrjá vegu og útsýni yfir tjörnina.
- Húsið hefur fengið gott viðhald síðustu ár.

Verð: **55 millj.**




## Langalína 18

210 Garðabær

**Glæsileg 148 fm 4 herb. íbúð á þriðju og efstu hæð í fjölbýli**

Verð: **79,9 millj.**

- 23 fm bílskúr sem innangengt er í frá sameign
- Frábært útsýni til sjávar í átt að Esju
- Aukin lofthæð í stofu og eldhúsi
- Þvottaherbergi innan íbúðar

Nánari upplýsingar:
**s. 865 4120 Ásgrímur Ásmundsson** löggiltur fasteignasali




## Þórsgata 21

101 Reykjavík

**Glæsileg 79,6 fm rishæð**

Verð: **49,9 millj.**

- Stórar stofur, mikil lofthæð
- Glæsilegir gluggar sem setja svip á hæðina
- Endurnýjað fallegt eldhús búr innaf og baðherbergi
- Tvö svefnherbergi eldhúsi
- Sér geymsla í kjallar

Nánari upplýsingar:
**s. 845 8958 Jórunn Skúladóttir** löggiltur fasteignasali




## Kaplaskjólsvegur 93

107 Reykjavík

**Falleg 117 fm 4-5 herbergja íbúð á 5. hæð í lyftuhúsi með fallegu útsýni**

Verð: **59,9 millj.**

- Tvennar svalir í vestur og austur
- Stórar stofur
- Þrjú góð svefnherbergi

Nánari upplýsingar:
**s. 822 2307 Ólafur Finnbogason** löggiltur fasteignasali




## Leirutangi 43b

270 Mosfellsbær

**Efri hæð 92 fm innarlega í botnlanga**

Verð: **47 millj.**

- Tvö svefnherbergi ásamt svefnlofti til viðbótar
- Björt stofa, útgengt á suðurverönd
- Sér bílastæði fylgir íbúð
- Þakjárn endurnýjað

Nánari upplýsingar:
**s. 695 5520 Jón Rafn Valdimarsson** löggiltur fasteignasali




## Veghúsastígur 1

101 Reykjavík

**Vönduð og algjörlega endurnýjuð 56,6 fm 2ja herbergja risíbúð með aukinni lofthæð**

Verð: **44,9 millj.**

- Búið er að endurnýja íbúðina að innan á vandaðan máta. T.d. innréttingar, gólfefni, raflagnir og ofnalagnir.
- Húsið er í góðu ásigkomulagi hið ytra.
- Skolp og dren er endurnýjað.

Nánari upplýsingar:
**s. 893 9929 Páll Þórólfsson** löggiltur fasteignasali




## Laugarnesvegur 64

104 Reykjavík

**2ja herbergja snyrtilega kjallaraíbúð**

Verð: **22,8 millj.**

- Í búðin er með skertri lofthæð og ósampykkt
- Ástandsskýrsla um viðhaldsþörf liggur fyrir
- Inn af stofunni er svefnherbergi
- Baðherbergi er með baðkari og sturtu.

Nánari upplýsingar: **Friðrik Þ. Stefánsson** hdl. og aðst. fasteignasala
**s. 616 1313 Ólafur Finnbogason** löggiltur fasteignasali s. 822 2307

# Brenniskarð 1

221 Hafnarfjörður

NÝTT
Í SÖLU




## Nýtt fjölbýli í byggingu

221

- Vel skipulagðar 2-4ra herb. íbúðir, hagstæð verð!
- Íbúðirnar skilast fullbúnar með gólfefnum
- Innréttingar frá Axis og hægt að koma að litavali
- Afhendist í febrúar og apríl nk.
- Nýtt barnvænt hverfi í Hafnarfiði, rétt við skóla
- Unnið er að vegtengingu við Áslandshverfið

**2ja herb** íbúðir **65 fm** verð frá **38,5 millj.**
**3ja herb** íbúðir **80-84 fm** verð frá **43 millj.**
**4ra herb** íbúðir **95-109 fm** verð frá **48,9 millj.**



**Komið, skoðið** og ráðfærið ykkur við **sölumenn okkar!**





**Traustur verktaki**



Atli S. Sigvarðsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 1178
atli@miklaborg.is



Svan G. Guðlaugsson
lögg. fasteignasali
Sími: 697 9300
svan@miklaborg.is



Barbara R. Bergþórsd.
lögg. fasteignasali
Sími: 823 0339
bargara@miklaborg.is



Jón Rafn Valdimars
lögg. fasteignasali
Sími: 695 5520
jon@miklaborg.is

**VEGNA COVID-19! Fylgjum við sóttvörnum í sýningum og því er fólk beðið um að mæta með grímu og hanska og gætt er 2ja metra reglunnar.**

**569 7000 · Lágmúla 4 · miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

# FOLD FASTEIGNASALA

Sóltún 20 • Sími: 552 1400
www.fold.is • fold@fold.is



**Viðar Böðvarsson**
viðskiptafr. og lögg. fast.
vidar@fold.is / 694-1401

**Gústaf Adolf Björnsson**
íþróttafræðingur og lögg.fast
gustaf@fold.is / 895-7205

**Kristín Pétursdóttir**
lögg. fast.
kristin@fold.is / 8241965

**Anna Ólafía Guðnadóttir**
íslenskufræðingur

**Rakel Viðarsdóttir**
viðskiptalögfr. og í löggildingarnámi
rakel@fold.is / 699-0044

**Einar Marteinsson**
lögg. fast.
einarm@fold.is / 893-9132

## Bólstaðarhlíð
**2JA Á 1.HÆÐ**




Ca. 54 fm. góð íbúð í mikið endurnýjuðu húsi við Bólstaðarhlíð. Húsið er nýlega steypuviðgert og málað ásamt fleiri framkvæmdum. Hús og íbúð í góðu ástandi. Laus strax.
**Bókið einkaskoðun hjá fasteignasölum Foldar.**
**Verð 34,6 millj.**

## Suðurmýri á Seltjarnarnesi.
**EINBÝLI**




Fallegt rúmlega 93 fm. einbýli á tveimur hæðum á eignarlóð á Seltjarnarnesi. Á neðri hæð eru svefnherbergi, rúmgott baðherbergi og geymsla og á efri hæðinni eru stofur og eldhús. Hellulögð afgirt lóð. Einstakt tækifæri til að eignast lítið hús á Nesinu.
**Verð 49,9 millj. Bókið einkaskoðun hjá lögg. fasteignasölum Foldar.**

## Jörfagrund 50,
**116 REYKJAVÍK/KJALARNES. 4RA HERBERGJA.**




Vorum að fá í sölu. Ca. 92 fm. fallega 4ra herbergja íbúð með sérinngangi frá svölum á rólegum stað á Kjalarnesi. Þrjú svefnherbergi, eldhús opið í stofu. Þvottaaðstaða á baði. Geymsla innan íbúðar. Suðursvalir.**Gott verð 34,4 millj.**
**Vinsamlegast bókið skoðun: 552-1400 / fold@fold.is**

## Sumarhús á frábærum stað
**Í EYRARSKÓGI, HVALFIRÐI.**




Fallegt sumarhús á frábærum stað ofarlega í hlíðinni í Eyrarskógi, Hvalfirði. Tvö svefnherbergi og svefnloft. Baðherbergi m/ sturtu. Frábært útsýni yfir vatnið. **Verð 14,9 millj.**
**Nánari upplýsingar hjá löggiltum fasteignasölu Foldar: 552-1400 / fold@fold.is.**

## Vatnsendahlíð, Skorradalur.
**BÚSTAÐUR OG GESTAHÚS. GOTT VERÐ!**




Tvö sumarhús á frábærum stað í Skorradal: Annað er með tveimur svefnherbergjum, baðherbergi m/sturtu og eldhúsi. Hitt er byggt 2013 og skiptist í stofu, svefnherbergi, baðherbergi m/ sturtu og lítið eldhús. Frábær staðsetning með útsýni yfir vatnið og fjöllin. Sannkölluð sumarparadís fyrir fjölskylduna. **Verð aðeins 15,9 millj. Velkomið að bóka skoðun: fold@fold.is eða í s. 5521400.**

## Óskum eftir

**- íbúðum í öllum hverfum Reykjavíkur til kaups eða leigu fyrir opinberan aðila**

**- traustar greiðslur**

**- langur leigutími**

**- nánari upplýsingar á skrifstofu**

**Hvað kostar eignin mín?**
**Kíktu á www.fold.is – eða hafðu samband í síma 552 1400 / 694 1401**

**Þú finnur okkur á fold.is**



# Perlukór 1c
**203 Kópavogur**







**PANTIÐ SKOÐUN**
hjá Jórunni í síma **845 8958**

**Glæsileg 3ja herb íbúð á 1. hæð stærð 95,5 fm**

- Sérinngangur
- Fallegar stofur, með útgengt út á pall
- Sérafnotaréttur
- Þvottahús innan íbúðar
- Baðhverbergi m glugga og góðri snyrtiaðstöðu
- Barnvænt hverfi

Verð: **47,9 millj.**



Nánari upplýsingar:
**Jórunn Skúladóttir**
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is

**MIKLABORG**
**569 7000 · Lágmúla 4 · miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar





# Sérfræðingar í ráðningum

Ánægðir viðskiptavinir eru okkar besta auglýsing





**FAST** Ráðningar

lind@fastradningar.is
mjoll@fastradningar.is
www.fastradningar.is

# BÚSETURÉTTIR TIL SÖLU

## Reykjavík: Grafarvogur, Grafarholt, Reynisvatnsás, Miðbær, Norðlingaholt og Seljahverfi

BÚSETI

### BJALLAVAÐ 7 · 110 RVK.




71,7 ferm. | 2ja herb. | 102 íbúð nr.

**Búseturéttur:** 3.116.000 kr.
**Mánaðarlegt búsetugjald:** 153.977 kr.
Mögulegt lán: 1.000.000 kr.
Afhending að ósk seljanda: Sem fyrst.

### BJALLAVAÐ 11 · 110 RVK.




71,7 ferm. | 2ja herb. | 102 íbúð nr.

**Búseturéttur:** 3.378.400 kr.
**Mánaðarlegt búsetugjald:** 152.549 kr.
Mögulegt lán: 1.000.000 kr.
Afhending að ósk seljanda: Miðjan feb.

### ÞVERHOLT 15 · 105 RVK.




91,2 ferm. | 3ja herb. | 405 íbúð nr.

**Búseturéttur:** 10.016.874 kr.
**Mánaðarlegt búsetugjald:** 224.863 kr.
Mögulegt lán: 5.008.000 kr.
Afhending að ósk seljanda: Samkomulag.

### ÞVERHOLT 23 · 105 RVK.




84,5 ferm. | 3ja herb. | 204 íbúð nr.

**Búseturéttur:** 9.009.222 kr.
**Mánaðarlegt búsetugjald:** 204.902 kr.
Mögulegt lán: 4.504.000 kr.
Afhending að ósk seljanda: Sem fyrst.

### ÞVERHOLT 23 · 105 RVK.




84,5 ferm. | 3ja herb. | 304 íbúð nr.

**Búseturéttur:** 9.397.245 kr.
**Mánaðarlegt búsetugjald:** 208.197 kr.
Mögulegt lán: 4.698.000 kr.
Afhending að ósk seljanda: Samkomulag

### BREIÐAVÍK 31 · 112 RVK.




87 ferm. | 3ja herb. | 202 íbúð nr.

**Búseturéttur:** 3.975.800 kr.
**Mánaðarlegt búsetugjald:** 158.896 kr.
Mögulegt lán: 1.000.000 kr.
Afhending að ósk seljanda: Byrjun jan.

### ÞVERHOLT 23 · 105 RVK.




131 ferm. | 4ra herb. | 206 íbúð nr.

**Búseturéttur:** 12.190.510 kr.
**Mánaðarlegt búsetugjald:** 269.872 kr.
Mögulegt lán: 6.095.000 kr.
Afhending að ósk seljanda: Samkomulag.

### KRISTNIBRAUT 65 · 113 RVK.




90,6 ferm. | 3ja herb. | 301 íbúð nr.

**Búseturéttur:** 4.897.856 kr.
**Mánaðarlegt búsetugjald:** 195.598 kr.
Mögulegt lán: 1.400.000 kr.
Afhending að ósk seljanda: Byrjun des.

### KRISTNIBRAUT 61 · 113 RVK.




101,1 ferm. | 4ra herb. | 301 íbúð nr.

**Búseturéttur:** 5.329.241 kr.
**Mánaðarlegt búsetugjald:** 198.254 kr.
Mögulegt lán: 1.500.000 kr.
Afhending að ósk seljanda: Miðjan jan.

### ÍSLEIFSGATA 36 · 113 RVK.




145,8 ferm. | 5 herb. | 101 íbúð nr.

**Búseturéttur:** 11.943.388 kr.
**Mánaðarlegt búsetugjald:** 255.102 kr.
Mögulegt lán: 4.777.000 kr.
Afhending að ósk seljanda: Ármót 20/21

### ÞVERHOLT 19 · 105 RVK.




76,9 ferm. | 2ja herb. | 102 íbúð nr.

**Búseturéttur:** 7.482.370 kr.
**Mánaðarlegt búsetugjald:** 190.343 kr.
Mögulegt lán: 3.741.000 kr.
Afhending að ósk seljanda: Sem fyrst.

### ÞVERHOLT 21 · 105 RVK.




69,5 ferm. | 2ja herb. | 401 íbúð nr.

**Búseturéttur:** 7.940.321 kr.
**Mánaðarlegt búsetugjald:** 184.883 kr.
Mögulegt lán: 3.970.000 kr.
Afhending að ósk seljanda: Miðjan nóv.

### ÞVERHOLT 19 · 105 RVK.




83,3 ferm. | 2ja herb. | 301 íbúð nr.

**Búseturéttur:** 8.082.825 kr.
**Mánaðarlegt búsetugjald:** 196.417 kr.
Mögulegt lán: 4.041.000 kr.
Afhending að ósk seljanda: Samkomulag.

### ÞVERHOLT 21 · 105 RVK.




94,6 ferm. | 3ja herb. | 203 íbúð nr.

**Búseturéttur:** 10.012.658 kr.
**Mánaðarlegt búsetugjald:** 230.395 kr.
Mögulegt lán: 5.006.000 kr.
Afhending að ósk seljanda: Sem fyrst.

### ÞVERHOLT 15 · 105 RVK.




105,3 ferm. | 3ja herb. | 502 íbúð nr.

**Búseturéttur:** 13.943.552 kr.
**Mánaðarlegt búsetugjald:** 301.897 kr.
Mögulegt lán: 6.971.000 kr.
Afhending að ósk seljanda: Sem fyrst.

### ÞVERHOLT 19 · 105 RVK.




80,3 ferm. | 2ja herb. | 201 íbúð nr.

**Búseturéttur:** 7.959.291 kr.
**Mánaðarlegt búsetugjald:** 191.973 kr.
Mögulegt lán: 3.979.000 kr.
Afhending að ósk seljanda: Lok okt.

### EINHOLT 6 · 105 RVK.




107,2 ferm. | 4ra herb. | 307 íbúð nr.

**Búseturéttur:** 11.585.673 kr.
**Mánaðarlegt búsetugjald:** 252.542 kr.
Mögulegt lán: 5.792.000 kr.
Afhending að ósk seljanda: Samkomulag.

### ÞVERHOLT 19 · 105 RVK.




110,2 ferm. | 3ja herb. | 302 íbúð nr.

**Búseturéttur verð frá:** 10.865.559 kr.
**Mánaðarlegt búsetugjald frá:** 254.250 kr.
Mögulegt lán: 5.432.780 kr.
Afhending að ósk seljanda: Samkomulag.

### ÁRSKÓGAR 5 - 7 · 109 RVK.




42,2 ferm. | 1 herb. | Afhent vor 2021

**Búseturéttur verð frá:** 5.255.000 kr.
**Mánaðarlegt búsetugjald frá:** 123.923 kr.
Fyrsta umsækjanda gefst kostur á að ganga frá kaupum óháð félagsnúmeri.

### ÁRSKÓGAR 5 - 7 · 109 RVK.




93,5 ferm. | 3ja herb. | Afhent vor 2021

**Búseturéttur verð frá:** 9.851.000 kr.
**Mánaðarlegt búsetugjald frá:** 216.388 kr.
Fyrsta umsækjanda gefst kostur á að ganga frá kaupum óháð félagsnúmeri.

### ÁVINNINGUR

- Örugg búseta
- Minni fjárbinding
- Réttur til vaxtabóta
- Lægri kaup- og sölukostnaður
- Búseti sér um ytra viðhald

Birt með fyrirvara um villur og breytingar

### INNIFALIÐ Í BÚSETUGJALDI

Fjármagnskostnaður, skyldutryggingar, hiti, fasteignagjöld, hússjóður, þjónustugjald og framlag í viðhaldssjóð.

**BUSETI@BUSETI.IS**

### ÁÐUR AUGLÝSTAR ÍBÚÐIR

Fyrsta umsækjanda gefst kostur á að ganga frá kaupum óháð félagsnúmeri. Ef ekki berst hámarkstilboð hefur seljandi rétt til að gera gagntilboð eða hafna tilboðinu.

**S. 556 1000**

### NÝTT Í SÖLU

**Umsóknarfrestur:** Til 11. nóv. kl. 16.
**Rafræn úthlutun:** 12. nóv. kl. 12.
Umsækjendum er raðað í röð þar sem hæstbjóðandi er efstur. Þegar um sömu tilboðsfjárhæð er að ræða er farið eftir félagsnúmeri.

**BUSETI.IS**

# Ódýrasti smájeppinn fyrir íslenskar aðstæður

AÐEINS 33.830 Á MÁNUÐI*



# DACIA 4x4 DUSTER

VERÐ FRÁ AÐEINS
**2.790**
ÞÚSUND stgr.

Skoðum með uppítöku á öllum tegundum bifreiða

- Beinskiptur
- Bensín
- 114 hö.

Listaverð hjá umboði: **4.450** þús

**Komið** og reynsluakið

* m.v 20% útborgun og lán til 84 mánaða.

Bílar í ábyrgð - Allt að 100% lánamöguleiki - Til í ýmsum litum - Góð endursala

**586 1414**
stora@stora.is · stora.is
facebook.com/storabilasalan
Kletthálsi 2 · 110 Reykjavík

**kaffi á könnunni**
opið mán-fös 10-18
lau 12-15

2017-2019 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri
Viðskiptablaðið keldan

**STÓRA BÍLASALAN**
*...á verði fyrir þig!*





Tilboð
54.990 kr
(var 59.395 kr)

BÆTIR LOFTGÆÐI
JAFNAR HITASTIG

Tilboð
19.990 kr
(var 21.484 kr)



Jet II - 105 cm

Tilboð
21.990 kr
(var 23.075 kr)



Jet 1 - 105 cm

Loftviftur eru snjöll leið til að dreifa varma og koma hreyfingu á loft. Loftviftur henta því vel í stofur, svefnherbergi, skrifstofur, í vöruhús og verksmiðjur. Á sumrin henta vifturnar til að kæla en á veturna til að jafna hitastig og draga úr kyndingu.

Tilboð
134.990 kr
(var 150.853 kr)



Risavifta - 254 cm
Fyrir stór rými eða mikla lofthæð

Tilboð
59.990 kr
(var 65.373 kr)



Cyclone
132 cm

Tilboð
24.990 kr
(var 27.367 kr)



# KÍKTU Á ÚRVALIÐ AF LOFTVIFTUM

íshúsið
viftur.is
-andaðu léttar

S:566 6000 ● Smiðjuvegur 4a, græn gata, 200 Kópavogur

fram undan og hagar akstrinum samkvæmt því. Til dæmis hægir hann sjálfur á bílnum ef ekið er fram á merki sem sýnir lækkaðan hámarkshraða ef að ökumaður er ekki lengur með fótinn á gjöfinni.

### Mjög gott aðgengi

Það er nóg pláss frammi í ID.3 og gildir þá einu hvort um höfuðrými eða innstig sé að ræða. Sama má segja um hólf í framsætum en nóg pláss er fyrir alla hluti. Sætin eru frekar stór og þægileg en mættu veita meiri hliðarstuðning þegar bílnum er hent í beygjurnar. Auðvelt er að stilla sætin í kjörstöðu en það hefði mátt hafa hæðarstillingu á öryggisbelti svo notkun þess væri þægilegri. Flest í mælaborði er vel staðsett fyrir utan takkaborð vinstra megin sem stýrir þáttum eins og ljósum og hita í fram- eða afturrúðu. Það þarf að teygja sig vel í það sem er óþægilegt við akstur. Eins hefði mátt hafa opnun á hurðalæsingu inni í bílnum því það er bagalegt að þurfa að hleypa farþega inn með því að taka í hurðarhúninn.

Útsýni úr bílnum er frekar gott þrátt fyrir tvöfalda bita við framrúðu og útsýni er gott aftur. Höfuðrými er líka gott í aftursætum og fótarými er alveg þokkalegt. Kostur er að flötu gólfi sem að miðjusætisfarþeginn mun kunna að meta. Farangursrými er í betra lagi og þótt aðeins sé hægt að fella sæti 60/40 er einnig svokölluð skíðalúga fyrir lengri hluti. Hægt er að stilla hæðina á gólfinu sem gerir lestun þægilegri. Í stuttu máli fær bíllinn góðan plús fyrir aðgengi.



Auðvelt er að nota hleðsluna en kapall fyrir bæði AC-hleðslu og heimainnstungu fylgir bílnum. MYNDIR/TRYGGVI ÞORMÓÐSSON



Bíllinn er frekar snubbóttur að framan enda engin þörf á öðrum búnaði þar en áfyllingu fyrir rúðu- og hemlavökva ásamt loftkælingu.

### Hljóðlátur og þýður

Þrátt fyrir sín tæplega 1.800 kíló er þægilegt að keyra bílinn. Hann er sérstaklega hljóðlátur og þýður og frekar snöggur af stað án þess að það sé með of miklu togi í byrjun. Að vísu er hann ekki eins snöggur að taka við sér þegar hann er á ferðinni og Tesla Model 3 en aflið er nægilegt og vel viðunandi. Þó að blaðamaður hafi haft bílinn í fjóra til fimm daga og notað hann talsvert, meira að setja í eina sumarbústaðarferð, þurfti ekki að hlaða bílinn á meðan reynsluakstrinum stóð. Reyndar voru aðeins 26 kílómetrar eftir af drægi bílsins en

> **Það er nóg pláss frammi ID.3 og gildir þá einu hvort um höfuðrými eða innstig sé að ræða.**

mælirinn er nákvæmur og óhætt að treysta vel á hann.

Fjöðrun bílsins er nokkuð góð miðað við rafbíl. Hún er frekar stinn eins og búast mátti við fyrir svona þungan bíl en samt að mestu laus við dynki. Auðvitað er fjöðrunin betri í VW Golf til að mynda en hún ræður samt vel við allan borgarakstur og leggur bíllinn ekki mikið til hliðanna í beygjum.

### Samkeppnishæfur í verði

Óhætt er að fullyrða að meira að segja í grunnútfærslu fái maður vel búinn bíl í ID.3. Nægir að nefna 18 tommu álfelgur, lyklalaust aðgengi, díóðulýsingu, díóðuljós, stæðaaðstoð, raddstýringu og sjálfvirka miðstöð með loftkælingu.

Nissan Leaf kostar frá 4.890.000 kr. í sinni ódýrustu útfærslu en segja má að N-Connecta sé nær honum í búnaði en hann kostar frá 5.090.000 kr. Sama er uppi á teningnum í Kia Niro sem kostar frá 4.890.777 kr. Til að hann nái ID.3 í grunnbúnaði þarf að velja Style útfærsluna sem kostar frá 5.290.777 kr. Ekki verður hjá því komist að taka Tesla Model 3 inn í þennan samanburð þótt um öðruvísi bíl sé að ræða. Grunnútfærsla hans kostar frá 6.363.000 kr., reyndar þá með aldrifi. Það er því sanngjarnt að segja að Volkswagen ID.3 sé vel samkeppnishæfur í verði miðað við helstu keppinauta.



## Kemur öflugri Super Duke á næsta ári?

Sá orðrómur er uppi að mikilla tíðinda sé að vænta frá austurríska framleiðandanum KTM. Eru tíðindin í formi öflugri útgáfu 1290 Super Duke hjólsins í ljósi velgengi merkisins í MotoGP. Verður hjólið þó aðeins framleitt í minna en 500 eintökum. Eins og búast má við verður hjólið búið allra nýjustu tækni í spólvörn og þess háttar.

Einnig verður notkun koltrefja allsráðandi og sérstakir léttmálmar í fótstigum og handföngum. Sérstakt Akrapovic púststkerfi verður í hjólinu og það verður níu kílóum léttara en hefðbundna hjólið að sögn tímaritsins Motociclismo. Þótt hjólið



**KTM Super Duke R kemur væntanlega í öflugri RR útgáfu á næsta ári.**

hafi ekki fengið nafn ennþá er búist við að það verði einfaldlega kallað Super Duke RR og ef orðrómurinn er sannur munum við sjá eitthvað meira snemma á næsta ári.



**Rafhjólið er með hvítum dekkjum, gamaldags hnakki og reim í stað keðju, eins og fyrsta mótorhjól Harley-Davidson sem kom fram árið 1903.**

## Rafmagnsreiðhjól frá Harley-Davidson

Harley-Davidson hefur kynnt til sögunnar rafmagnsreiðhjól undir merki Serial 1, sem er fyrirtæki innan Harley-Davidson Company. Hjólið ber samt merki Harley-Davidson á afturgafflinum og ber þess merki að sækja hönnun sína til fyrsta Harley-Davidson mótorhjólsins sem kom fram á sjónarsviðið árið 1903.

Fyrsta mótorhjól Harley-Davidson var einfaldlega kallað Serial one innan fyrirtækisins, sem var bara lítill skúr á þessum tíma, svo að nafnið á rafhjólamerkinu er sterk tilvísun líka. Nú, 117 árum síðar, kynna lykilstarfsmenn innan Harley-Davidson þetta rafhjól sem byggt var á síðustu vikum, sem einstakt eintak. Það virðist þó vera byggt á grunni frumgerða rafmagnsreiðhjóla sem Harley-Davidson hefur verið að þróa og sýnd voru á EICMA sýningunni árið 2019. Það sem er sérstakt við nýja hjólið er hversu mikið af útliti sínu það sækir í fyrsta mótorhjólið. Dekkin eru hvít eins og á 1903 mótorhjólinu og hnakkurinn er gamaldags gormahnakkur klæddur brúnu leðri. Loks er drifið á hjólinu brún reim í stað keðju, sem eitt og sér er sterk tilvísun í gamla hjólið sem dreif afturdekkið með brúnni leðurreim. Loks er mótorinn sjálfur í grindinni, í stað miðju afturfelgunnar eins og vinsælt er í rafhjólum. Hvort að þetta fallega rafhjól nái í sýningarsali Harley-Davidson er ekki sagt í tilkynningu frá Serial 1, en vorið 2021 mun þó vera sá tími sem reiðhjól merkisins fara á markað.

## Ný kynslóð Yamaha MT-09

Mótorhjól fyrir árið 2021 eru nú farin að birtast eitt af öðru á frumsýningum á netinu. Eitt þeirra er endurnýjað Yamaha MT-09 sem kemur með nýju útliti, minni þyngd og stærri vél en áður.

Nakin mótorhjól í millistærðarflokki hafa verið góð söluvara og vinsældir þeirra halda áfram að aukast. Vélin er nú orðin 889 rúmsentimetrar sem skilar meira afli og togi. Með þessari þriðju kynslóð er gerð töluverð breyting á útliti. Búið er að skipta út tvöföldu framljósunum fyrir eitt díóðuaðalljós og kominn eru tvö díóðudagljós sitt hvorum megin. Vélin er sýnilegri en áður, sem og fjöðrun hjólsins en búið er að færa bensíntankinn neðar á hjólið. Pústkerfið er líka fyrirferðarminna en áður og nær vélinni, auk þess að vera léttara. Vélin uppfyllir hinn nýja Euro5 mengunarstaðal, þrátt fyrir meira afl. Togið er neðar á snúningssviðinu en áður, sem ætti að gera hjólið enn skemmtilegra í akstri. Margir völdu áður að fá sér SP útgáfuna til að fá betri fjöðrun en nýja hjólið fær 41 mm fjölstillanlega KYB framdempara. Einnig er endur-



**Öflugri vélin er sýnilegri en áður og allt þar í kringum er samanreknara.**

hönnuð KYB fjöðrun að aftan, sem líka er stillanleg. Felgurnar eru enn léttari en áður enda steyptar í einu lagi. Hjólið mun koma í þremur litum þegar það kemur á markað í mars á næsta ári.



**Sams konar Excelsior-mótorhjól og selt var á uppboði nýlega, með annars konar gasljóskeri en hjól Ossians.**

# Mótorhjólamyndin í kýrauganu

**Í grúski bílablaðamanns Fréttablaðsins um gömul mótorhjól, kemur stundum eitthvað skemmtilegt upp úr dýpi liðinna daga. Ég hafði rekist á frásögn um Ossian Westlund og „tvíhjólabifreið“ hans frá því um 1920 á yfirferð um netið og ákvað að setja mig í samband.**

Afabarn hans, Súsanna Rós Westlund, varð fyrir svörum og fljótlega kom í ljós að mynd væri til af karlinum. „Sú mynd er í kýrauga úr messing, ótrúlega flott mynd,“ sagði hún. Fékk ég ljósmynd af myndinni senda og sá þá að um mjög gamalt hjól var að ræða. Hjólið á myndinni er Excelsior Model 7-C, skráð 8 hestöfl, eins og slegið var upp í auglýsingum fyrir hjólið. Í gömlum skráningarpappírum frá 1922 kemur fram að til hafi verið átta hestafla Excelsiorhjól fram til ársins 1921, með grindarnúmerið 96061. Það þýðir að það var framleitt 1914-15, sem passar við hjólið á myndinni og er því um elsta mótorhjól sem til er á mynd hérlendis að ræða.



**Ossian Westlund veifar kumpánlega til ljósmyndarans gegnum kýraugað.**

### Bestu mótorhjól síns tíma

Excelsior mótorhjólin voru hraðskreiðustu og áreiðanlegustu hjólin í Bandaríkjunum á sínum tíma og unnu meðal annars tvær fyrstu Cannonball þolakstурskeppnirnar. Excelsior V2 með 61 kúbiktommu vél eins og þetta, var fyrsta framleiðslumótorhjólið til að ná 100 mílna hraða árið 1912. Árið 1914 var hjólið komið með tveggja gíra kassa og blaðfjöðrun að framan eins og sést á þessu hjóli. Þriggja gíra kassi kom árið 1915 en því miður sjáum við ekki á myndinni hvort hann sé í hjólinu eða ekki. Árið 1921 keypti Excelsior Henderson merkið og þar með voru dagar þessa V2 mótors taldir.

### Seldi hjólið til Svíþjóðar

Súsanna sagði einnig að til væri gömul grein um afa hennar og mótorhjólið. Í Morgunblaðinu þann 13. mars 1931 er fjallað um Westlund. Þar er meðal annars minnst á bifhjólið og sögu tengda því. Við grípum niður í frásögn Morgunblaðsins um mótorhjólið. „Svo var það einn góðan veðurdag, að maður var á bifhjóli inn við Elliðaár. Hjólið datt í árnar. Það skemdist. Eigandinn fjekk ekki gert við það og seldi það fyrir hálfvirði en Westlund keypti. Bifhjól eru merkilegir gripir. Það fanst Westlund. Hann plokkaði hjólið alt í sundur ögn fyrir ögn, og einkum þó hreyfilinn. Af því lærði hann margt. Margar tilraunir gerði hann. En að því kom að bifhjólið var sem nýtt og Westlund settist á bak, margfróðari um hreyfla og hjól, en er hann byrjaði. Ári seinna fór hann í skemmtiferð um Noreg og Svíþjóð á hjólinu. Hann seldi það í Málmey nokkur hundruð krónum dýrara en hann hafði keypt það.“ Í einkasafni í Helsingborg í Svíþjóð má meðal annars finna safn mótorhjóla sem nú er reyndar lokað, þar sem erfingjar eru að selja safnið. Meðal gripa þar er Excelsior mótorhjól af sömu árgerð, einnig með hliðarvagni og sams konar ljóskeri. Leiða má líkur að því að um sama hjól sé að ræða, en framtíðin mun vonandi leiða það í ljós.

## Harley-Davidson Pan America á markað næsta vor

Harley-Davidson er um það bil að setja á markað hjól sem keppa mun á markaði þar sem ríkir mikil samkeppni. Er það í formi Pan America ferðahjólsins sem nýlega náðust myndir af nánast fullbúnu. Vitað hefur verið af tilurð þess í nokkurn tíma, enda hjólið merkt sem framtíðarmódel á heimasíðu Harley-Davidson. Það var einnig sýnt sem tilraunahjól á EICMA sýningunni í nóvember í fyrra. Myndunum var „lekið“ af starfsmönnum Harley-Davidson, ásamt staðfestingu á því að hjólið yrði kynnt á næsta ári. Hjólið virðist fullbúið á myndunum með litaskjá í mælaborði og fullbúið til ferðalaga.



**Pan America-hjólið virðist vera tilbúið á markað á þessum myndum sem lekið var frá verksmiðjunni.**

**» Myndunum var lekið af starfsmönnum Harley-Davidson.**

Ekkert hefur heyrst enn þá hvort hjólið verði samkeppnishæft í verði, til að mæta stífri samkeppni frá merkjum eins og BMW, Honda, Ducati og KTM.




**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**Bílasala Reykjaness**
Reykjanesbæ
www.bilasalareykjaness.is
419 1881

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



Alls staðar má sjá vindskeiðar, vængi eða loftgöng til að bíllinn verði sem stöðugastur á vegi enda veitir væntanlega ekki af með allt þetta afl.

## Ofursportbíll með 5.200 hestöfl

Búlgarski ofursportbíllinn Alieno Arcanum kom fyrst fram á sjónarsviðið árið 2018 í tölvumyndum en nú virðist meira vera að gerast hjá þessum framleiðanda. Tilkynnt hefur verið um tæknibúnað bílsins, sem er rafdrifinn og mun hafa allt að 24 rafmótora. Hægt verður að hafa fjórar aflútfærslur og er sú kraftminnsta „aðeins“ 2.610 hestöfl. Sú útfærsla er líka aðeins að skila 4.400 newtonmetra togi sem er helmingi minna en í aflmestu útfærslunni. Kallast útfærslurnar RP2, RP3 RP4 og RP5 sem skilar 5.221 hestafli og 8.800 newtonmetra togi. RP3 skilar 3.481 hestafli og RP4 4.351 hestafli.

Bíllinn er eins og stór Lamborghini að sjá enda er hann 5.240 mm að lengd og 2.180 mm breiður. Nafnið Alieno þýðir geimvera á ítölsku og ekki að undra. Grindin er smíðuð úr Kevlar, koltrefjum og áli og yfirbyggingin er blanda af koltreflum og Kevlar. Vindskeiðar og vindgöng ásamt loftfræðihönnuðum undirvagni búa til loftflæði sem heldur honum við veginn enda er hámarkshraðinn 488 km/klst.

Til að halda þyngdinni niðri eru mótorarnir í hjólmiðjunum og eru þrír í hverju hjóli í aflminnstu útgáfunni og allt upp í sex í þeirri öflugustu.

Rafhlaðan kemur í þremur útfærslum, 60, 120 og 180 kWst, og er drægi þeirra 340, 680 og 1.020 km. Hægt er að tengja bílinn við allt að 2.700 kW hleðslustöð, og ef einhver finnur slíka stöð er hægt að hlaða hann á þremur mínútum. Við 350 kW hleðslustöð er hleðslutíminn 14 mínútur. Ekki er gefið upp hvað langan tíma tekur að hlaða hann með 22 kW hleðslubúnaðinum sem fylgir bílnum.

Hvað skyldu svo herlegheitin vikta? Með stóru rafhlöðunni er bíllinn 2,9 tonn sem er eins og stærsta gerð af jeppa og rúmlega það en með minnstu rafhlöðunni er hann 1,6 tonn. Til að stoppa þessa þyngd er bremsukerfið með 440 mm diskum með tíu stimpla dælum.

Hægt hefur verið að panta bílinn í nokkurn tíma og líklega aukast pantanir við útgáfu þessara tækniupplýsinga. Verðið mun þó standa í flestum en það er frá 125-250 milljónum króna.



Nýr Suzuki Across er sami bíll og RAV4 PHEV að öllu leyti nema útliti framenda þar sem komin eru þynnri aðalljós og endurhannað grill.

## Suzuki Across kominn í sölu

Suzuki hefur hafið sölu á Across-tengiltvinnbílnum sem er hluti af samstarfi bílamerkisins við Toyota. Er hann boðinn hjá Suzuki á 8.590.000 krónur en Toyota RAV4 sem er í grunninn sami bíll er á 8.550.000 krónur.

Bílablaðamaður Fréttablaðsins hafði bílinn til prófunar á dögunum og er skemmst frá að segja að bíllinn er í engu frábrugðinn RAV4 PHEV fyrir utan smávægilegar útlitsbreytingar.

Að innan þekkir maður muninn einungis út frá Suzuki-merkinu í stýrinu en framendinn er það sem skilur bílana að útlitslega með mjórri aðalljósum og öðruvísi grilli. Þótt vissulega sé hér kominn dýrasti Suzuki-bíllinn er hann líka sá langöflugasti með sín rúm 300 hestöfl. Sama upptak er í hundraðið eða aðeins sex sekúndur sem er einnig það besta sem sést hefur í Suzuki-bíl.



Sama innrétting er í bílunum og eini munurinn er Suzuki merkið í stýrinu.

Hvernig salan verður á þessum systurbílum á eftir að koma í ljós en vissulega eru tengiltvinnvæddir jepplingar góð söluvara um þessar mundir. Þeir sem annars gætu þurft að bíða eftir Toyota-bílnum fá sama bílinn í Suzuki Across og því getur verið kostur að hafa bílinn á sölu hjá tveimur umboðum.



Mercedes-Benz EQA er að koma til landsins í febrúar en hann verður með 400 km drægi.

# Hvaða rafbílar eru væntanlegir á markað hérlendis árið 2021?

Rafbílar eru að verða heit söluvara og ekki síst á Íslandi þar sem að tæplega fjórðungur bílasölu í október var 100% rafdrifinn. COVID-19 faraldurinn hefur haft áhrif á komu þeirra til landsins en það styttist þó í marga eftirtektarverða rafbíla á næstu mánuðum. Hér er stutt yfirferð um þá bíla sem væntanlegir eru á markað á Íslandi á næstunni og hvenær þeir koma á markað í Evrópu. Haft var samband við umboðin og spurt hvenær rafbílar þeirra væru væntanlegir á markað hérlendis.



Maxus MPV er sjö sæta bíll sem kemur um áramót.

### Suzuki umboðið

Suzuki umboðið hefur hafið sölu á Maxus rafbílamerkinu sem framleitt er í Kína. Fyrsti bíllinn er kominn á markað sem sendibíll en sjö manna rafbíllinn Euniq MPV er væntanlegur í lok þessa árs. Fleiri bílar eru í burðarliðnum hjá Maxus en ekki er vitað hvenær og hvort þeir komi hingað til lands.



Fyrstu eintök Volkswagen ID.4 rafjepplingsins koma í byrjun árs til landsins.

### Hekla

Það styttist í afhendingu fyrsta ID.4 rafjepplingsins en fyrstu bílarnir munu koma hingað til lands í janúar. Audi Q4 rafbíllinn var frumsýndur sem tilraunabíll á bílasýningunni í Genf vorið 2019 en kemur sem fimmti rafbíll Audi á næsta ári. Hann kemur á sama undirvagni og ID.4 og mun koma ásamt Audi e-GT hingað til lands í byrjun maí. GT bíllinn er hins vegar byggður á sama undirvagni og Porsche Taycan og verður með tveimur rafmótorum sem samtals skila 582 hestöflum. Rafhlaðan verður 96 kWst og mun geta notað 350 kW hleðslustöðvar. Skoda Enyaq er ekki staðfestur til landsins ennþá en hann mun væntanlega koma hingað næsta sumar.



BMW iX3 er mjög svipaður X3 í útliti en kemur ekki hingað til lands fyrr en hann verður boðinn fjórhjóladrifinn.

### BL

Sá rafbíll sem mest er beðið eftir við Sævarhöfðann er BMW iX3. Hann kemur til að byrja með aðeins með afturhjóladrifi en verður með 80 kWst rafhlöðu og 460 km drægi. Hann mun fara í sölu í Evrópu næsta vor en mun ekki koma til Íslands fyrr en hann verður boðinn í fjórhjóladrifinni útgáfu, sem kemur ekki alveg strax. Einnig styttist í Dacia EV rafbílinn sem á að verða sá ódýrasti á markaði. Verður opnað fyrir pantanir á honum næsta vor en enn er óvíst hvenær hann komi hingað til lands á næsta ári.



Volvo XC40 Recharge kemur væntanlega til landsins seint næsta sumar en ekki er víst hvort Polestar merkið komi hingað ennþá.

### Brimborg

Citroen C4 er væntanlegur með mikilli útlitsbreytingu en bíllinn breytist úr fólksbíl í framdrifsbíl með jepplingslagi. Hann kemur einnig í 100% rafútgáfu og kallast á e-C4 og verður á CMP-rafbílaundirvagninum. Það er sami undirvagn og í Peugeot 208 og Opel Corsa-e. Hann kemur með 50 kWst rafhlöðu og 134 hestafla mótor. Drægið verður 350 km og hröðunin 9,7 sekúndur í hundraðið. Er nýja C4 línan væntanleg til Íslands um næstu áramót. Volvo XC40 Recharge P8 er fyrsti rafbíll Volvo og er væntanlegur á næsta ári, en hann notar sama rafbúnað og Polestar 2. Hann verður með tveimur rafmótorum og skilar rúmum 400 hestöflum. Drægið verður um 400 km og hann kemur hingað til lands næsta sumar ef allt gengur eftir. Síðast en ekki síst eru margir að bíða eftir komu Ford Mustang Mach-E til landins en hann mun koma hingað einhvern tímann á næsta ári. Ford hefur seinkað afhendingum í Evrópu sem byrja ekki fyrr en næsta vor.



Ekki er vitað hvenær Fiat 500 rafbíllinn kemur til landsins þótt búið sé að lofa honum 2021.

### Ísband

Eini rafbíllinn sem væntanlegur er í Mosfellsbæinn á næsta ári er Fiat 500. Hann mun koma með 117 hestafla rafmótor og 42 kWst rafhlöðu sem dugir honum til 320 km drægis svo hann ætti að vera samkeppnishæfur. Hann mun fara í sölu í Evrópu næsta vor en óvíst er hvenær hann kemur til landins þótt umboðið lofi að hann muni koma 2021.



Opel Mokka rafbíllinn er væntanlegur á næsta ári eins og rafútgáfa Korando.

### Bílabúð Benna

Hefðbundnar útgáfur nýs Korando eru þegar komnar í sölu hérlendis og það styttist í sölu á Korando EV í Evrópu. Rafútgáfan er mjög svipuð útlitslega og verður fjórhjóladrifin auk þess að vera með góða dráttargetu. Korando EV mun koma á seinni hluta næsta árs til landsins en Opel Mokka rafbíllinn er einnig væntanlegur á næsta ári.

### Askja

Mercedes EQA mun fá útlit sitt frá GLA jepplingnum til að auka rými innan dyra. Ekki hefur enn verið látið uppi hvaða driflína verður í bílnum en hann verður með 400 km drægi. Það styttist í að bíllinn komi til Íslands því hann er væntanlegur hingað í byrjun febrúar. EQV er handan við hornið og munu fyrstu eintök koma í næstu viku en EQS er væntanlegur með haustinu.

### Tesla

Þótt sala á Model Y sé víða hafin er þessi Tesla jepplingur ekki væntanlegur hingað alveg strax. Mun fyrst verða hægt að panta bílinn síðsumars 2021 og alls er óvíst hvenær fyrsta sendingin kemur. Hann er á sama undirvagni og Model 3 og verður einnig fáanlegur í Performance útgáfu. Tesla Model S Plaid er þegar kominn í pöntunarferli og spurning hvort að einhver hérlendis muni panta þennan öfluga rafbíl sem verður aðeins tvær sekúndur í hundraðið

# Mössun og keramíkhúðun

## Motormax býður SONAX keramíkhúðun á frábæru **kynningarverði**

| | |
|---|---|
| Litlir fólksbílar | Verð frá 79.900 kr. |
| Stórir fólksbílar & jepplingar | Verð frá 99.900 kr. |
| Jeppar | Verð frá 109.900 kr. |
| Breyttir bílar & sendibílar | Verðtilboð |









## Starfsmenn Motormax dekra við bílinn með SONAX vörum

Profiline CC36 (ceramic coating 36) frá Sonax veitir lakki bílsins langtímavörn gegn UV geislum, eiturefnum og öðrum umhverfisáhrifum, svo sem salti, tjöru og vegryki. Umbreyttar nanóagnir tengjast saman og mynda þannig sérlega sterkan varnarhjúp svo að yfirborðið verður einstaklega vatnsfráhrindandi, hrindir frá sér ryki og verður sérlega auðvelt í þrifum. Varnarhjúpurinn eykur styrk og mótstöðu lakksins, gefur hámarksgljáa, frískar upp á liti og veitir þeim um leið einstaka dýpt.

**Vörnin endist í allt að 36 mánuði sé bíllinn þjónustaður árlega.**



**Bókaðu tíma í keramíkhúðun hjá Motormax í síma 545 4040 eða á motormax@motormax.is**

MotorMax
Bónstöð

Motormax ehf.
Vatnagörðum 12
Sími: 545 4040

motormax@motormax.is

# Sala nýrra fólksbíla jókst í október

Samkvæmt fréttatilkynningu frá Bílgreinasambandinu seldust 740 nýir fólksbílar í október sem eru 12% fleiri bílar en í október í fyrra. Er þetta þriðji mánuðurinn af síðustu fjórum þar sem verður söluaukning á milli ára, þar sem aukning varð einnig í júlí og september. Á fyrstu 10 mánuðum ársins hafa nú selst 8.008 nýir fólksbílar, eða 23,7% færri en á sama tímabili í fyrra. Sala til einstaklinga hefur aukist á árinu um 1,9% á fyrstu 10 mánuðum ársins og sala til almennra fyrirtækja, annarra en bílaleiga hefur einungis dregist saman um 2,0% það sem af er ári.

Í heildina standa nýorkubílar fyrir 54,7% allra seldra nýrra fólksbíla á árinu. Sé eingöngu horft til einstaklinga er þetta hlutfall enn hærra eða 67,3% af öllum seldum nýjum fólksbílum til þeirra. Það er því ljóst að samdráttinn í heildarsölunni það sem af er ári má fyrst og fremst rekja til færri seldra bíla til ferðaþjónustunnar, en selst hafa 56,6% færri nýir bílaleigubílar í ár en í fyrra. Við slíku var að búast í ljósi ástandsins.



Aðeins er búið að forsýna afturenda Golf R en við fáum að sjá allt saman á morgun.

# Frumsýning Golf R verður á morgun

Volkswagen mun frumsýna nýjan Golf R á einni stærstu frumsýningu ársins á morgun, miðvikudaginn 4. nóvember. VW birti af því tilefni í gær mynd sem sýnir afturhluta bílsins með R-merkinu undir VW merkinu. Við höfum áður birt myndir af bílnum sem náðst hafa án dulargervis og verður spennandi að sjá hvort hann verði eins og á þeim.

Þótt ekki sé búið að tilkynna um tækniupplýsingar bílsins vitum við af glæru sem lekið var frá VW að öflugasta útgáfan verður 329 hestöfl sem er 33 hestöflum meira en áður. Aflið kemur frá tveggja lítra vélinni úr Tiguan R og verður hún með stórri forþjöppu.




Mynd Ford af eins hurð og á dísilútgáfunni bendir til sama útlits.

# Ford frumsýnir rafdrifinn Transit

Ford hefur tilkynnt að rafdrifin útgáfa Transit sendibílsins verði frumsýnd í næstu viku, nánar tiltekið 12. nóvember næstkomandi. Bíllinn mun fara í sölu á næsta ári og keppa við e-Expert frá peugeot og Opel Vivaro-e.

Ford hefur ekki tilkynnt neinar tækniupplýsingar ennþá en hann mun þurfa að hafa meira en 300 km drægi til að teljast samkeppnishæfur. Myndin sýnir hurð bílsins sem lítur út fyrir að vera eins og á dísilbílnum sem bendir til þess að sama útlit verður á bílnum. Búast má við einhverjum breytingum innandyra í formi nýs mælaborðs.

# Stór innköllun á Polestar 2 rafbílnum

Hinn nýi Polestar 2 rafbíll hefur verið innkallaður vegna galla sem lýsir sér þannig að bíllinn missir skyndilega afl. Kemur innköllunin til vegna kvartana frá fjölda kaupenda sem þegar höfðu keypt bílinn og uppgötvað þetta. Innköllunin nær til 4.586 bíla í Evrópu en þar sem sala á honum er ekki hafin hérlendis nær hún ekki hingað til lands.

Að sögn framleiðandans er búið að rekja gallann til straumbreyta sem breyta straumnum frá rafhlöðunni svo að rafmótorarnir geti notað hann. Samhliða þessu hefur Polestar ákveðið þjónustuinnköllun á bílnum vegna kælikerfis fyrir káetu og rafhlöðu bílsins og nær hún bara til bíla snemma í framleiðsluferlinu. Þeir sem lagt hafa inn pöntun á Polestar 2 þurfa ekki að hafa áhyggjur þar sem að bílarnir sem ekki eru seldir verða lagaðir strax. Hætt er þó við að innköllunin muni leiða til seinkunar á afhendingum og hugsanlega seinkunar á að merkið komi hingað til lands.




**Polestar 2 hefur verið innkallaður vegna galla í straumbreytum sem valdið geta því að bíllinn stoppar skyndilega.**





Taktu Krók á leiðarenda

Krókur er fyrirtæki sem að hefur sérhæft sig í flutningum og björgun ökutækja. Félagið rekur einnig þjónustumiðstöð fyrir tjónaökutæki þar sem veitt er ahliða þjónusta í meðhöndlun tjónabifreiða og annarra bifreiða samkvæmt óskum viðskiptavina.

Krókur býður m.a. uppá:
• Starfsmenn sem eru þjálfaðir og reyndir í bíla- og tækjaflutningum

KRÓKUR
á þinni leið

Vesturhraun 5 210 Garðabær

# Ert þú að fara á fjöll?



**SHERPA HÚFA**
hlý og flísfóðruð
**6.590 kr.**

**OSPREY BAKPOKI**
**31.990 kr.**

**SHERPA ÞRIGGJA LAGA SKEL**
vatnsheld og vindvörn.
**49.990 kr.**

**SHERPA FLÍSPEYSA**
hlý m/háum kraga
**11.990 kr.**

**ICEBREAKER**
síðerma ullarbolur
**14.990 kr.**

**EXTREMETIES VETTLINGAR**
vatnsheldir og hlýir m/góðu gripi
**6.490 kr.**

**ICEBREAKER**
ullarnærbuxur
**6.590 kr.**

**FERRINO FÓÐRAÐAR GÖNGUBUXUR**
vind- og vatnsfráhrindandi
**34.990 kr.**

**TREKMATES LEGGHLÍFAR**
vatnsheldar (GORE-TEX® XCR®)
**10.490 kr.**

**AKU SUPERALP GÖNGUSKÓR**
vatnsheldir (Gore-Tex)
**42.990 kr.**

**ICEBREAKER**
ullarbuxur
**14.990 kr.**

**ICEBREAKER**
ullarsokkar
**3.990 kr.**


Osprey Stratos - 26 lítra
31.990 kr.


Lambhúshetta m/vindvörn
8.490 kr.


Ferðasessa
2.990 kr.


Ferðabolli
2.190 kr.


Vatnheldar lúffur/skeljar
14.990 kr.


Neyðarskýli
8.990 kr.


GSI brúsi heldur heitu/köldu
6.990 kr.


Höfuðljós
14.990 kr.


Vatnsheldir hanskar m/gripi
6.490 kr.


Nalgene vatnsbrúsi
3.390 kr.


Áttaviti
14.690 kr.


Hálkubroddar
7.990 kr.


Jobe gleraugu
9.990 kr.

GG•SPORT
Smiðjuvegur 8, 200 Kóp.
Græn Gata | 571 1020
www.ggsport.is

# Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Þjónusta

### Pípulagnir

**PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA**
Viðgerðir, viðhald og nýlagnir.
**Uppýsingar í síma 868-2055**

### Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta
Þvegillinn
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

### Málarar

Getum bætt við okkur verkefnum innan og utanhús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

**REGNBOGALITIR EHF.**
Alhliða málningarþjónusta. Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Vönduð vinnubrögð og vanir menn. Sími 8919890 eða malarar@simnet.is

### Garðyrkja

**PROSTONE**
» Jarðvinna
» Drenlagnir
» Hellulagnir
» Þökulagnir
Þjónustum einstaklinga, fyrirtæki og húsfélög
519 7780
prostone@prostone.is

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

**PROSTONE**
» Smíðavinna
» Múrvinna
» Málningarvinna
Þjónustum einstaklinga, fyrirtæki og húsfélög
519 7780
prostone@prostone.is

**Meistarar að verki**
- Viðhald fasteigna
- Eldhús – Baðherbergi
- Múr- og steypuviðgerðir
- Málningarvinna inni/úti
- Gólflögn parket/flísar

**Vönduð vinna-Vanir menn**
**Mávar Verktakar ehf.**
**780 3344 • mavarehf.is**

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.
Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

**PARKETLAGNIR.**
Tek að mér parketlagnir, hafið samband og ég geri tilboð. Gsm: 8975744

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

### Spádómar

**Nympha-dora**
Tarot-lestur og Kristalkúla með leiðsögn að handan
VISA 562 8211 EURO

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Árssspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

**SÁ SÍMASPÁ Í 844 6845**
Spáir í spil og bolla . Símaspá, Einkaspá. Geymið auglýsinguna. Er á facebook

## Keypt & Selt

### Til sölu




mýranaut

**15% AFSLÁTTUR Í NÓVEMBER**
Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204




Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-17




### Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
**Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105**

**Upplýsingar í síma 782 8800**

### Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Eurotec A4 harðviðarskrúfur. Penofin og Armstrong Clark harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122




## Heilsa

### Heilsuvörur

gott cbd léttir lífið

zopure
Serum dropar
Íslenskt undur sjávarensíma

## Húsnæði

### Húsnæði í boði

Herb. til leigu á svæði 201. Með aðgangi að eldh., baðherb. og þvottavél. Leiga 63 þús. á mánuði. Uppl. í síma 893 3475

Mjög góð íbúð með innbúi. Allt að 3 svefnbergi. Er í 105. Uppl. í s 860 0360

### Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

## Tilkynningar

### Einkamál




Finndu félagsskap fyrir framtíðina. 30 daga áskrift kostar aðeins 999 kr.




Vandaður íslenskur stefnumótavefur. Makaleit.is - aðeins 999 kr

---

SVEITARFÉLAGIÐ VOGAR

## Kynning tillögu að breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Voga 2008-2028 vegna íbúðarsvæðis ÍB-3-1 og tillaga að breytingu á deiliskipulagi Grænuborgar.

Sveitarfélagið Vogar kynnir hér með, skv. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, tillögu að breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Voga 2008-2028 og tillögu að breytingu á deiliskipulagi Grænuborgar skv. 3. mgr. 40. gr. sömu laga. Breytingarnar varða þéttleika og fjölda íbúða á skipulagssvæðinu og kafla 2.1.1 um íbúðasvæði í greinargerð aðalskipulags. Sú breyting er gerð að mögulegum íbúðum á svæðinu fjölgar um 400 og verður hverfið fullbyggt eftir breytingu með um 850-900 íbúðum, eða um 35-37 íbúðir á hvern hektara. Breytingin er tilkomin vegna samkomulags landeigenda meginhluta svæðisins og sveitarfélagsins um uppbyggingu svæðisins með íbúðafjölda í samræmi við tillögu að breytingu á aðalskipulagi. Fyrir utan breytingar þessar gildir greinargerð Aðalskipulags Sveitarfélagsins Voga 2008-2028, sem samþykkt var 23. febrúar 2010, m.s.br. Samhliða gerð breytingar á aðalskipulagi er gerð breyting á deiliskipulagi íbúðarsvæðisins Grænuborgar (sem nær yfir um helming íbúðarsvæðis ÍB-3-1) sem fellst m.a. í því að auka þéttleika byggðar á svæðinu og fjölga mögulegum íbúðum.

Tillögurnar eru til kynningar frá og með 2. nóvember 2020 til og með 16. nóvember 2020 og eru aðgengilegar á vef Sveitarfélagsins Voga, þar sem má kynna sér þær á slóðinni: https://www.vogar.is/is/thjonusta/skipulag/skipulag-i-kynningu

Tillögurnar verða einnig kynntar og til umræðu á almennum veffundi fimmtudaginn 5. nóvember nk. kl. 17 - 18. Hlekkur á fundinn mun birtast á vef sveitarfélagsins www.vogar.is

Ábendingum vegna tillagnanna má senda skriflega til Sveitarfélagsins Voga með bréfi eða tölvupósti á netfangið skrifstofa@vogar.is eigi síðar en **16. nóvember 2020.**

Að lokinni kynningunni verða endanlegar tillögur teknar til umfjöllunar hjá skipulagsnefnd og að henni lokinni lagðar fyrir bæjarstjórn til samþykktar til formlegrar auglýsingu þeirra, skv. 31. gr. og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Gefst þá tækifæri til að gera formlegar athugasemdir við tillögurnar innan tilskilins athugasemdafrests.

***Vogum, 2. nóvember 2020***
***Skipulags- og byggingarfulltrúi***

---

## Skipulagsauglýsing

VESTURBYGGÐ

## Skipulagslýsing vegna breytingar á aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006-2018 á Bíldudal

Bæjarstjórn Vesturbyggðar samþykkti á fundi sínum þann 29. október að auglýsa lýsingu vegna fyrirhugaðrar breytingar á aðalskipulagi í samræmi við 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Aðalskipulagsbreytingin felst í breytingu á landnotkun í þéttbýli Bíldudals á svæði við Hafnarbraut. Núverandi íbúðarsvæði er stækkað niður á landfyllingu og um leið minnkar nærliggjandi opið svæði til sérstakra nota. Ástæða breytingarinnar er að rýmka fyrir uppbyggingu íbúðarhúsnæðis innan Bíldudals.

Skipulagslýsingin sem er sett fram í greinargerð verður til sýnis á skrifstofu Vesturbyggðar Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði og á heimasíðu sveitarfélagsins www.vesturbyggd.is.

Íbúum og hagsmunaaðilum er gefinn kostur á því að leggja fram sjónarmið og ábendingar við skipulagslýsinguna og skal þeim skilað skriflega á skrifstofu Vesturbyggðar, Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði eða á netfangið vesturbyggd@vesturbyggd.is fyrir **3. desember n.k.**

***Virðingarfyllst,***
***Óskar Örn Gunnarsson***
***Skipulagsfulltrúi Vesturbyggðar***

# Vantar þig blaðið í dag, í gær eða kannski helgarblað frá því í fyrra?

## Kíktu á BLÖÐIN á frettabladid.is

Á frettabladid.is finnur þú Fréttablaðið í dag og safn eldri blaða undir flipanum **Blöðin**

Lestu Fréttablaðið þegar þér hentar á frettabladid.is



# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Þriðjudagur

| | °C | m/s |
|---|---|---|
| Reykjavík | 5 | 3 |
| Ísafjörður | -1 | 8 |
| Akureyri | 3 | 9 |
| Egilsstaðir | 3 | 11 |
| Kirkjubæjarkl | 3 | 2 |
| Hveravellir | -2 | 11 |

15-25 m/s austanvert á landinu, hvassast á sunnanverðum Austfjörðum og austast á SA-landi. Annars mun hægari vestlæg átt vestantil. Él fyrir norðan og austan, einkum norðaustanlands, annars þurrt. Hiti breytist lítið.

## Miðvikudagur

| | °C | m/s |
|---|---|---|
| Reykjavík | 8 | 8 |
| Ísafjörður | 4 | 18 |
| Akureyri | 9 | 19 |
| Egilsstaðir | 9 | 6 |
| Kirkjubæjarkl | 5 | 3 |
| Hveravellir | 4 | 17 |

## Fimmtudagur

| | °C | m/s |
|---|---|---|
| Reykjavík | 10 | 8 |
| Ísafjörður | 2 | 3 |
| Akureyri | 2 | 2 |
| Egilsstaðir | 5 | 2 |
| Kirkjubæjarkl | 4 | 3 |
| Hveravellir | 3 | 11 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | | | | 7 | 3 | | 6 | |
| | | 5 | 4 | | 2 | 8 | 3 | 7 |
| | | 4 | 6 | | | | | |
| 6 | | | 9 | | 8 | | | |
| | | | | 3 | | 6 | 5 | |
| 3 | | 9 | | 4 | | | 2 | |
| | 7 | | | | 4 | | | 5 |
| | | 6 | | | 5 | | 7 | 1 |
| | 2 | 3 | | 9 | | | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | | 4 | 7 | | | | 1 | |
| | 5 | 1 | | 8 | | | | |
| 6 | | 7 | | | 4 | | | |
| | 7 | | | | 9 | | | 4 |
| | | 2 | | | 3 | 6 | 5 | |
| 4 | | 6 | | | | | | 1 |
| | | | | | 2 | 3 | | 9 |
| 2 | | 3 | 8 | | | 1 | | |
| 5 | 4 | | | | | | | 7 |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | | 6 | 1 | | | | | |
| 9 | | | 2 | | 7 | | | |
| | | 2 | 9 | | 5 | 7 | | |
| 4 | | 8 | | | | | 1 | |
| | | | | | | | | |
| | | | 5 | | 6 | | 9 | 8 |
| 1 | | | | | | | | 4 |
| 2 | 8 | | 7 | 1 | | | 6 | 3 |
| | | 7 | | | | | | 5 |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1 kærleiks
5 leiðsla
6 í röð
8 ávöxtur
10 í röð
11 kvk nafn
12 atóm
13 rannsókn
15 hryggðar
17 plata

**LÓÐRÉTT**
1 aldur
2 frásögn
3 hyggja
4 röndin
7 dútla
9 svæði
12 hafa
14 ennþá
16 tveir eins

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT:** 1 ástar, 5 rör, 6 áb, 8 agúrka, 10 tu, 11 eir, 12 eind, 13 leit, 15 angurs, 17 narra **LÓÐRÉTT:** 1 áratala, 2 sögu, 3 trú, 4 rákin, 7 bardúsa, 9 reitur, 12 eiga, 14 enn, 16 rr

## Skák Gunnar Björnsson

Federoviscz átti leik gegn Pelen í Wijk aan Zee árið 1990.

**1...Be3! 2. Ke1** (2. fxe3 Dg2+ 3. Ke1 f2+). **2...Dg1+ 3. Df1 Bxf2+ 0-1.** Borgarskákmótið fór fram á netinu um helgina. Vignir Vatnar Stefánsson, sem tefldi fyrir Húsasmiðjuna, vann mótið. Guðmundur Kjartansson sem tefldi fyrir Verkís varð annar og Hjörvar Steinn Grétarsson, sem tefldi fyrir Júpíter varð þriðji.

**www.skak.is:** Skákmót á netinu.

**Svartur á leik**



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 1 | 3 | 9 | 2 | 7 | 8 | 4 | 5 |
| 5 | 7 | 8 | 6 | 4 | 3 | 1 | 9 | 2 |
| 9 | 4 | 2 | 1 | 5 | 8 | 3 | 7 | 6 |
| 1 | 3 | 5 | 4 | 6 | 9 | 2 | 8 | 7 |
| 2 | 6 | 9 | 7 | 8 | 1 | 5 | 3 | 4 |
| 7 | 8 | 4 | 5 | 3 | 2 | 6 | 1 | 9 |
| 4 | 9 | 6 | 3 | 1 | 5 | 7 | 2 | 8 |
| 8 | 5 | 1 | 2 | 7 | 4 | 9 | 6 | 3 |
| 3 | 2 | 7 | 8 | 9 | 6 | 4 | 5 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 1 | 6 | 4 | 3 | 7 | 2 | 5 | 8 |
| 2 | 8 | 7 | 5 | 6 | 1 | 9 | 3 | 4 |
| 5 | 3 | 4 | 8 | 9 | 2 | 1 | 6 | 7 |
| 6 | 2 | 1 | 9 | 7 | 4 | 3 | 8 | 5 |
| 7 | 9 | 3 | 1 | 5 | 8 | 6 | 4 | 2 |
| 4 | 5 | 8 | 6 | 2 | 3 | 7 | 9 | 1 |
| 1 | 6 | 5 | 2 | 4 | 9 | 8 | 7 | 3 |
| 3 | 4 | 2 | 7 | 8 | 6 | 5 | 1 | 9 |
| 8 | 7 | 9 | 3 | 1 | 5 | 4 | 2 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 5 | 7 | 3 | 6 | 1 | 4 | 9 | 8 |
| 8 | 6 | 3 | 4 | 9 | 2 | 1 | 5 | 7 |
| 9 | 1 | 4 | 5 | 7 | 8 | 6 | 2 | 3 |
| 4 | 7 | 8 | 1 | 5 | 9 | 3 | 6 | 2 |
| 1 | 2 | 5 | 7 | 3 | 6 | 9 | 8 | 4 |
| 3 | 9 | 6 | 8 | 2 | 4 | 5 | 7 | 1 |
| 5 | 3 | 2 | 9 | 1 | 7 | 8 | 4 | 6 |
| 6 | 8 | 9 | 2 | 4 | 3 | 7 | 1 | 5 |
| 7 | 4 | 1 | 6 | 8 | 5 | 2 | 3 | 9 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.






## Pondus

Eftir Frode Øverli



## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



HITTU OKKUR Á FACEBOOK / REKKJAN

# KING KOIL






KOMDU OG UPPLIFÐU NÝJA TILFINNINGU
Í AMERÍSKUM HEILSURÚMUM.

★★★★★

## SJÓN ER SÖGU RÍKARI



KIRO PRAKTOR STOFA ÍSLANDS

„Svefngæðin jukust hjá mér og ég vakna úthvíldari eftir að ég fór að sofa á **King Koil.**
Ég mæli persónulega og faglega með **King Koil.**"

**Magni Bernhardsson B.Sc. D.C.**
Kírópraktor/ Framkvæmdastjóri
Kírópraktorstofa Íslands

rekkjan HEILSURÚM

Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 | 108 Reykjavík | 588-1955 | rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is

# Íslenskt skiptir máli




*Þegar þú kaupir íslenskt stuðlar þú að fjölbreyttu vöruúrvali, styrkir íslenskt hugvit og skapar samfélaginu störf. Það skiptir máli.*

*islensktskiptirmali.is*

# *Íslenskt skiptir máli*




*Þegar þú kaupir íslenskt stuðlar þú að fjölbreyttu vöruúrvali, styrkir íslenskt hugvit og skapar samfélaginu störf. Það skiptir máli.*

*islensktskiptirmali.is*




**SERTA ROYALTY DECO**
FIMM STJÖRNU LÚXUS HÓTELRÚM

**Serta Royalty Deco er í fimm stjörnu Hótel-rúmalínunni frá Serta. Rúmunum fylgir núna metsölubókin „Þess vegna sofum við" í nýrri íslenskri þýðingu.**

SERTA ROYALTY DECO er með Limited Royalty dýnu. Dýnan er með tvöfalt pokagormakerfi sem tryggir hámarks stuðning við neðra bak og minni þrýsting á axla- og mjaðmasvæði ásamt visco yfirdýnu (topper). Áklæðið er náttúruleg, silkiblönduð bómull sem andar sérlega vel. Royalty dýnan er vinsælasta gormadýnan frá Serta í Betra Baki enda veitir hún fullkominn stuðning og mýkt.




**SERTA ROYALTY DECO RÚM**
**DÝNA, BOTN, FÆTUR OG GAFL**
**FÁANLEG Í LJÓS- EÐA DÖKKGRÁU ÁKLÆÐI**

| | Fullt verð | Tilboðsverð |
|---|---|---|
| Serta Royalty Deco rúm 160x200 cm | 399.900 kr. | **339.915 kr.** |
| Serta Royalty Deco rúm 180x200 cm | 439.900 kr. | **373.915 kr.** |
| Serta Royalty Deco rúm 200x200 cm | 479.900 kr. | **407.915 kr.** |




Bókin **Þess vegna sofum við**, eftir dr. Matthew Walker, prófessor við Harvard og sérfræðing í svefni, sálfræði og taugalífeðlisfræði, hefur slegið í gegn um heim allan. Bókin opnar augu almennings fyrir mikilvægi svefns í tengslum við heilsu, vellíðan og árangur. Þú færð bókina hjá Betra Baki, heimsending innifalin. **Fullt verð: 3.990 kr.**

Betra Bak verð: 3.490 kr.

FAXAFENI 5 Reykjavík 588 8477
DALSBRAUT 1 Akureyri 588 1100
SKEIÐI 1 Ísafirði 456 4566
Betra BAK




Við komum víða við og setjum á svið alls konar atriði, segir Vilhjálmur B. Bragason. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

# Vonbrigðin við að fullorðnast

**Hjá Leikfélagi Akureyrar eru hafnar æfingar á Fullorðin. Lífið verður að halda áfram, segir Vilhjálmur B. Bragason leikari.**

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Æfingar eru hafnar hjá Leikfélagi Akureyrar á gamanverkinu Fullorðin sem frumsýnt verður í Samkomuhúsinu í desember. Leikstjóri verksins er Hekla Elísabet Aðalsteinsdóttir en leikarar eru Vilhjálmur B. Bragason, Birna Pétursdóttir og Árni Beinteinn Árnason. Höfundar verks eru leikararnir og teymið.

„Leikritið fjallar um það hlutskipti okkar allra að verða fullorðin og hversu ömurleg vonbrigði fylgja því," segir Vilhjálmur B. Bragason. „Maður stendur í þeirri trú að einn daginn vakni maður fullorðinn og sé með hlutina á hreinu. Sjálfur er ég ennþá að bíða eftir að sá dagur renni upp, ég held reyndar að við séum flest að því. Í þessari sýningu erum við að reyna að gera skil þessu sameiginlega ástandi okkar allra og fá áhorfendur til að hlæja í leiðinni því það er sannarlega þörf á því á þessum tímum."

**Mannsævin er undir**

Fullorðin er gamanleikur. „Þetta er skemmtisýning, hálfgerður kabarett. Við komum víða við og setjum á svið alls konar atriði en í grunninn erum við með framvindu þar sem við leikararnir leikum útgáfu af okkur sjálfum. Mannsævin er undir, frá því maður er barn og trúir á fullorðið fólk og foreldra sína sem alvitra guði fram að því að maður er fullorðinn og jafnvel gamall sjálfur og er ennþá að reyna að takast á við hlutskiptið."

**LEIKRITIÐ FJALLAR UM ÞAÐ HLUTSKIPTI OKKAR ALLRA AÐ VERÐA FULLORÐIN OG HVERSU ÖMURLEG VONBRIGÐI FYLGJA ÞVÍ.**

**Gjöfult ferli**

Vilhjálmur segir samvinnu hópsins hafa gengið mjög vel. „Við Birna Pétursdóttir áttum upphaflegu hugmyndina og vorum búin að velta henni lengi fyrir okkur. Árni Beinteinn steig svo inn í þetta með okkur og við unnum ákveðna grind og svo var fyllt upp í hana með spuna sem við skrifuðum seinna upp og bættum við. Þetta er búið að vera afar gjöfult og skemmtilegt ferli."

Þetta eru óvissutímar en Vilhjálmur segir leikhópinn vera bjartsýnan. Frumsýning er áætluð 4. desember. „Við stefnum á að frumsýna nema það komi upp hörmungar. Þetta er 200 manna salur og hægt er að skipta honum upp í sóttvarnahólf. Lífið verður að halda áfram og við höldum okkar striki."

# Sýning á tvöfaldri sýn ensks listamanns

Tvöföld sýn/Double vision er yfirskrift sýningar á verkum enska listamannsins Chris Foster í Gallery Grásteini, Skólavörðustíg. Sýningin samanstendur af málverkum og verkum á pappír. Sýningin verður opnuð í dag, þriðjudaginn 3. nóvember, og stendur til 30. nóvember.

Sýningin samanstendur af abstrakt akrílmálverkum sem máluð eru á rétthyrnd og formuð spjöld og tveimur myndaröðum þar sem notaðir eru mismunandi blýantar, kol og blý á svartan pappír. Þetta er fyrsta sýning Chris Foster á Íslandi og ekkert verkanna hefur áður verið sýnt.

Chris Foster leggur stund á ýmsar listir, bæði í myndlist og tónlist. Hann stundaði nám í myndlist á Englandi, fyrst við Yeovil School of Art og Norwich School of Art (BA 1st. class honours) en lauk síðan meistaraprófi frá Chelsea School of Art 1972.



Verk á sýningu Chris Foster í Gallery Grásteini.

BLÖÐIN
Blaðið í dag og safn eldri blaða á frettabladid.is

# KÆRU KENNARAR LEIK- OG GRUNNSKÓLA OG STARFSFÓLK FRÍSTUNDAHEIMILA

Við þessar óvenjulegu aðstæður í samfélaginu stöndum við saman um að hafa að leiðarljósi það sem er börnum fyrir bestu.

**Barnaheill – Save the Children á Íslandi vilja þakka ykkur fyrir að standa vaktina fyrir börn á Íslandi**

Staða barna og aðstæður eru mismunandi og gegnir skólinn lykilhlutverki í að tryggja stöðugleika og stuðning við börn.

Vellíðan, öryggi og farsæld barna er á ábyrgð okkar allra og mikilvægt er að líf þeirra sé sem eðlilegast. Sú handleiðsla sem þið veitið börnum í námi og leik er dýrmæt.

Barnaheill

Sæta svínið
GASTROPUB

SÚPER TAKE AWAY
HÁDEGISTILBOÐ
11.30–15.00



Dós af Coke, Coke Zero, Sprite eða Topp fylgir með hverjum rétti!

1.500 kr.

ÞESSIR RÉTTIR AÐEINS

**SÆTA SVÍNS BORGARINN** hinn eini sanni, 175 g úr sérvaldri rumpsteik og „short ribs",bjór-brioche brauð, rauðlaukssulta, Búri, trufflu-mayo, vöfflufranskar

**BBQ VEGAN BORGARI**, buff úr linsubaunum og sólblómafræjum, tómatur, BBQ strandsveppir, „mozzarella" og spicy„mæjó"

**ANDARSALAT**, confit eldað andalæri, grasker, chili, spírur, kóríander, furuhnetur

**LAMBASAMLOKA**, hægelduð lambaöxl, romaine salat, vöfflufranskar, bernaise

**VEGAN BBQ JACKFRUIT BURRITO**, avókadó, kryddhrísgrjón, pico de gallo, ferskt salat

**GRILLAÐUR LAX**, perlubygg, svart hvítlauks-sesam froða, paprikusósa

**LANGA**, kartöflumús, kapersblóm, hollandaise-sósa





SVÍN VIRKAR

FLEIRI FRÁBÆRIR RÉTTIR

**SÚPA DAGSINS** með nýbökuðu brauði 690 kr.

**LAMBASKANKI**, hægeldaður í 12 klst. chorizo og beikon ragú, smjörbaunir, grænar ertur 2.000 kr.

**NAUTALUND** 200g, sveppir í plómusósu, smælki, gulrætur, nautadjús 2.500 kr.

EKKI KLIKKA Á ÞESSU!

Pantaðu í síma **555 2900** | Nánar á **saetasvinid.is**



# DAGSKRÁ

## Þriðjudagur

### HRINGBRAUT

**20.00 Bókahornið** Þátturinn fjallar um bækur af öllu tagi, gamlar og nýjar, með viðtölum við skapandi fólk.
**20.30 Lífið er lag** Þáttur um málefni fólks á besta aldri sem lifir áskoranir og tækifæri efri áranna. Umsjón Sigurður K. Kolbeinsson.
**21.00 21 - Fréttaþáttur á þriðjudegi** Upplýsandi umræðu- og fréttaskýringaþáttur undir stjórn þeirra Lindu Blöndal og Sigmundar Ernis með áherslu á innlendar og erlendar fréttir, þjóðmál, menningu og lífsreynslu.
**21.30 Eldhugar. Sería 2** Í þættinum fara Pétur Einarsson og viðmælendur hans út á jaðar hreysti, hreyfingar og áskorana lífsins.

### RÚV SJÓNVARP

**09.00 Heimaleikfimi**
**09.10 Kastljós**
**09.25 Menningin**
**09.35 Spaugstofan 2006 - 2007**
**10.00 Á líðandi stundu 1986**
**11.10 Gleðin í garðinum**
**11.40 Heimaleikfimi**
**11.50 Úr Gullkistu RÚV. Útsvar 2007-2008 Akureyri - Grindavík**
**12.50 Stóra sviðið**
**13.25 Kosningar 2020: Trump eða BidenThe Choice 2020: Trump vs. Biden**
**15.15 Gettu betur 2018 Kvennó - ME**
**16.10 Kæra dagbók**
**16.40 Landakort Tæp 100 ár frá vígslu fyrstu lyftunnar**
**16.45 Kvöldstund 1972 - 1973**
**17.20 Menningin - samantekt**
**17.35 Herra Bean**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Ofurmennaáskorunin**
**18.29 Víkingaþrautin Á þjóðminjasafninu** - þáttur 1 af 6
**18.39 Stundin rokkar Rokk í bílskúrnum**
**18.45 Jógastund Fiðrildi og bátur**
**18.48 Hugarflug Ofurhetjur**
**18.50 Krakkafréttir**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**19.50 Menningin**
**20.00 Okkar á milli**
**20.35 Trump-sýningin The Trump Show**
**21.30 Fósturbræður Back**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veður**
**22.20 Þegar rykið sest Når støvet har lagt sig**
**23.20 Kanarí**
**23.40 Forsetakosningar í Bandaríkjunum - kosningavaka** Fréttastofa RÚV býður upp á kosningavöku vegna forsetakosninga í Bandaríkjunum. Fylgst verður með talningu atkvæða og úrslitum kosninganna auk þess sem fjallað verður um kosningabaráttuna og stöðuna í Bandaríkjunum frá ýmsum hliðum.
**05.40 Dagskrárlok**

### GOLFSTÖÐIN

**07.00 European Tour 2020** Útsending frá Cyprus Open.
**12.00 European Tour 2020** Útsending frá Cyprus Open.
**17.00 European Tour 2020** Útsending frá Cyprus Open.
**21.30 European Tour 2020** Útsending frá Cyprus Open.

### SJÓNVARP SÍMANS

**06.00 Síminn + Spotify**
**12.30 Dr. Phil**
**13.15 The Late Late Show**
**14.00 American Housewife**
**14.25 The Block**
**15.10 90210**
**16.30 Family Guy**
**16.50 The King of Queens**
**17.10 Everybody Loves Raymond**
**17.35 Dr. Phil**
**18.20 The Late Late Show**
**19.05 Speechless**
**19.30 mixed-ish** Gamanþáttur um hvernig það var að alast upp í fjölskyldu af blönduðum kynstofni á níunda áratug síðustu aldar.
**20.00 The Block**
**21.00 Innan vi dör** Sænsk spennuþáttaröð af bestu gerð.
**21.50 Bull**
**22.35 Love Island**
**23.30 The Late Late Show**
**00.15 Blue Bloods**
**01.00 Law and Order. Special Victims Unit**
**01.45 Transplant**
**02.30 68 Whiskey**
**04.00 Síminn + Spotify**

### RÚV RÁS EITT

**06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
**06.50 Morgunvaktin**
**07.00 Fréttir**
**07.30 Fréttayfirlit**
**08.00 Morgunfréttir**
**08.30 Fréttayfirlit**
**09.00 Fréttir**
**09.05 Segðu mér**
**09.45 Morgunleikfimi**
**10.00 Fréttir**
**10.03 Veðurfregnir**
**10.13 Á reki með KK**
**11.00 Fréttir**
**11.03 Mannlegi þátturinn**
**12.00 Fréttir**
**12.02 Hádegisútvarp**
**12.20 Hádegisfréttir**
**12.40 Veðurfregnir**
**12.50 Dánarfregnir**
**12.55 Samfélagið**
**14.00 Fréttir**
**14.03 Lofthelgin**
**15.00 Fréttir**
**15.03 Frjálsar hendur**
**16.00 Síðdegisfréttir**
**16.05 Víðsjá**
**17.00 Fréttir**
**17.03 Lestin**
**18.00 Spegillinn**
**18.30 Krakkakastið**
**18.50 Veðurfregnir**
**18.53 Dánarfregnir**
**19.00 Endurómur úr Evrópu**
**20.35 Mannlegi þátturinn**
**21.30 Kvöldsagan. Sólon Íslandus** (16 af 32)
**22.00 Fréttir**
**22.05 Veðurfregnir**
**22.10 Samfélagið**
**23.05 Lestin**
**00.00 Fréttir**
**00.05 Næturútvarp Rásar 1**

### STÖÐ 2 BÍÓ

**11.40 The Art of Racing in the Rain**
**13.25 Batman. Hush** Hörkuspennandi teiknuð mynd um Batman en í þetta sinn lendir hann í æsispennandi og hættulegum eltingarleik við óvininn Hush.
**14.45 Just Married**
**16.20 The Art of Racing in the Rain**
**18.05 Batman. Hush**
**19.25 Just Married**
**21.00 The Goldfinch**
**23.25 Delirium**
**01.00 The First Purge**
**02.35 The Goldfinch**

### STÖÐ 2

**08.00 Heimsókn**
**08.20 God Friended Me**
**09.05 Bold and the Beautiful**
**09.25 Gilmore Girls**
**10.05 Jamie & Jimmy's Food Fight Club**
**10.50 First Dates**
**11.35 NCIS**
**12.35 Nágrannar**
**12.55 Britain's Got Talent**
**13.50 The Arrival**
**14.45 BBQ kóngurinn**
**15.05 Drowning in Plastic**
**16.00 20 Years of Jamie Oliver**
**16.45 Friends**
**17.05 The Mindy Project**
**17.35 Bold and the Beautiful**
**18.00 Nágrannar**
**18.26 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.50 Sportpakkinn**
**18.55 Ísland í dag**
**19.10 Last Man Standing 8**
**19.30 Shark Tank**
**20.20 Hell's Kitchen USA**
**21.05 The Sounds**
**21.50 Warrior 2**
**22.40 Last Week Tonight**
**23.10 Our Girl**
**00.05 Our Girl**
**00.55 Our Girl**
**01.50 Silent Witness**
**02.40 Silent Witness**

### STÖÐ 2 FJÖLSKYLDA

**08.00 Barnaefni**
**20.00 Friends**
**20.20 Friends**
**20.45 Splitting Up Together**
**21.05 Supernatural**
**21.50 Insecure**
**22.25 Orange is the New Black**
**23.20 Warrior**
**00.05 Friends**
**00.30 Friends**
**00.50 Splitting Up Together**

### STÖÐ 2 SPORT

**07.55 Lokomotiv Moskva - Bayern München**
**09.35 Gladbach - Real Madrid**
**11.15 Liverpool - Midtjylland**
**12.50 Marseille - Manchester City**
**14.30 Meistaradeildarmörkin**
**15.05 Skallagrímur - Keflavík** Útsending frá leik í Dominosdeild kvenna.
**16.50 Keflavík - Grindavík** Útsending frá leik í Lengjudeild karla.
**18.30 Seinni bylgjan - karla** Markaþáttur Olísdeildar karla.
**19.50 Real Madrid - Inter** Bein útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu.
**21.55 Dominos Körfuboltakvöld**
**23.10 Seinni bylgjan - karla** Markaþáttur Olísdeildar karla.
**00.25 Manchester City - Olympiacos** Útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu.

### STÖÐ 2 SPORT 2

**07.35 Krasnodar - Chelsea**
**09.20 Dortmund - Zenit St. Pétursborg**
**11.00 Manchester United - Leipzig**
**12.40 Juventus - Barcelona**
**14.20 Meistaradeildarmörkin**
**15.05 Hellas Verona - Benevento**
**16.55 Villarreal - Real Valladolid**
**18.35 Spænsku mörkin**
**19.30 Meistaradeildarmessan**
**22.00 Meistaradeildarmörkin**
**22.30 Lokomotiv Moskva - Atletico Madrid**
**00.10 Atalanta - Liverpool**

### ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# NOTUM NETIÐ TIL GÓÐRA VERKA






**Veldu með okkur góðgerðarmálefni á netto.is**



**Frá 31. október til 1. desember renna 200 krónur af hverri pöntun í netverslun Nettó til góðgerðarmála**

nettó
Lægra verð – léttari innkaup



**FROM RUSSIA WITH LOVE**
**(1963)**

Sean Connery í sinni annarri Bond-mynd, From Russia With Love, sem er almennt talin til allra bestu Bond-myndanna og það var ekki fyrr en Daniel Craig birtist í Casino Royale 2006, að það fór að hitna undir Ástarkveðjunni frá Rússlandi. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Hinn sanni Bond er allur

Sean Connery lést um helgina. Hann engdist í skugga James Bond, sem mun þó halda nafni hans á lofti. Tvær Bond-myndir eru á lista yfir skemmtilegustu myndir hans. Ekki þær bestu en klárlega þær mikilvægustu.

Sir Thomas Sean Connery fæddist í Edinborg 25. ágúst 1930 og var því níræður þegar hann lést að heimili sínu á Bahamaeyjum þann 31. október 2020. Connery lék njósnarann James Bond fyrstur manna og sló eign sinni á hlutverkið um leið og Bond kynnti sig til leiks í Dr. No 1962.

Ian Flemming, höfundur bókanna um Bond, hreifst svo mjög af Connery í hlutverkinu að hann skrifaði skoskan bakgrunn njósnarans inn í síðari bækur sínar um hann.

Connery lagði sig fram um að hrista Bond af sér, með oft og tíðum djörfu hlutverkavali, en hann tók þó persónu Bonds slíkum fantatökum að allir sporgöngumenn hans hafa veifað kennitölunni 007 í skugga hans.

Daniel Craig, sem kveður Bond á næsta ári með No Time To Die, lýsti þessu ágætlega í samtali við Fréttablaðið í nóvember 2006, þegar hann reið á vaðið sem Bond í Casino Royale.

„Ég studdist samt sennilega mest við Sean Connery og sjálfsagt hafa allir sem hafa leikið Bond einhvern tímann sagt það sama. Hann skilgreindi hlutverkið og hann var harður. Til dæmis í From Russia With Love, sem er ekki aðeins uppáhalds Bond-myndin mín heldur ein af mínum uppáhaldsbíómyndum. Hún er svo stílfærð og ofbeldisfull og stenst tímans tönn mjög vel.“

Craig er meðal þeirra fjölmörgu úr heimi frægðarfólksins sem minntust Connery um helgina, og sagði í yfirlýsingu að slagkraftinn í Connery á hvíta tjaldinu mætti mæla í megavöttum. Þá sagði hann að Connery yrði minnst fyrir Bond og svo miklu meira. „Hann skilgreindi tímabil og stíl.“

**toti@frettabladid.is**



**INDIANA JONES AND THE LAST CRUSADE**
**(1989)**

George Lucas minntist Connerys um helgina og sagði að í huga hans yrði hann ætíð pabbi Indiana Jones, en honum fórst sérlega vel úr verki að ala fullorðinn fornleifafræðinginn upp með hörku og mýkt á víxl, þótt hann væri aðeins tólf árum eldri en Harrison Ford í titilhlutverkinu.



**THE ROCK**
**(1996)**

Hvað sem segja má um Michael Bay þá kann hann að gera hasar og The Rock er frábær sem slík. Nicolas Cage er þarna byrjaður að daðra við það á fullu að verða harðhausastjarna en bliknar auðvitað í samanburði við Connery sem leikur í raun James Bond á eftirlaunum í dulargervi breska njósnarans John Patrick Mason sem er merkilega sprækur eftir langa dvöl í Alcatraz-fangelsinu. Clint Eastwood gerði upp við kvikmyndafortíð sína í The Unforgiven og Connery gerir slíkt hið sama í The Rock.



**THE UNTOUCHABLES**
**(1987)**

Brian De Palma var með valinn mann í hverju rúmi í þessu bannáradrama um hina ósnertanlegu ofsækjendur sprúttsalanna í New York, hvar Al Capone var frekastur til fjörsins. Connery bar þó af þeim Kevin Costner, Robert De Niro og Andy Garcia og hirti Óskarinn sem besti aukaleikarinn það árið og hóf sig endanlega upp yfir Bond.



**THE MAN WHO WOULD BE KING**
**(1975)**

Vinirnir Sean Connery og Michael Caine fara á kostum í hlutverkum bresku hermannanna Daniels og Peachy, sem róta sér í aðstæður sem þeir missa alla stjórn á, auk þess sem persóna Connerys missir vitið þegar hann fetar í fótspor Alexanders mikla og íbúar Kafiristans ætla nánast að taka hann í guðatölu. Sérlega eftirminnileg afgreiðsla Johns Huston á nóvellu Rudyards Kipling.

**GOLDFINGER**
**(1964)**




Þriðja Bond-mynd Connerys er aðdáendum hans mjög kær. Enda hefur hún allt sem Bond-mynd þarf til að bera: Brjálæðislega brassað titillagið með Shirley Bassey, Gert Frobe í banastuði sem Goldfinger, vel vopnavæddan Aston Martininn, Oddjob með hattinn og Connery í toppformi, Mr. Kiss Kiss Bang Bang fyrir allan peninginn. Þótt myndin á undan sé í mestu uppáhaldi hjá Daniel Craig er hermt að Connery hafi skemmt sér best við gerð Goldfinger en eftir það fór síðan gamanið hjá honum að kárna.



**HIGHLANDER**
**(1986)**

Það fyrirfinnst í alvörunni fólk sem finnst þessi mynd tónlistarmyndbandaleikstjórans Russell Mulcahy ekki frábær, en það er hún svo sannarlega. Enda varð hún strax „költ“ klassík og lifir góðu lífi í hugum þeirra sem voru í Tónabíói 1985 og munar þar ekki síst um frábæra tónlist Queen og Connery í feyknastuði sem eilífi egypskri skylmingakappinn



**THE NAME OF THE ROSE**
**(1986)**

Sean Connery var kominn býsna langt frá Bond þegar hann sveipaði sig kufli fransiskanamunksins Vilhjálms frá Baskerville undir styrkri stjórn Jean-Jacques Annaud í mynd eftir samnefndri sögu Umberto Eco. Takið líka eftir ungum og óreyndum Christian Slater.



**ZARDOZ**
**(1974)**

Hvernig losnarðu undan oki James Bond? Tjah, þú gætir prufað að fara í leðurvöðlur og rauða bleyju og sveiflað skammbyssu sem leigumorðingi í geimmynd eftir John Boorman leikstjóra Deliverance? Zardos er furðuverk sem þessi tímamót réttlæta að horft sé á. Þetta er svona mynd sem allir þurfa að sjá einu sinni. Af því bara.






tl.is

STÓRAUKIÐ ÚRVAL AF
SAMSUNG
SÍMUM OG TÖLVUVÖRUM



TÖLVU LISTINN

SKOÐAÐU ÚRVALIÐ Á TL.IS

REYKJAVÍK AKUREYRI EGILSSTAÐIR REYKJANESBÆR SELFOSS

LÝKUR FIMMTUD, 5. NÓV.

Við eigum afmæli og nú er veisla

Við sendum þér vörurnar frítt hvort sem þú kaupir á dorma.is eða í DORMA-verslun



Láttu drauminn rætast
SENDUM FRÍTT

Charlotte & Julien
Dream your world™



AFMÆLIS 15% AFSLÁTTUR*

C&J SILVER
stillanlegt rúm

* ef C&J Silver stillanlegur botn er keyptur með Nature' Rest Luxury heilsudýnu er 15% afsláttur af botni og 20% afsláttur af dýnunni.

- C&J Silver er með sterkum stálbotni og kraftmiklum en hljóðlátum mótor.
- Rúminu fylgir þráðlaus fjarstýring með tveimur minnum og ljósi.
- Botn rúmsins dregst að vegg þannig að þú ert í eðlilegri fjarlægð frá náttborði og lampa.
- Sérstakur takki á fjarstýringunni kemur rúminu í upphaflega stöðu.

VERÐDÆMI A: 90 x 200 cm stillanlegt C&J Silver rúm með Nature's Rest Luxury heilsudýnu: Fullt verð: 168.900 kr.

Aðeins 141.570 kr.

Nature's REST LUXURY heilsurúm með Classic botni

Nature's Bedding



AFMÆLIS 20% AFSLÁTTUR

Val um svart eða hvítt PU leður eða grátt áklæði á Classic botni.

- Svæðaskipt pokagormakerfi (20 cm hæð)
- 5 misjöfn lög af svampi
- Sterkur botn
- 320 gormar á m²
- Góðar kantstyrkingar

Verðdæmi á Nature's Rest Luxury með Classic botni og fótum:

90 x 200 cm. Fullt verð: 69.900 Aðeins 55.920 kr.

160 x 200 cm. Fullt verð: 99.900 Aðeins 79.920 kr.



AFMÆLIS 20% AFSLÁTTUR

AVIGNION hægindastóll með skemli

Stillanlegur hægindastóll með innbyggðum skemli. Grátt áklæði

Fullt verð: 109.900 kr.

Aðeins 87.920 kr.

Holtagörðum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafirði

DORMA
Láttu drauminn rætast






Hjálmar hætti á þingi 2007 og gerðist framkvæmdastjóri Keilis á Ásbrú. „Ég hætti fastri vinnu fyrir einu ári og það má segja að ég sé bara að reyna að skrifa mig inn í nýtt líf," segir hann um ritstörfin. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Veiran sótti á huga afdankaðs pólitíkuss

Kórónaveiran sótti svo stíft á huga **Hjálmars Árnasonar** að þingmaðurinn fyrrverandi réðist til atlögu við hana í bókinni Ég er kórónuveiran en útlit er fyrir að bókin muni dreifast eins og pestin.

Best finnst okkur þegar fólk heilsast og knúsast – þá getum við stokkið á milli fólks og náð svo mörgum," segir glaðbeitt kórónuveiruhersing sem berst fyrir sápulausu samfélagi í Ég er kórónuveiran, nýrri barnabók eftir Hjálmar Árnason, fyrrverandi þingmann Framsóknarflokksins.

„Afdankaður pólitíkus og gamall skólahundur skrifar barnabók," segir Hjálmar Árnason í léttum tón, þegar hann er spurður hvað varð til þess að fyrrverandi þingmaður og skólameistari hafi ráðist í að skrifa barnabók um kórónaveirukvikindið sem heldur heimsbyggðinni í heljargreipum.

„Þessi veiruumræða er auðvitað allt um vefjandi. Allir eiga að standa saman og svoleiðis," heldur Hjálmar áfram og víkur að mikilvægi samstöðunnar sem stjórnvöld, þríeykið og flestir sem vettlingi geta valdið hamra stöðugt á.

## Veiruþankaganga

„Ég var í einni af gönguferðum mínum þegar ég fór að spá í þessu gagnvart yngstu krökkunum. Hvað með þau? Þau þurfa auðvitað að vera með í þessu allsherjar átaki okkar og þá svona varð þessi hugmynd til," segir Hjálmar um fyrstu snertingu við hugmyndina sem á merkilega skömmum tíma varð að barnabók um veiruna sem lifnar við í gráglettnum myndskreytingum Fanneyjar Sizemore.

„Ég fór að prófa þessa hugmynd á barnabörnum sem líkaði vel," segir Hjálmar, sem þá stækkaði rýnihópinn með því að bæta við nokkrum ömmum og kennurum. „Og það voru allir sammála um að þetta gæti verið að virka svo ég setti þetta niður á blað og hafði samband við hann Godd," segir Hjálmar, sem



**„Það er svo mikill húmor í teikningunum hjá henni Fanneyju," segir Hjálmar um myndskreytingar Fanneyjar Sizemore.**

**ÉG VAR Í EINNI AF GÖNGUFERÐUM MÍNUM ÞEGAR ÉG FÓR AÐ SPÁ Í ÞESSU GAGNVART YNGSTU KRÖKKUNUM. HVAÐ MEÐ ÞAU?**

fannst liggja beinast við að ráðfæra sig við Guðmund Odd Magnússon, prófessor í grafískri hönnun við Listaháskóla Íslands, fyrir næstu skref.

## Skemmtileg fræðsla

„Ég bað hann um að benda mér á einhvern góðan listamann til að myndskreyta söguna og hann benti mér á þessa frábæru listakonu, Fanneyju Sizemore og ég hitti hana bara strax daginn eftir."

Fanney, sem er grafískur hönnuður og myndskreytir, hlustaði á veirusögu Hjálmars og sló síðan til. „Hún sagði bara: „Ég er með" og úr því komu þessar líka skemmtilegu myndir sem ég er mjög hrifinn af, fullar af húmor og fræðslu," segir Hjálmar og bætir við hann sé ekki síst ánægður með hvernig Fanneyju tekst í myndum sínum að blanda saman fræðslu og gríni í réttum hlutföllum.

„Fræðsla þarf ekki endilega að vera leiðinleg. Hún verður að hafa smá húmor. Það er uppskrift að því að ná til krakka og mér finnst henni takast það mjög vel í myndunum."

## Veiran víðförla

„Eitt leiddi af öðru," segir Hjálmar, um framhald þess að myndir hans og teikningar Fanneyjar byrjuðu að dansa saman. „Ég hitti hann Jakob Ásgeirsson hjá Uglu útgáfunni og nú er bókin bara komin í verslanir," heldur Hjálmar áfram og bendir á að útgefandinn hafi reynst nokkuð sammála barnabörnunum, ömmunum og kennurunum, sem áður höfðu séð barnvæna möguleika kórónuveirunnar.

„Bókin er að koma út í Færeyjum líka. Og Litháen og dönsk umboðsskrifstofa er að skoða frekari möguleika á útgáfu erlendis," segir Hjálmar um bókina „sem berst bara eins og veiran. Þetta er alþjóðlegt kvikindi."

## Sjö, níu, þrettán

Ég er kórónuveiran hverfist ekki aðeins um veiruna sjálfa, þar sem handþvottur, sprittun og aðrar lífsreglur og boðorð þríeykisins eru í forgrunni og höfundurinn segist aðspurður fylgja þeim fyrirmælum samviskusamlega. „Já, já, já. Aldeilis. Í einu og öllu."

Enda hefur hann hingað til sloppið við veiruna. „Já. Sjö, níu, þrettán. Þá hef ég sloppið við hana en aðal áhrifin eru kannski að maður hefði viljað ferðast meira og ég má ekki heimsækja háaldraða móður mína og svona. Auðvitað hefur veiran áhrif á okkur eins og alla aðra en ég hef ekki sýkst. Sem betur fer."

**toti@frettabladid.is**


**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson, *hlynur@frettabladid.is* , Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*


Beltone Amaze™
Mætti ég biðja um hljóð?
Fátt gleður eins mikið og að fá eitthvað til baka sem maður hefur misst. Hágæða heyrnartækin frá Beltone Amaze™ gera þér kleift að heyra betur svo lífsgæðin batna til muna. Þessi nýja kynslóð heyrnartækja skilar einstökum hljómgæðum og tengist beint við snjallsímann þinn eða önnur snjalltæki. Hvernig væri að kveðja sér hljóðs og leggja við hlustir með Beltone Amaze™? Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánuð til reynslu.
Kringlunni • sími 568 7777 • heyra.is
HEYRNARSTÖÐIN

# Íslenskt skiptir máli




*Þegar þú kaupir íslenskt stuðlar þú að fjölbreyttu vöruúrvali, styrkir íslenskt hugvit og skapar samfélaginu störf. Það skiptir máli.*

*islensktskiptirmali.is*

# Íslenskt skiptir máli




*Þegar þú kaupir íslenskt stuðlar þú að fjölbreyttu vöruúrvali, styrkir íslenskt hugvit og skapar samfélaginu störf. Það skiptir máli.*

*islensktskiptirmali.is*

FRÉTTABLAÐIÐ
550 5000
RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is
AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is
PRENTUN Torg ehf.
DREIFING Póstdreifing ehf. dreifing@postdreifing.is




BAKÞANKAR

Jóns Sigurðar Eyjólfssonar



# Hvað fá þau sem gáfu mest?

Þegar Soffía frænka skammaði þá Jón Odd og Jón Bjarna nokkuð hastarlega þótti þeim leika vafi á því hvort henni þætti nokkuð vænt um þá bræður. Ekki var nema ein leið til að athuga málið svo Jón Oddur tilkynnti henni, með miklu drama, að Jón Bjarni hefði orðið undir öskubíl og steindáið. Í ljós kom að ást Soffíu var mun meiri en prakkararnir gátu gert sér í hugarlund.

Mér finnst þetta reyndar nokkuð hastarleg aðferð en þó má nota hana að nokkru leyti nú þegar firring flækist fyrir okkur. Til dæmis gæti reynst hollt að hugsa sér að velferðarkerfið hefði orðið undir öskubílnum. Ekki síst í þeim tilfellum þegar hugsunargangur fólks er með því móti einsog að það hafi alltaf verið til staðar eða komið með einhverri óhjákvæmilegri þróun frá útlöndum. Staðreyndin er hins vegar sú að fólk þurfti að hafa býsna mikið fyrir því að gera þetta að veruleika. Og hvar er þetta fólk? Fær það sjálft að njóta þess öryggis sem það hefur búið okkur eða þarf það að treysta á guð og gæfuna? Leyfum við því að vera með eða er það sett út í kuldann um leið og það hættir að skaffa?

Ég heyri ekki mikið frá þessu sómafólki enda er það stundum kallað risaeðlur ef það hefur sig of mikið í frammi. En ef einhver gerði okkur þann grikk að segja að framlag þeirra hefði lent undir öskubílnum fyndum við skjótt sómakenndina til að sýna því óendanlega virðingu og þakklæti. En þangað til …







